

UMFÍ

**UNNG
MENN**

ÁRSSKÝRSLA 2023

53. SAMBANDSÞING UMFÍ | ÁRSREIKNINGUR 2022

**NAAFÉ
LÁAGS
AND
INN**

EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORMANNS	4
SAMBANDSAÐILAR UMFÍ	6

STEFNUMÓTUN

STEFNUMÓTUN - HORFT TIL FRAMTÍÐAR	10
Stefnuhús	10
Markmið starfsáætlunar	10
Nýtt skipurit	11
Breytt vinnulag stjórnar og nefnda	11

UNGMENNA- OG SKÓLABÚÐIR

SKÓLABÚÐIR UMFÍ Á REYKJUM	14
UNGMENNABÚÐIR UMFÍ Á LAUGARVATNI	16

MÓTAHALD OG VIÐBURÐIR

UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ	20
ÍÞRÓTTAVEISLA UMFÍ	24
Drulluhlaup krónunnar	24
Forsetahlaup UMFÍ	24
LANDSMÓT UMFÍ 50+	26

FRÆÐSLA OG FORVARNIR

ÁNÆGJUVOGIN	30
UNGMENNARÁÐ UMFÍ	33
Ungt fólk og lýðræði	33
Skemmtifolkmót	34
Heimsóknir ungmennaráðs	34
SAMSTARFSVERKEFNI	36
Allir með	36
Viðbragðsáætlun	37
Vertu með!	38
Sýnum karakter og 5C's	38

Ráðstefna RIG	38
Forvarnardagurinn	39
Grunnskólamót í blaki	39
Dagur gegn einelti	39
Málþing um nikótín og heilsu	39
Dagur sjálfbóðaliðans	40
VERKFERLAR OG UPPLÝSINGAGJÖF	41
Viðbragðsáætlun	41
Síðareglur	41
Sakavottorð	41
Félagsmálafræðsla	41

MÍÐLUN OG SAMSKIPTI

STARFSSKÝRSLUKERFI ÍÞRÓTTA- OG UNGMENNAFÉLAGSHREYFINGARINNAR	44
Stjórn og iðkendur	44
Félagsmenn	44
ÚTGÁFA OG KYNNINGARSTARF	46
MÁLSVARI HREYFINGARINNAR	48
Umsagnir til Alþingis	48
Ræður og greinaskrif	49
FUNDIR OG SAMSKIPTI	51
44. Sambandsráðsfundur	51
Hvatningarverðlaun	51
Kynning á störfum nefnda	51
Vorfundur 2023	52
Stjórnarfundir	53
Fundir framkvæmdastjórnar	53
Nefndarfundir	53
Heimsóknir til sambandaðila	53
SAMSTARFSADILAR	54
Starfshópar	54
Háskóla- og fræðasamfélagið	55
Sambandsaðilar, fyrirtæki og félagasamtök	56
Erlend samskipti	57

REKSTUR

50 MILLJARÐAR FRÁ UPPHAFI	64
LOTTÓREGLUR OG ÚTHLUTUN TIL SAMBANDSAÐILA	66
STUÐNINGUR STJÓRNVALDA	68
Stuðningur við uppbyggingu landsmótsstaða	68
Ríkisframlag til UMFÍ	68
SJÓÐIR	70
Fræðslu- og verkefnasjóður	70
Umhverfissjóður	71
Lýðháskólastyrkir	72
Ávísun á gott samstarf	72
ÞRASTASKÓGUR	73
TÍMAMÓT Í SÖGU ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR	75

MANNAUÐUR

STARFSFÓLK	79
STJÓRN OG NEFNDIR 2021-2023	80
Stjórn	80
Framkvæmdastjórn	80
Nefndir	81
VIÐURKENNINGAR	82
Heiðursfélagar	82
Gullmerki UMFÍ	82
Starfsmerki UMFÍ	83
VERÐLAUN	84
Hvatningarverðlaun UMFÍ	84
Fyrirmyndarbikarinn	86
Sigurðarbikarinn	86
Umhverfisverðlaun UMFÍ	86
Matmaður UMFÍ	86

ÁRSREIKNINGUR 2022

Áritun óháðs endurskoðanda	90
Skýrsla stjórnar	92
Rekstrarreikningur ársins 2022	94
Yfirlit um rekstur 2022	95
Efnahagsreikningur 31. desember 2022	96
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022	98
Skýringar	99

LÖG UMFÍ

LÖG UMFÍ	109
----------------	-----

ÁVARP FORMANNS

Fyrirliggjandi ársskýrsla endurspeglar fjölbreytt starf UMFÍ. Þrátt fyrir að verkefni séu ólík er markmið þeirra allra hið sama, að þjónusta og styðja við starf sambandsaðila UMFÍ og aðildarféлага þeirra. Þannig verður starf þeirra sterkara og öflugra – samfélaginu til góða.

Mót UMFÍ og viðburðir eru vettvangur tengsla og nýrra kynna, gleði og gamans. Unglingalandsmótið hefur fest sig rækilega í sessi um verslunarmanna-helgina en við þurfum alltaf að vera á tánum og tilbúin að þróast til að vel takist til. Í sumar voru gerðar breytingar á framkvæmdinni, sem skiluðu góðum árangri og var mikil gleði með þær. Landsmót 50+ var haldið með hefðbundnari hætti og var þátttaka mikil. Nýju viðburðirnir undir merkjum Íþróttaveislu UMFÍ sýna að eftirspurn er eftir fjölbreyttari viðburðum þar sem hugsað er út fyrir hið hefðbundna box íþróttaviðburða. Ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði gefur ungu fólki umræðuvettvang sem nauðsynlegt er að sé til staðar fyrir þann aldurshóp. Síðasta ráðstefnan, Að jörðu skaltu aftur verða, var haldin í húsnæði Skólalabúðanna á Reykjum í Hrutafirði í september. Markmið hennar var að efla umhverfisvitund ungs fólks og ræða hvernig við sem einstaklingar getum lagt okkar af mörkum til þess að bæta umhverfi okkar og draga úr áhrifum loftslagsbreytinga.

UMFÍ tók við rekstri Skólalabúðanna á Reykjum sumarið 2022 og hefur starfsfólk þeirra og sveitarstjórn í Húnaþingi vestra unnið sleitulítið að því að endurnýja húsakost og innbú. Samstarfið er til fyrirmyndar, þar sem báðir aðilar leggjast á eitt til að gera aðstöðuna og upplifunina eins og best verður á kosið. Þegar við sjáum bros þeirra sem dvelja í Skólalabúðunum höfum við uppskorið eins og til var sáð.

Rétt eins og í lífinu skiptast á skin og skúrir í starfi okkar. Við höfum staðið frammi fyrir krefjandi málum og tekið erfiðar ákvarðanir. Álag setti mark sitt á okkur og við misstum út starfsfólk vegna þess. Loka þurfti Ungmennabúðum UMFÍ á Laugarvatni vegna myglu og einn leiðbeinenda í Skólalabúðunum að Reykjum varð uppvís að óæskilegri kennslu. Það var erfið upplifun fyrir unga nemendur, samstarfsfólkið á Reykjum og okkur öll sem að starfinu stöndum. Þegar á reyndi kom sér vel að hafa samræmda viðbragðsáætlun, sem UMFÍ vann með Bandalagi íslenskra skáta, Íþróttabandalagi Reykjavíkur, ÍSÍ, KFUM og KFUK ásamt Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Æskulýðsvettvanginum og Samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs. Áætlunin gerði okkur kleift að vinna af festu í málinu. Því vil ég hvetja alla sambandsaðila UMFÍ til að kynna sér viðbragðsáætlunina, sem nær til flestra þátta sem því miður geta komið upp í öllu starfi. Viðbragðsáætlunin á að hjálpa okkur við að takast á við skakkaföll með faglegum hætti og hún reyndist okkur vel.

Síðustu misseri hafa verið tímabil tímamóta í hreyfingunni. Fyrir fjórum árum stigum við stór og söguleg skref þegar þrjú íþróttabandalög urðu aðilar að UMFÍ. Seint á síðasta ári bættist Íþróttabandalag Hafnarfjarðar í hópinn. Með þessum nýju aðilum jókst stærð og kraftur íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar umtalsvert.

Í byrjun þessa árs flutti svo Þjónustumiðstöð UMFÍ í nýuppgerð og glæsilegt húsnæði á þriðju hæð íþróttamiðstöðvarinnar við Engjaveg. Það var stórt skref fyrir UMFÍ og í raun íþróttahreyfinguna alla, því aldrei áður hafa ÍSÍ og UMFÍ verið undir sama þaki.

Enn stöndum við á tímamótum. Fyrir Sambandsþingi UMFÍ liggur tillaga sem er afrakstur af umfangsmiklu samstarfi ÍSÍ og UMFÍ og á að stuðla að nánara samstarfi allrar íþróttahreyfingarinnar og stjórnvalda. Kjarni tillögunnar er að styrkja og efla íþróttahéruðin og þjónusta sambandsaðila betur og af meiri jöfnuði og sanngirni en áður. Þá á fyrirkomulagið að létta álagi af sjálfbóðaliðum um allt land, auka fjármagn til íþróttahreyfingarinnar og gera hreyfingunni betur kleift að koma til móts við ólíkar þarfir iðkenda.

Íþróttahreyfingin á alltaf að vera í fararbroddi. Við verðum að þróast og þroskast með samfélaginu og vera tilbúin að takast á við áskoranir. Fram undan eru verkefni sem hreyfingin þarf að sinna og þeim fylgja kröfur og ábyrgð. Við verðum að skýra verklag okkar, forgangsraða og auka slagkraftinn til að tryggja gott starf fyrir alla, alls staðar. Grípum tækifærin með gleði og gaman að leiðarljósi – það er ungmennafélagsandinn í verki.

Með ungmennafélagskveðju og þökkum fyrir samstarfið,

Jóhann Steinar Ingimundarson,
formaður UMFÍ.



SAMBANDSAÐILAR UMFÍ

Ungmennafélag Íslands er lands samband ungmennafélaga. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar eru 27 talsins sem skiptast í 22 íþróttahéruð og 5 ungmennafélög með beina aðild.

Í nóvember 2022 samþykkti stjórn UMFÍ aðild Íþróttabandalags Hafnarfjarðar (ÍBH) að samtökunum. Yfirleitt eru nýir sambandsaðilar samþykktir á þingum UMFÍ. Á 52. sambandsþingi UMFÍ, sem haldið var á Húsavík árið 2021, var stjórn veitt heimild til að samþykkja aðild íþróttahéraða á milli þinga.

„Ég fagna þessu skrefi og trúi því og treysti að samvinna muni aukast innan íþróttahreyfingarinnar,“ sagði Hrafnkell Marinósson, formaður ÍBH, í kjölfar þessara tímamóta.

Á BLS. 45 ER AÐ FINNA UPPLÝSINGAR UM STÆRÐ SAMBANDSAÐILA.



HÉRAÐSSAMBANDIÐ HRAFNA-FLÓKI
HHF



HÉRAÐSSAMBAND BOLUNGARVÍKUR
HSB



HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN
HSK



HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU
HSH



ÍÞRÓTTABANDALAG AKRANESS
ÍA



HÉRAÐSSAMBAND STRANDAMANNA
HSS



ÍÞRÓTTABANDALAG AKUREYRAR
ÍBA



HÉRAÐSSAMBAND VESTFIRÐINGA
HSV



ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR
ÍBH



HÉRAÐSSAMBAND ÞINGEYINGA
HSP



ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR
ÍBR



**UNGMENNA- OG
ÍPRÓTTASAMBAND
AUSTURLANDS**
UÍA



**UNGMENNASAMBAND
VESTUR-HÚNVETNINGA**
USVH



**UNGMENNA- OG
ÍPRÓTTASAMBAND
FJALLABYGGÐAR**
UÍF



**UNGMENNASAMBAND
VESTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU**
USVS



**UNGMENNASAMBAND
AUSTUR-HÚNVETNINGA**
USAH



**UNGMENNASAMBANDIÐ
ÚLFLJÓTTUR**
USÚ



**UNGMENNASAMBAND
BORGARFJARÐAR**
UMSB



**KEFLAVÍK ÍPRÓTTA-
OG UNGMENNAFÉLAG**
Keflavík



**UNGMENNASAMBAND
DALAMANNA OG
N-BREIÐFIRÐINGA**
UDN



**UNGMENNAFÉLAG
GRINDAVÍKUR**
UMFG



**UNGMENNASAMBAND
EYJAFJARÐAR**
UMSE



**UNGMENNAFÉLAG
NJARÐVÍKUR**
UMFN



**UNGMENNASAMBAND
KJALARNESPINGS**
UMSK



**UNGMENNAFÉLAGIÐ
VESTURHLÍÐ**
V



**UNGMENNASAMBAND
SKAGAFJARÐAR**
UMSS



**UNGMENNAFÉLAGIÐ
ÞRÓTTUR**
UMFÞ



A background image showing a person's hand in a red sleeve reaching out on a reddish-brown running track. The background is blurred, showing green grass and a building in the distance. A large blue diagonal banner is overlaid on the right side of the image.

STEFNUMÓTUN

STEFNUMÓTUN - HORFT TIL FRAMTÍÐAR

Árið 2021 kom út stefna sambandsins sem ber yfirskriftina Horft til framtíðar. Stefna UMFÍ fylgir starfsáætlun til næstu þriggja ára. Undir stefnuþáttunum fimm er að finna fjórtán markmið. Undir hverju markmiði eru sérstakar áherslur sem skiptast í aðgerðir.

STEFNUHÚS

Stefnuhús UMFÍ sýnir á myndrænan hátt hlutverk, gildi, framtíðarsýn og stefnuþættina sem stefna UMFÍ hvílir á. Starf þeirra félaga sem mynda UMFÍ snýst um að efla, styrkja og byggja upp fólk með íþróttá-, félags- og æskulýðsstarfi.



MARKMIÐ STARFSÁÆTLUNAR

Stefna UMFÍ samanstendur af 5 stefnuþáttum, 14 markmiðum, 37 undirmarkmiðum og 89 aðgerðum. Hér er yfirlit yfir markmið starfsáætlunarinnar og fjölda aðgerða sem er lokið.

STARFSEMI

Stefnuþætti fylgir 2 markmið, 6 undirmarkmið og 22 aðgerðir. 20 aðgerðum er lokið.

LEIÐIR

Stefnuþætti fylgir 4 markmið, 8 undirmarkmið og 22 aðgerðir. 20 aðgerðum er lokið.

VERKLAG

Stefnuþætti fylgir 3 markmið, 8 undirmarkmið og 13 aðgerðir. 9 aðgerðum er lokið.

MANNAUÐUR

Stefnuþætti fylgir 3 markmið, 9 undirmarkmið og 17 aðgerðum. 16 aðgerðum er lokið.

FJÁRMÁL

Stefnuþætti fylgir 2 markmið, 6 undirmarkmið og 15 aðgerðir. Öllum aðgerðum er lokið.

Hægt er að kynna sér stefnu UMFÍ með ítarlegri hætti á vef UMFÍ.

80 af 89

aðgerðum er lokið

BREYTT VINNULAG STJÓRNAR OG NEFNDA

Til þess að auðvelda yfirsýn og deilingu verkefna var ákveðið eftir Sambandsþing UMFÍ 2021 að endurskoða nefndir UMFÍ og skipan í þær. Nefndum var fækkað ásamt fulltrúum í hverri nefnd. Í dag eru tíu nefndir hjá UMFÍ með færri fulltrúum í en áður. Á vef UMFÍ eru upplýsingar um nefndir UMFÍ, fulltrúa og erindisbréf nefndanna.

Í erindisbréfum nefnda kemur m.a. fram hvaða verkefnum nefndin hefur ábyrgð á gagnvart stefnunni – það er að segja, hvaða verkefnum nefndin á að standa skil á og hvenær þeim á að vera lokið.

Á fundum stjórnar UMFÍ gerir formaður hverrar nefndar grein fyrir stöðu verkefna, hvernig þau ganga og hvar þau standa. Fylgst er með stöðu verkefna á heildaryfirliti.

Á yfirlitinu sem lagt er fyrir á fundi stjórnar er annars vegar að finna töflu um yfirlit verkefna, hvert verkefnið er, stöðuna á því, áætluð verklok og ábyrgðaraðila yfir því. Hins vegar er að finna töflu með yfirliti aðgerðaráætlunar. Þar má jafnframt sjá hver verkþátturinn er, stöðu hans, áætluð verklok og hvaða nefnd ber ábyrgð á verkefninu.

NÝTT SKIPURIT

Í janúar 2023 tók nýtt skipurit fyrir starfsemi UMFÍ gildi. Markmiðið er að skýra enn betur ábyrgð og hlutverk starfsfólks UMFÍ.

NÝTT SKIPURIT UMFÍ







UNGMENNNA- OG SKÓLABÚÐIR

SKÓLABÚÐIR UMFÍ Á REYKJUM

Haustið 2022 tók UMFÍ við rekstri Skólabúðanna að Reykjum í Hrútafirði. Árlega heim-sækja búðirnar um 3.200–3.600 nemendur í 7. bekk og umsjónarfólk af öllu landinu og dvelja þar frá mánudegi til fimmtudags. Í búðunum fá nemendur tækifæri til þess að efla leiðtogaþæfni og sjálfsmynd og þroska styrkleika sína.

Í Skólabúðum UMFÍ kynnast ungmenni styrkleikum sínum og veikleikum og læra að vinna með þá til að bæta félagsþæfni sína. Lífið í búðunum snýst að miklu leyti um samskipti og samveru. Dvölin er tilvalin til þess að kúpla sig frá daglegu lífi og njóta samverunnar með öðrum. Í skólabúðunum er nemendum einnig kynnt saga og atvinnuhættir á landsbyggðinni með skipulagðri safnakennslu í samstarfi við Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna.

MIKLAR ENDURBÆTUR

Sveitarstjórn sveitarfélagsins Húnaþings vestra og UMFÍ hafa saman unnið að umfangsmiklum endurbótum á öllu húsnæði Skólabúðanna á Reykjum. Vel má segja að iðnaðarfolk hafi verið að störfum í búðunum frá því að UMFÍ tók við rekstrinum sumarið 2022.

Skólabúðirnar eru í nokkrum skemmtilegum húsum á Reykjum, þar á meðal í eftirtektarverðu húsi sem Guðjón Samúelsson, einn þekktasti byggingameistari ríkisins, teiknaði. Í sumar var skipt um alla glugga í húsi sem kallast Grundin og er heimavistin í Skólabúðunum. Að auki er búið að mála allt hátt og lágt, skipta um gólfefni á stórum hluta allra húsa, endurnýja húsbúnað, rúm og dýnur og taka alla gistaðstöðu í gegn. Einnig er búið að umbylta aðstöðu fyrir kennara og aðra gesti með það fyrir augum að bæta upplifun þeirra. Starfsfólk skólanna sem hefur komið reglulega í gegnum árin segir mikla breytingu hafa orðið á húsnæðinu og að nemendurnir njóti þess virkilega að koma í Skólabúðirnar.

UMFANGSMESTA VERKEFNI UMFÍ

Skólabúðirnar á Reykjum eru nú orðnar stærsta og umfangsmesta verkefni UMFÍ. Húsakostur og starfsemin öll bjóða upp á mikla möguleika til að miðla áfram gildum ungmennafélags-hreyfingarinnar til nýrra kynslóða.

Stjórnvöld hafa stutt vel við rekstur Skólabúðanna og þann 9. ágúst 2023 var undirritaður einskipti-samningur á milli mennta- og barnamálaráðuneytisins og UMFÍ vegna stuðnings við rekstur búðanna. Stuðningurinn hljóðaði upp á 20 milljónir króna.

STARFSFÓLK

Töluverð endurnýjun átti sér stað á starfsmannahópi búðanna fyrir skólaárið 2023–2024. Starfsmannahópurinn er þéttur og tilbúinn að skapa góða upplifun fyrir nemendur. Þetta eru átta heilsársstörf og einn starfsmaður sem er í verktakavinnu.

Í Skólabúðum UMFÍ að Reykjum starfa á skólamisserinu 2023/2024 Sigurður Guðmundsson forstöðumaður, frístundaleiðbeinendurnir Hulda Signý Jóhannesdóttir, Ingimar Oddsson, Luis Augusto Aquino og Rannveig Aðalbjörg Hjartardóttir, kokkurinn Gísli Kristján Kjartansson, Oddný Bergsveina Ásmundsdóttir sem er hans hægri hönd í eldhúsinu, Elmar Davíð Hauksson sem sér um þrif og Róbert Júlíusson, húsvörður í verktakavinnu.

Í mars 2023 kom upp óæskilegt atvik í kennslustund leiðbeinanda. UMFÍ vann að málinu í góðu samráði við stjórnendur skólans og foreldra nemenda. Unnið var eftir samræmdum verkferlum samskiptaráðgjafa í íþrótta- og æskulýðsstarfi.

UPPLIFA MARGT NÝTT Í SKÓLABÚÐUNUM

„Þetta eru geggjáðar breytingar, allt gekk snurðulaust fyrir sig og nemendunum fannst allt svo gaman í Skólabúðunum. Þar þéttist hópurinn og vinasamböndin verða betri,“ segir Una Kristjánsdóttir, umsjónarkennari í 7. UK í Hvassaleitisskóla. Hún og Óskar Már Grétarsson, íþróttakennari skólans, voru með hóp nemenda frá skólanum í Skólabúðunum á Reykjum í Hrutafirði í október.

Þetta var fjórða skiptið sem Una dvelur í Skólabúðunum, en þangað kom hún fyrst sem nemandi í 7. bekk. Hún var ein af þeim fyrstu sem dvöldu í búðunum eftir að UMFÍ tók við rekstri þeirra og segir miklar framfarir hafa orðið síðan þá.

„Nemendurnir læra heilmikið, fara í hóp-efli og leiki, fá fræðslu á Byggðasafninu og læra heilmikið um sveitina og sveitalífið. Þeim fannst það mjög gaman, meira að segja að lykta af kúaskítinum.“

Talsverð eftirspurn er eftir því að leigja út aðstöðu Skólabúðanna á Reykjum utan skólatíma, um helgar, á frídögum og yfir sumarið.

Gleði, traust og samvinna eru gildi UMFÍ. Þau endurspeglast í ungmennafélagsandanum sem felur í sér að bæta sjálfan sig og samfélagið um leið.



UNGMENNABÚÐIR UMFÍ Á LAUGARVATNI

Haustið 2019 var starfsemi Ungmennabúða UMFÍ flutt frá Laugum í Sælingsdal að Laugarvatni í Bláskógabyggð. Starfsemin var fyrir nemendur í 9. bekk grunnskóla um allt land og áttu þeir kost á að dvelja þar frá mánudegi til föstudags við leik og störf.

Markmið með dvölinni var að styrkja félagsfærni nemenda og efla vitund þeirra fyrir umhverfi sínu og samfélagi ásamt því að heilbrigðum lífsstíl var gert hátt undir höfði. Nemendur fengu tækifæri til þess að stíga út fyrir þægindarammann og læra að vinna með öðrum að sameiginlegum markmiðum.

Árlega komu rúmlega 2.000 ungmenni í búðirnar og voru þær fullbókaðar ár eftir ár. Starfsemi búðanna var í miklum blóma haustið 2022 og allt fram til áramóta 2023.


Í febrúar 2023 greindist mygla og rakaskemmdir í húsnæði Ungmennabúðanna. Í kjölfarið var starfsemin stöðvuð. Stjórnendur sveitarfélagsins Bláskógabyggðar, sem eiga húsið og leigðu það til UMFÍ, höfðu ekki tók á að fara í nauðsynlegar framkvæmdir til þess að halda starfsemi búðanna áfram. Kannað var hvort UMFÍ hefði áhuga á að kaupa húsnæðið. Stjórn og stjórnendur UMFÍ mátu sem svo að áætlaður kostnaður við kaup og framkvæmdir á húsnæði Ungmennabúðanna væri af þeirri stærðargráðu að ekki væri skynsamlegt fyrir UMFÍ að takast slíkar skuldbindingar á hendur. Á þeim forsendum var ákveðið að UMFÍ myndi ekki kaupa húsnæði Ungmennabúðanna á Laugarvatni. Sveitarfélagið var upplýst um ofangreindar forsendur, sem lágu að baki ákvörðuninni.

Sú ákvörðun að hætta starfsemi Ungmennabúðanna hafði verulegan kostnað og tjón í för með sér fyrir UMFÍ. Fullbókað var í búðirnar út skólaárið og nokkrir hópar áttu bókaða dvöl í búðunum yfir sumarið. Að auki lá fyrir að segja þurfti upp starfsfólki, farga húsbúnaði og flytja ýmsa muni frá Laugarvatni. Ýmiss konar kostnaður féll því til vegna málsins.

Óskað var eftir því að sveitarfélagið Bláskógabyggð kæmi til móts við kostnað og tjón UMFÍ. Samkomulag þess efnis náðist í byrjun október 2023.

Öllu starfsfólki sem komið hefur að starfi Ungmennabúðanna í gegnum tíðina vill UMFÍ þakka innilega fyrir ómetanlegt framlag og vonar að þær minningar sem starfsemi búðanna skilur eftir verði öllum gott veganesti til framtíðar. UMFÍ hefur fundið fyrir miklum utan- aðkomandi stuðningi og fengið fjölmargar fyrirspurnir varðandi áframhaldandi rekstur Ungmennabúðanna. UMFÍ mun halda þeim möguleika opnum að hefja starfsemi Ungmennabúðanna að nýju þegar rétta tækifærið gefst.

UMFÍ er framsækin hreyfing, sýnir frumkvæði
og vinnur að markmiðum sínum á faglegan hátt.







MÓTAHALD OG VIÐBURÐIR

UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina, dagana 3.–6. ágúst. Unglingalandsmótið hafði síðast verið haldið á Sauðárkróki árið 2014. Móts-haldarar ásamt UMFÍ voru Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS) og sveitarfélagið Skagafjörður.

Ómar Bragi Stefánsson var framkvæmdastjóri mótsins eins og fyrri ár. Pálína Ósk Hraundal var ráðin verkefnastjóri mótsins, sem ásamt framkvæmdanefnd mótsins stóð fyrir skipulaginu. Starfsfólk og stjórn UMFÍ komu einnig að framkvæmd þess.

Í framkvæmdanefnd voru:

- Aldís Hilmarsdóttir UMSS, formaður
- Reimar Marteinsson UMSS, gjaldkeri
- Þorvaldur Gröndal UMSS, ritari
- Freyja Rut Emilsdóttir UMSS, keppnisstjórn
- Sigurður Hauksson UMSS, keppnisstjórn
- Jóhann Sigmarsson UMSS, keppnisstjórn
- Heba Guðmundsdóttir UMSS, afþreyingarstjórn
- Magnea Rúnarsdóttir UMSS, afþreyingarstjórn
- Markús Máni Gröndal UMSS, afþreyingarstjórn
- Sigurður Bjarni Rafnsson UMSS, öryggisstjórn
- Friðrik Hreinsson UMSS, öryggisstjórn
- Gunnar Þór Gestsson UMSS, tjaldbúða- og svæðisstjórn
- Guðlaugur Skúlason UMSS, tjaldbúða- og svæðisstjórn
- Sólborg Sigurrós Borgarsdóttir UMSS, tjaldbúða- og svæðisstjórn
- Ingvar Páll Ingvarsson UMSS, tjaldbúða- og svæðisstjórn
- Jón Daníel Jónsson UMSS, veitingastjórn
- Málfríður Sigurhansdóttir, fulltrúi stjórnar UMFÍ
- Daði Þór Jóhannsson, fulltrúi Ungmennaráðs UMFÍ
- Pálína Ósk Hraundal, verkefnastjóri
- Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri mótsins

Nokkrar stórar breytingar voru gerðar á mótinu frá fyrri árum. Keppni í frjálsum íþróttum var á tveimur dögum í stað þriggja og keppni í fjölmennum greinum á borð við knattspyrnu og körfubolta var aðeins í einn dag. Það sama gilti um grasblak og grashandbolta. Þetta létti álagi á bæði mótsgestum og þeim þátttakendum sem voru skráðir í tvær greinar eða fleiri sem hófust ýmist um svipað leyti eða með stuttum tíma á milli.

KYNNINGARMÁL

Ákveðið var að brydda upp á nýbreytni í kynningu á mótinu. Stjórn UMFÍ hafði ákveðið að leggja til tveggja milljóna króna aukaframlag til að fá fyrirtæki til að sjá um kynningarmál mótsins á samfélagsmiðlum. Fyrir valinu varð markaðsfyrirtækið Digido, sem sérhæfir sig í auglýsingum á stafrænum miðlum (s.s. samfélagsmiðlum og leitarvélum).

Eftirtektarvert var hvað sambandsaðilar UMFÍ voru ötulir við dreifingu á auglýsingaefni mótsins. Það er sjaldséð og var afskaplega þakklátt að sjá hversu vel var tekið undir mótið innan íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar. Sér sambönd innan ÍSÍ dreifðu líka auglýsingum á sínum miðlum og fjölluðu um mótið. Það var frábær nýlunda og mögulega merki um mun meira og betra samneyti UMFÍ við íþróttahreyfinguna alla en áður.

Eins og venjulega var gefið út sérstakt mótsblað með helstu upplýsingum um mótið. Blaðinu var dreift til þátttakenda og þeirra sem á svæðinu voru. Í blaðinu voru ávörp formanns framkvæmdastjórnar UMFÍ og sveitarstjóra Skagafjarðar. Í blaðinu voru helstu upplýsingar um mótið, greinar og afþreyingu.

SKRÁNINGAR FRÁ SAMBANDSAÐILUM

	KK	KVK	ALLS
HHF	6	0	6
HSB	1	1	2
HSK	60	48	108
HSS	7	2	9
HSV	1	0	1
HSP	17	15	32
IA	9	4	13
IBA	77	47	124
IBH	12	15	27
IBR	21	35	56
UDN	8	6	14
UIA	25	21	46
UIF	2	3	5
UMSB	26	24	50
UMSE	29	21	50
UMSK	61	38	99
UMSS	96	98	194
USAH	8	23	31
USÚ	15	1	16
USVH	2	13	15
USVS	23	5	28
UMFG	2	0	2
KEF	12	7	19
UMFN	1	1	2
UMPF	0	0	0
VES	0	0	0
Án félags	39	30	69
	560	458	1.018

Þjónustumiðstöð mótsins var opnuð á fimmtudeginum, sama dag og mótið hófst í íþróttahúsinu á Sauðárkróki. Þjónustumiðstöðin var opin alla daga mótsins og veitti þátttakendum og gestum ýmsar upplýsingar um mótahaldið og svæðið. Þar náðu þátttakendur jafnframt í mótsgögn.

KEPPNISGREINAR

Keppnisgreinar voru eftirfarandi: biathlon, bogfimi, frísbíggolf og frjálsar íþróttir, golf og grasblak, grashandbolti, hestaíþróttir, hjólreiðar, júdó og knattspyrna, kökuskreytingar, körfubolti, pílukast, skák, sund, stafsetning og upplestur.

Keppnin gekk vel fyrir sig undir stjórn sérgreinastjóra og sjálfbodaðila.

Mótssætning var með hefðbundnu sniði og fór fram á íþróttavellinum á Sauðárkróki á föstudagskvöldinu. Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, flutti ávarp og setti mótið. Hópur fimleikadregja sýndi listir sínar auk þess sem knattspyrnukappinn Andrew Henderson sýndi hvernig hann gat haldið bolta á lofti með alls konar hætti. Þá gengu þátttakendur inn á svæðið með fána sambandsaðila sinna.

Mótsslitin fóru einnig fram á íþróttavellinum rétt fyrir miðnætti á sunnudeginum. Þetta kvöld voru ekki tónleikar í samkomutjaldi heldur brekkusöngur. Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, tilkynnti að þátttakendur Ungmennasambands Vestur-Skaftafellssýslu (USVS) hefðu unnið Fyrirmyndarbikar UMFÍ. Hluti þátttakenda og Erla Þórey Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri USVS, tók við bikarnum. Að því loknu sleit Jóhann Steinar mótinu og flugeldum var skotið á loft.

1.018

þátttakendur

TÓNLEIKAR

Afþreying spilaði stóran þátt á mótinu. Margir tónlistarmenn stigu á stökk. Plötusnúðurinn DJ Heisi kom fram á fimmtudagskvöldinu, skagfirski hljómsveitin Danssveit Dósa spilaði á föstudeginum og Emmsjé Gauti, Valdís og Herra Hnetusmjör spiluðu á laugardagskvöldinu. Sú nýbreytni var á sunnudagskvöldinu að tónleikar voru ekki í samkomutjaldinu. Þess í stað var brekkusöngur þar sem fram komu Jón Arnór og Baldur, Magni Ásgeirsson og Guðrún Árný.

STYRKARAÐILAR

Helstu styrktaraðilar voru: Fisk Seafood, Íslenskar getraunir, Kaupfélag Skagfirðinga, Mjólkursamsalan, Powerade, Steinull og Steypustöð Skagafjarðar.

HEILDARFJÖLDI ÞÁTTTAKENDA

2023	Sauðárkrókur	1.018
2022	Selfoss	959
2021	Selfoss	Frestað
2020	Selfoss	Frestað
2019	Höfn í Hornafirði	960

98%

þátttakenda myndu mæla með mótinu við aðra

77%

þátttakenda upplifði opnu viðburði mótsins mjög góða eða góða


92%

þátttakenda fannst framkvæmd mótsins takast mjög vel eða vel

77%

þátttakenda fannst að hafa liðsgreinar í tímaslottum eftir aldri mjög góð eða góð





ÍPRÓTTAVEISLA UMFÍ

Íþróttaveisla UMFÍ er yfirheiti yfir nýja og styttri viðburði á vegum UMFÍ og ýmsa samstarfsaðila, hvort heldur eru aðildarfélag sambandsaðila UMFÍ eða fyrirtæki. Viðburðir undir merkjum Íþróttaveislu UMFÍ voru haldnir fyrst sumarið 2022 í tilefni af 100 ára afmæli UMSK.

DRULLUHLAUP KRÓNUNNAR

Drulluhlaup Krónunnar var haldið í Mosfellsbæ laugardaginn 12. ágúst í samstarfi við Ungmennafélagið Aftureldingu. Um fjölskylduhlaup var að ræða. Hlaupaleiðin var 3,5 km löng með rúmlega 20 þrautum. Búið var að undirbúningi frá því ári fyrr. UMFÍ sá um gerð grunna að auglýsingum en Krónan aðlagði þær markaðsefni sínu. Krónan sá um birtingar og fjármögnun auglýsinga.

Þegar hlaupið fór fyrst fram sumarið 2022 voru þátttakendur 400. Stefnt var að tvöföldun. Það gekk eftir. Skipuleggjendur telja mögulegt að stækka hlaupið enn meira en talsvert margir sem vildu taka þátt í því þegar búið var að loka fyrir skráningu kvöldið áður.

Bæði upphaf og endir hlaupsins var við íþróttamiðstöðina að Varmá. Eva Ruza og útvarpsmaðurinn Gústi B. sáu um að halda fjörinu uppi. Allt svæðið var skreytt með fánum, myndasvæði fyrir þátttakendur og Krónuhjóli, sem skreytt var ávöxtum og grænmeti sem þátttakendur gátu nýtt sér og snætt af. Sérstakt drullusvæði var búið til fyrir yngstu þátttakendur og skolsvæði var fyrir alla. Allir þátttakendur fengu frítt í sund til að skola af sér eftir hlaupið.

Þátttakendur í hlaupinu voru á öllum aldri. Nýjar þrautir voru settar upp á stöku stað auk þess sem þátttakendur þurftu að vaða meiri drullu í fiskikerjum.

FORSETAHLAUP UMFÍ

Forsetahlaup UMFÍ var haldið á Patreksfirði laugardaginn 2. september í samstarfi við Héraðssambandið Hrafna-Flóka. Í boði voru þrjár hlaupavegalengdir, einn kílómetri, 2,5 km og 5 km. Um var að ræða fjölskylduhlaup sem Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, tók virkan þátt í. Hann hljóp 5 km. Upphaf og endir hlaupsins var við íþróttamiðstöðina á Patreksfirði. Ræst var klukkan 10:00. Stefnt var að miklu húllumhæi framan við íþróttamiðstöðina. Hávaðarok og rigning um nóttina og fyrr um morguninn gerðu þær væntingar að engu. Þess í stað var sett upp leiksvæði í íþróttahúsinu sem margir nýttu sér.

Um 80 manns tóku þátt í hlaupinu og var mikil ánægja með það.

„Mig langar svo að segja fólkinu mínu að ég hafi hlaupið með forsetanum. Það er mjög merkilegt að geta það og hafa gert það.“


Joanna Pietrzyk-Wiszniewska,
þátttakandi í Forsetahlaupi UMFÍ

800

þátttakendur

80

þátttakendur



LANDSMÓT UMFÍ 50+

Landsmót UMFÍ 50+ fór fram í Stykkishólmi dagana 23.–25. júní. Þetta var 11. skiptið sem mótið er haldið en það fyrsta var haldið árið 2011. Þetta var jafnframt fyrsta skiptið sem mótið var haldið í Stykkishólmi. Mótshaldarar með UMFÍ voru Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu (HSH) og sveitarfélagið Stykkishólmur.

Ómar Bragi Stefánsson var starfsmaður mótsins af hálfu UMFÍ en Gunnhildur Gunnarsdóttir, sem þá hafði nýverið tekið við sem framkvæmdastjóri HSH, vann ásamt Magnúsi Bæringssyni, íþrótt- og æskulýðsfulltrúa Stykkishólms, ötullega að undirbúningi þess og framkvæmd ásamt framkvæmdanefnd.

Í framkvæmdanefnd mótsins voru:

- Hjörleifur K. Hjörleifsson HSH, formaður
- Garðar Svansson HSH, gjaldkeri
- Magnús Ingi Bæringsson HSH, keppnisstjóri
- Gunnhildur Gunnarsdóttir HSH, keppnisstjórn
- Kristfríður Stefánsdóttir HSH, ritari
- Hjördís Pálsdóttir HSH, veitinga- og afþreyingarstjóri
- Guðmunda Ólafsdóttir, fulltrúi stjórnar UMFÍ
- Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri mótsins

Mótið var haldið sömu helgi og Danskir dagar í Stykkishólmi, sem höfðu ekki verið haldnir á þessum tíma ársins áður. Af þeim sökum var gert ráð fyrir möguleikanum á því að yngri þátttakendur gætu viljað taka þátt í mótinu. Sú nýbreytni var því tekin upp að 18 ára og eldri gátu líka tekið þátt í mörgum greinum. Munur var gerður á greinum fyrir fólk öðru hvoru megin við fimmtugt. Annar hópurinn fékk hvít armbönd en hinn rauð. Þegar á hólminn var komið reyndust yngri þátttakendur töluvert yngri en 18 ára.

Þátttakendur voru 306, sem var yfir meðal-lagi undangenginna ára. Til samanburðar voru 216 þátttakendur á mótinu þegar það var haldið í Borgarnesi ári fyrr. Vandræði voru með skráningarkerfi mótsins, sem var hannað fyrir UMFÍ. Það reyndist ekki vel og er ljóst að leggja þarf betri grunn að skráningarkerfi fyrir viðburði UMFÍ.

Mótið var sett á föstudagskvöldinu og fór setningin fram í íþróttahúsinu í Stykkishólmi. Gunnar Þór Gestsson, varaformaður UMFÍ og Jakob Björgvin S. Jakobsson, bæjarstjóri Stykkishólms fluttu ávarp. Setningin var að öðru leyti með hefðbundnu sniði, með fánahyllingu og tónlistaratriði.

Í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ var gefið út sérstakt mótsblað sem innihélt helstu upplýsingar um mótið en var öðru fremur birtingaleið fyrir bakhjarla mótsins. Meginuppistaða blaðsins var því auglýsingar, styrktarlínur og ýmislegt tengt bakhjörllum.

Skipulag mótsins var nokkuð hefðbundið. Þjónustumiðstöð var opnuð degi fyrir mót og var opin alla mótisdagana. Þar fengu þátttakendur mótsgögn. Mótið hófst í brakandi blíðu á föstudegi, setningarathöfn var síðar um kvöldið. Að þessu sinni var ekki matar- og skemmtikvöld eins og á fyrri mótum. Talsvert álag var á stóru tjaldsvæði bæjarins og var því kærkomið að fá hitaskúr í lok laugardags og að morgni sunnudags til að kæla mótsgesti.

HEILDARFJÖLDI ÞÁTTTAKENDA

2023	Stykkishólmur	306
2022	Borgarnes	216
2021	Borgarnes	Frestað
2020	Borgarnes	Frestað
2019	Neskaupstaður	266

306
þátttakendur

KEPPNISGREINAR

Boðið var upp á eftirfarandi greinar á mótinu fyrir 50 ára og eldri með hvítt armband: Boccía, bridds, frjálsar íþróttir, golf, götuhlaup, hestaíþróttir, hjólreiðar, körfubolti, pútt, ringó, skák, stígvélakast og stund.

Auk greina fyrir 50 ára og eldri var öðrum aldursþópum kleift að taka þátt í mótinu. Þeir þátttakendur keyptu hvít armbönd og gátu tekið þá í eftirfarandi greinum og viðburðum: Badminton, biathlon (hlaupaskotfími), borðtennis, frísbíggí, hádegisjóga, leikjagarði, petanque, pílukasti og sundleikfími.

STYRKARAÐILAR

Helstu styrktaraðilar mótsins voru Arion banki og Landsbankinn, B. B. synir, KG, Skipavík, Sæfell, og Þórsnes. Fjöldi smærri bakhjarla styrkti mótið sömuleiðis. Auglýsingar þeirra, lógó og styrktarlínur voru í mótaskrá.

SKRÁNINGAR FRÁ SAMBANDSAÐILUM

	KK	KVK	ALLS
HSB	1	0	1
HSH	26	17	43
HSK	15	7	22
HSS	4	2	6
HSV	13	3	16
HSP	4	1	5
IA	1	2	3
IBA	5	3	8
IBH	7	0	7
IBR	8	4	12
UIA	1	1	2
UMSB	25	17	42
UMSE	6	0	6
UMSK	14	16	30
USAH	2	1	3
USVS	3	6	9
USVS	1	2	3
Án félags	62	26	88
	198	108	306





FRÆDSLÅ OG FORVARNIR

ÁNÆGJUVOGIN

Ánægjuvugin er unnin af Rannsóknnum og greiningu fyrir UMFÍ og ÍSÍ. Rannsóknir og greiningu hafa lagt spurningalista fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk frá árinu 1992 undir verkefnaheitinu Ungt fólk. UMFÍ og ÍSÍ hafa nýtt niðurstöður úr Ánægjuvuginni frá árinu 2012 til þess að fylgjast með þróun íþróttaiðkunar 13–15 ára ungmenna, ánægju þeirra með íþróttir, þjálfara og fleiri þætti tengda lýðheilsu og heilbrigði.

Í Ánægjuvuginni eru líka skoðaðir ýmsir þættir sem snúa að íþróttaiðkun og tengslum við heilsu- far, svo sem vímuefnaneysla, námsárangur, andleg og líkamleg heilsa, svefn og neysla orkudrykkja.

Dæmi um spurningar í Ánægjuvuginni: Hversu ánægð/ánægður ertu með íþróttafélagið, þjálfarann og aðstöðuna og helstu áhersluatriði þjálfarans í starfinu?

Árið 2022 var niðurstöðum Ánægjuvogarinnar skipt upp eftir heilbrigðisumdæmum landsins (höfuðborgarsvæðið, Austurland, Norðurland, Suðurland, Suðurnes, Vestfirðir og Vesturland) í stað hvers íþróttahéraðs. Með þeim hætti mátti bera niðurstöðurnar saman við lýðheilsuvísa Embættis landlæknis. Að auki fékk hvert félag sem er með fleiri en 15 iðkendur sérstaka skýrslu með lykiltölum fyrir félagið. Í nokkrum tilvikum þar sem tiltölulega fáir þátttakendur svöruðu spurningalistunum voru útbúnar skýrslur fyrir sveitarfélagið.

FÉLÖG SEM FENGU SKÝRSLU MEÐ LYKILTÖLUM

- Badmintonfélag Hafnarfjarðar
- Dalvík (öll félög)
- Fimleikafélag Akraness
- Fimleikafélag Akureyrar
- Fimleikafélagið Björk
- Fimleikafélag Hafnarfjarðar
- Fjallabyggð (öll félög)
- Glímufélagið Ármann
- Golfklúbbur Akureyrar
- Golfklúbburinn Keilir
- Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar
- Golfklúbbur Mosfellsbæjar
- Golfklúbbur Reykjavíkur
- Handknattleiksfélag Kópavogs
- Hestamannafélagið Fákur
- Hestamannafélagið Sprettur
- Hestamannafélagið Sörli
- Hornafjörður (öll félög)
- Keflavík, íþrótt- og ungmennafélag
- Klifurfélag Reykjavíkur
- Knattspyrnufélag Akureyrar
- Knattspyrnufélag Reykjavíkur
- Knattspyrnufélagið Fram
- Knattspyrnufélagið Haukar
- Knattspyrnufélagið Valur
- Knattspyrnufélagið Víkingur
- Knattspyrnufélagið Þróttur
- Íþróttabandalag Akraness
- Íþróttabandalag Vestmannaeyja
- Íþróttafélagið Fylkir
- Íþróttafélagið Gerpla
- Íþróttafélagið Gróttu
- Íþróttafélagið Höttur
- Íþróttafélagið Vestri
- Íþróttafélagið Völsungur
- Íþróttafélagið Þór
- Íþróttafélag Reykjavíkur
- Ungmennafélagið Afturelding
- Ungmennafélagið Breiðablik
- Ungmennafélag Grindavíkur
- Ungmennafélagið Fjölnir
- Ungmennafélagið Njarðvík
- Ungmennafélag Selfoss
- Ungmennafélagið Skallagrímur
- Ungmennafélagið Stjarnan
- Ungmennafélagið Tindastóll
- Ungmennafélagið Þróttur Vogum
- Snæfellsbær (öll félög)
- Suðurnesjabær (öll félög)
- Sundfélag Hafnarfjarðar
- Skylmingafélag Reykjavíkur
- Ungmennafélagið Sindri
- Tennis og badmintonfélag Reykjavíkur
- Tennisfélag Kópavogs

JÁKVÆÐAR UNDIRTEKTIR RÁÐHERRA

Þann 18. janúar 2023 fór Margrét Lilja Guðmundsdóttir, sérfræðingur hjá Rannsóknnum og greiningu, og fulltrúar íþróttahreyfingarinnar á fund með Ásmundi Einari Daðasyni, mennta- og barnamálaráðherra. Á fundinum kynntu þau fyrir honum niðurstöður Ánægjuvogarinnar 2022.

Margrét Lilja ræddi um tækifærin sem felast í nýtingu upplýsinga úr Ánægjuvuginni, kosti skipulags íþróttastarfs fyrir börn og ungmenni, þátttöku barna af erlendum uppruna í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi og margt fleira. Ráðherra tók afar vel í kynninguna og kom með góðar vangaveltur um málið, velti ýmsu sem hann taldi geta nýst til framtíðar og öðrum þáttum sem snúa að farsæld barna og ungmenna.

BESTA FORVÖRNIN ER ÞÁTTTAKA Í SKIPULÖGÐU ÍÞRÓTTASTARFI

Niðurstöður Ánægjuvogarinnar 2022 áréttu mikilvægi þess að halda börnum í skipulögðu íþróttastarfi, hampa fyrirmyndum og gæta þess að íþróttir séu fyrir alla. Forsendurnar eru þær að mikill meirihluti iðkenda er ánægður með íþróttafélagið sitt, þjálfara og æfingaaðstöðuna. Félagslíf ungra iðkenda með liðum sínum er jafnframt gott.

Til áhersluauka hefur verið sýnt fram á að þeim börnum og ungmennum sem stunda íþróttir í skipulögðu starfi líður almennt betur en börnum sem ekki eru í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Þau eru líka ólíklegri til að nota vímuefni, nikótín og orkudrykki. UMFÍ hvetur sambandsaðila til þess að kynna sér niðurstöður Ánægjuvogarinnar og nýta þær í sínu starfi.

46%

nemenda sem stunda íþróttir meta líkamalega heilsu sína góða á móti 19% sem stunda ekki íþróttir

33%

nemenda sem stunda íþróttir meta andlega heilsu sína góða á móti 18% sem stunda ekki íþróttir

63%

nemenda sem stunda íþróttir fá nægan nætursvefn á móti 44% nemenda sem stunda ekki íþróttir





UNGMENNARÁÐ UMFÍ

Ungmennaráð UMFÍ er skipað níu fulltrúum á aldrinum 16–25 ára með tilliti til jafnar aldursdreifingar, kyns og búsetu. Skipað er í ráðið til tveggja ára í senn eftir hvert Sambandsþing UMFÍ.

Hlutverk ráðsins er að vera stjórn UMFÍ til ráðgjafar varðandi málefni ungs fólks, framfylgja stefnu UMFÍ varðandi ungt fólk og standa fyrir viðburðum fyrir ungt fólk. Á starfstímabilinu fundaði ráðið 23 sinnum. Fimmtán fundir fóru fram í gegnum fjarfundarbúnað og átta fundir voru staðfundir.

Á starfstímabilinu urðu þær breytingar á fulltrúum ráðsins að Betsý Ásta Stefánsdóttir og Mikael Jens Halldórsson hurfu á braut og þau Ernir Daði Arnbergz Sigurðsson og Sara Rut Mellado komu ný inn í ráðið.

UNGT FÓLK OG LÝÐRÆÐI

Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði var haldin í Skólabúðum UMFÍ á Reykjum í Hrutafirði dagana 22.–24. september. Yfirskrift ráðstefnunnar var: Að jörðu skaltu aftur verða, sem vísaði til umhverfis- og loftslagsmála.

Þátttakendur voru ungmenni á aldrinum 16–25 ára og komu þau af öllu landinu. Auk ungmenna tók starfsfólk ungmennaráða þátt og ýmsir þingmenn og stjórnendur. Í heild tóku um 80 manns þátt í ráðstefnunni.

Markmið ráðstefnunnar var að efla umhverfisvitund ungs fólks og skapa vettvang til þess að koma saman og ræða hvernig ungt fólk getur lagt sitt að mörkum til þess að bæta umhverfið og draga úr áhrifum loftslagsbreytinga. Gleði og þátttaka voru einnig markmið ráðstefnunnar og að veita þátttakendum tækifæri til þess að kynnast nýju fólki og þjálfun til þess að hafa aukin áhrif á sitt eigið líf og nær samfélag.

Ungmennaráð UMFÍ hafði veg og vanda að ráðstefnunni, sem hefur verið haldin árlega frá 2009, fyrir utan árið 2021. Ráðstefnan var styrkt af Erasmus+.

Dagskrá ráðstefnunnar var afar fjölbreytt og innihélt m.a. mikið hópefli og samveru, kynningar, uppörvandi og hvetjandi málstofur, samveru, skemmtun við varðeld og alls konar upplifun.

MAGNAÐUR FRÓÐLEIKUR

Jarðfræðingurinn Sævar Helgi Bragason hélt erindi um lausnir í loftlags- og umhverfismálum. Hann lagði áherslu á að þátttakendur geti gert heiminn að betri stað. Hægt sé að tileinka sér privatlausnir, hreyfa sig meira og borða öðruvísi mat. Lausnirnar geta falið í sér skemmtilega vegferð fyrir alla. Sævar stýrði að auki málstofu undir yfirskriftinni Framtíðar frumkvöðlar þar sem þátttakendum gafst tækifæri á að ræða og koma með snjallar hugmyndir að lausnum í umhverfis- og loftlagsmálum.

Jóhannes Bjarki U. Tómasson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun á sviði loftlags- og hringrásarhagkerfisins, stýrði málstofu undir heitinu Umhverfisspor. Þar fengu þátttakendur tækifæri til þess að hugsa út í leiðir til að minnka eigin umhverfisfótspor með kaupum og notkun á umhverfisvænni vörum.

Embla Líf Hallsdóttir og Halla Margrét Jónsdóttir, fulltrúar úr ungmennaráði UMFÍ, stýrðu saman málstofu um endurvinnslu og flokkun. Markmið málstofunnar var að velta upp hugmyndum til þess að auðvelda flokkun og endurvinnslu og fá þátttakendur til að koma með hugmyndir að því hvernig hægt er að hvetja aðra til flokkunar.

KAFFIHÚSASPJALL MEÐ RÁÐAFÓLKI

Á sunnudeginum fór fram kaffihússpjall þar sem ráðstefnugestum gafst tækifæri til að ræða við þingmenn og stjórnendur á jafningjagrundvelli. Jafnframt fengu gestirnir tækifæri til þess að heyra raddir og skoðanir ungmenna.

Gestirnir voru:

- Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra
- Ingibjörg Ísaksen, þingmaður Framsóknarflokksins
- Steinar Ingi Kolbeins, aðstoðarmaður umhverfisráðherra
- Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þingmaður og formaður Viðreisnar
- María Rut Kristinsdóttir, aðstoðarmaður formanns Viðreisnar
- Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata
- Gísli Rafn Ólafsson, þingmaður Pírata og talsmaður barna á Alþingi
- Málfríður Sigurhansdóttir, íþróttastjóri Fjölnis og fulltrúi stjórnar UMFÍ
- Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ
- Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ

87%

Þátttakenda fannst dagskrá ráðstefnunnar mjög góð eða góð

92%

Þátttakenda fannst Kaffihússpjallið mjög gott eða gott

90%

Þátttakenda lærði eitthvað nýtt á ráðstefnunni

SKEMMTIFOLFMÓT

Ungmennaráð UMFÍ stóð fyrir skemmtifolmfóti fyrir ungmenni fimmtudaginn 29. júní. Mótið fór fram með svokölluðum Texas Scramble-hætti. Tveir og tveir voru saman í liði og köstuðu báðir folfdiskum sínum. Viðburðurinn fór fram í Laugardalnum og var þátttakan góð.

Embla Líf Hallsdóttir, formaður Ungmennaráðs UMFÍ, sagði viðburðinn hafa tekist mjög vel. Þarna komu saman ungmenni sem þekktust ekki og áttu góða stund saman.

Þetta var í annað sinn sem Ungmennaráð UMFÍ stendur fyrir svipuðum viðburði. Fyrri viðburðurinn fór fram fyrir um ári í Guðmundarlandi í Kópavogi.

Ungmennaráðið stefnir á að halda fleiri sambærilega viðburði í framtíðinni.

HEIMSÓKNIR UNGMENNARÁÐS

Þann 23. febrúar fundaði Ungmennaráð UMFÍ með Ungmennaráði Grafarvogs. Fundurinn fór fram í húsnæði Ungmennafélagsins Fjölnis. Þetta var í fyrsta sinn sem Ungmennaráð UMFÍ og Ungmennaráð Grafarvogs funduðu saman. Fundurinn gekk afar vel, meðlimir ráðanna spjölluðu um verkefni sín og deildu bæði hugmyndum og þekkingu sín á milli. Að viðburðinum loknum fóru bæði ungmennaráðin í pílukastkeppni.

Þann 17. apríl funduðu fulltrúar Ungmennaráðs UMFÍ með Lilju Rannveigu Sigurgeirsdóttur, þingmanni Framsóknarflokksins. Fundarefnið var fyrirspurn Lilju til Ásmundar Einars Daðasonar, mennta- og barnamálaráðherra, um störf ungmennaráða. Fyrirspurnin vakti athygli Ungmennaráðs UMFÍ, sem hafði samband við Lilju. Hún tók á móti gestum Ungmennaráðsins í Alþingishúsinu og leiddi þá um húsið. Hún gaf sér tíma til að setjast niður og svara spurningum um eitt og annað sem sneri að þeim svörum sem hún fékk við spurningu sinni til ráðherra. Ungmennaráð UMFÍ þakkar Lilju kærlega fyrir móttökur.



MGJÖRÐ OG VEGFERÐIN

þrjár sína íþróttaiðkun 6-9 ára: Íþróttakennari, félags- og sveitarfélag, fagmennska og samvinna í kennslu
er á íþróttabraut 15-16 ára: Samræmd stefna, greina
fagmennska í þjálfun og kennslu, samvinna afreksbraut
er í háskóla 19-20 ára: Menntun, rannsóknir, mælinga
afólk kemst í landslið: Sér sambönd
teymi, tenging við Fagteymi ÍSÍ
heimsklassa íþróttafólk og þjálfarar. Launasjóður
afólks aðrir í atvinnumennsku erlendis, (hérlandis
innur með háð fólki, félags- og sveitarfélag



SAMSTARFS- VERKEFNI

UMFÍ leggur áherslu á að allir geti tekið þátt í íþróttum og hreyfingu og verið hluti af öflugri liðsheild í samfélaginu.

ALLIR MEÐ

Markmið verkefnisins er að efla íþróttástandun fatlaðs fólks, sérstaklega fatlaðra barna og ungmenna. Veitt eru 60 milljónum króna til verkefnisins í þrjú ár.

Þrjú ráðherrar, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra og Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, undirrituðu í desember 2022 samstarfsyfirlýsingu um verkefnið, Farsælt samfélag fyrir öll – brúum bilið. Undir samninginn rituðu einnig Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ, Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, og Þórður Árni Hjaltsted, formaður Íþróttasambands fatlaðra.

Íþróttasamband fatlaðra er ábyrgðaraðili verkefnisins en það er unnið í samstarfi við UMFÍ og ÍSÍ. Bakhjarlar eru fyrrgreind ráðuneyti, ÍSÍ, UMFÍ auk ÖBÍ og Þroskahjálpar.

Markmið verkefnisins er að öll börn og ungmenni eigi möguleika á að taka þátt í íþróttum í samræmi við óskir þeirra og þarfir. Áhersla er á að fötluðum börnum og ungmennum verði gert kleift að stunda íþróttir með ófötluðum börnum kjósi þau svo.

Aðgerðirnar byggja á tillögum sem fram komu á ráðstefnunni *Farsælt samfélag fyrir alla – tækifæri barna og ungmenna í íþróttastarfi*. Aðgerðaáætlun var í kjölfarið unnin um fulla þátttöku og virkni fatlaðs fólks á forsendum eigin getu.

Valdimar Gunnarsson var ráðinn verkefnastjóri verkefnisins og vinnur hann að framgangi aðgerðanna í samstarfi við sveitarfélög og íþróttafélög um land allt. Verkefnið hefur hlotið nafnið *Allir með*, sem er skírskotun til þess að íþróttahreyfingin opni dyrnar fyrir alla.

Í vinnuhópi verkefnisins sitja Anna Karólína Vilhjálmisdóttir fyrir hönd ÍF, Ragnheiður Sigurðardóttir frá UMFÍ og þau Þórarinn Alvar Þórarinsson og Ragnhildur Skúladóttir fyrir hönd ÍSÍ.



VIÐBRAGÐSÁÆTLUN

Mikilvægum áfanga var náð í byrjun nóvember 2022 þegar kynnt var samræmd viðbragðsáætlun, sem veitir íþróttá- og æskulýðsfélögum samræmdar leiðbeiningar til að takast á við erfið og flókin mál.

Tilgangur samræmdrar viðbragðsáætlunar er að sporna við atvikum af ýmsum toga, svo sem ofbeldismál, bæði kynferðisofbeldi og önnur óæskileg hegðun, eineltismál, slys, veikindi og margt fleira. Viðbragðsáætlunin þjónar hlutverki leiðarvísis fyrir starfsfólk, sjálfbóðaliða og alla sem á þurfa að halda. Viðbragðsáætlunin tekur við af þeirri sem Æskulýðsvettvangurinn gaf út 2018.

„Við erum að stuðla að bættu öryggi, erum að vinna gegn ofbeldi og mismunun og erum að sýna ábyrgð okkar gagnvart samfélaginu. Þessi sameiginlega áætlun gerir það að verkum að öll félög geta notið leiðsagnar og stuðnings í glímunni við þau mál sem koma upp,“ sagði Sigurbjörg Sigurpálsdóttir, samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs, þegar hún kynnti samræmdu viðbragðsáætlunina.

SAMVINNA SKILAR ÁRANGRI

Vinna við viðbragðsáætlunina stóð yfir í tvö ár. Stuttu eftir að embætti samskiptaráðgjafa var sett á fót var leitað til hagaðila á vettvangi íþróttá- og æskulýðsstarfs um að koma að þessari vinnu.

Í vinnuhópnum sátu eftirfarandi: Sigurgeir Bjartur Þórisson og Katrín Kemp Stefánsdóttir frá Bandalagi íslenskra skáta; Brynja Þorsteinsdóttir og Birta Björnsdóttir frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR); Ragnhildur Skúladóttir frá Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ); Hjördís Jónsdóttir frá KFUM og K á Íslandi; Helena Dögg Magnúsdóttir frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg; Sigurbjörg Sigurpálsdóttir, samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs; Sema Erla Serdar frá Æskulýðsvettvanginum og Ragnheiður Sigurðardóttir frá UMFÍ.

Vinnuhópurinn sagði það fagnaðarefni þegar samræmda viðbragðsáætlunin var tilbúin.

TILEFNI TIL ÞESS AÐ FAGNA

Haldið var upp á útgáfu áætlunarinnar 3. nóvember í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Viðstödd útgáfuna voru fulltrúar þeirra félagasamtaka sem komu að gerð hennar. Á kynninguna var boðið Ásmundi Einari Daðasyni, barna- og menntamálaráðherra, og sérfræðingum ráðuneytisins ásamt þeim Lárusi Blöndal, forseta ÍSÍ, skátahöfðingjanum Hörpu Ósk Valgeirsdóttur og Jóhanni Steinari Ingimundarsyni, formanni UMFÍ.



VERTU MEÐ!

UMFÍ og ÍSÍ hafa frá árinu 2019 gefið út bæklinginn Vertu með! sem hefur það markmið að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi.

Í bæklingnum er að finna hagnýtar upplýsingar um starfsemi íþrótta- og ungmennafélaga landsins, svo sem upplýsingar um æfingagjöld íþróttafélaga, frístundastyrki, mikilvægi þátttöku foreldra og forvarnargildi þátttöku í skipulögðu starfi.

Bæklingurinn er fánlegur á tíu tungumálum; íslensku, ensku, pólsku, spænsku, víetnömsku, filippseysku, litháensku, taílensku, arabísku og úkraínsku sem bættist við fyrir stuttu. Bæklingarnir eru allir aðgengilegir á vef UMFÍ.

SÝNUM KARAKTER OG 5C'S

Sýnum karakter er sameiginlegt átaksverkefni UMFÍ og ÍSÍ um þjálfun sálrænnar og félagslegrar færni barna og ungmenna í íþróttum.

Í september fór fram ráðstefna á vegum Sýnum karakter sem bar yfirskriftina, Sálfræði í íþróttum. Þátttakan var ágæt enda hefur sálfræði í íþróttum og andlegi þátturinn orðið að stærra viðfangsefni í íþróttaþjálfun. Ráðstefnan fór fram í Háskólanum í Reykjavík og var samstarfsverkefni ÍSÍ, UMFÍ og HR.

Ráðstefnunni var skipt í þrjú hluta:

- Íþróttasálfræði í afreksstarfi: Thomas Danielsson, Helgi Héðinsson, Richard Teahinen og Heiðar Davíð Bragason.
- Sálfræðileg færni í þjálfun barna og unglunga: Óli Stefán Flóventsson, Grímur Gunnarsson og Edda Dögg Ingibergsdóttir.
- Verkefnið 5C: Hafrún Kristjánsdóttir, Chris Harwood, Grímur Gunnarsson, Steinar Leó Gunnarsson og Daði Rafnsson.

Ráðstefnan var tekin upp og er efni hennar aðgengilegt á vef Sýnum karakter.

RÁÐSTEFNA RIG

Í tengslum við Reykjavíkurlíkana (Reykjavík International Games – RIG) fór fram ráðstefna um þjálfun afreksíþróttafólks, íþróttir barna og ungmenna og stjórnun íþróttafélaga

Ráðstefnan var haldin í Háskólanum í Reykjavík dagana 1.–2. febrúar og að henni stóðu Íþróttabandalag Reykjavíkur, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, UMFÍ og Háskólinn í Reykjavík.

Fjöldi fyrirlesara kom fram á ráðstefnunni. Knattspyrnuþjálfarinn Elísabet Gunnarsdóttir flutti tvö erindi. Annað þeirra var um þjálfun afreksfólks og hitt um stjórnun íþróttafélaga, samfélagslega þátttöku og styrktaraðila. Aðrir fyrirlesarar voru Vésteinn Hafsteinsson, sem flutti erindi um hvernig hægt væri að verða næsti Ólympíumeistari. Bandaríski sálfræðingurinn Daniel Gould fjallaði um hvernig hægt væri að þjálfra færni í lífinu í gegnum þátttöku í íþróttum. Sundþjálfarinn Brian Marshall fjallaði um æskilega og óæskilega hegðun þjálfara gagnvart iðkendum og hvernig umhverfið gæti hvatt fremur til æskilegrar hegðunar.

Aðrir fyrirlesarar voru: Urban Johnson sálfræðingur; Else-Marthe Sörlie Lybekk, aðstoðar framkvæmdastjóri Norska Ólympíusambandsins; Bryndís Einarsdóttir sálfræðingur; Hákon Sverrisson fótboltaþjálfari; Arnór Ásgeirsson verkefnastjóri; og Guðmundur Lúðvíksson, framkvæmdastjóri Fjölnis; Svali Björgvinsson, formaður körfuknattleiksdeildar Vals; Guðmundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Akademias og Kristjana Arnarsdóttir íþróttafréttamaður. Öll erindin voru tekin upp og er hægt að kynna sér þau á heimasíðu RIG.

UMFÍ leggur áherslu á að allir geti tekið þátt í íþróttum og hreyfingu og verið hluti af öflugri liðsheild í samfélaginu.

FORVARNARDAGURINN

Miðvikudaginn 4. október 2023 var Forvarnardagurinn haldinn í grunn- og framhaldsskólum landsins. Forvarnardagurinn er haldinn á hverju hausti og þá er sjónum sérstaklega beint að ungmennum í 9. bekk og á fyrsta ári í framhaldsskóla.

Á Forvarnardaginn ræða nemendur um nýjustu niðurstöður rannsókna á aldurshópi þeirra og hugmyndir sínar um samveru, íþrótt- og tómstundastarf. Í tilefni dagsins var efnt til málþings með fulltrúum Forvarnardagsins í Borgarholtsskóla.

Embætti landlæknis fer með verkefnastjórn Forvarnardagsins og samstarfsaðilar eru embætti forseta Íslands, Reykjavíkurborg, Rannsóknir og greining, Planet Youth, ÍSÍ, UMFÍ, Samfés, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samstarf félagsamtaka í forvörnum, Bandalag íslenskra skáta og Heimili og skóli.

GRUNNSKÓLAMÓT Í BLAKI

Blaksamband Íslands stendur að Grunnskólamóti í blaki í samstarfi við Evrópska blaksambandið, UMFÍ, ÍSÍ, Kristal, Evrópusambandið (ESB) og blakfélög víða um land.

Markmiðið með Grunnskólamótinu er að kynna íþróttina fyrir nemendum og kennurum 4.–6. bekkjar í grunnskólum landsins og auka sýnileika greinarinnar á landsvísu. Þetta er gert með því að hafa leikreglurnar einfaldar og þægilegar svo að öll getustig ráði við leikinn. Í samræmi við það tóku fleiri sveitarfélög þátt í verkefninu og voru þau 15 talsins.

DAGUR GEGN EINELTI

Dagurinn 8. nóvember ár hvert er helgaður baráttunni gegn einelti í samfélaginu.

UMFÍ nýtir daginn til þess að vekja athygli á þessu samfélagsmeini og til að kynna og segja frá samræmdri viðbragðsáætlun íþrótt- og æskulýðsstarfs. Viðbragðsáætlunina er að finna á heimasíðu UMFÍ.

MÁLÞING UM NIKÓTÍN OG HEILSU

Í október 2022 fór fram málþing í Laugardalshöll undir yfirskriftinni Nikótín og heilsa. Á málþinginu var fjallað um nikótín og áhrif þess á heilsu ungmenna, mikilvægi lýðheilsuaðgerða, áhrif nikótínþúða á munnhol, nikótínfíkn og meðferð og hvort nikótín væri lyf eða neysluvara.

Einnig var rætt um nikótín notkun íslenskra ungmenna, viðhorf almennings til nikótínvara, nýju nikótínlögin og fræðslu í skólum um notkun tóbaks og nikótínvara.

Framsögur fluttu eftirfarandi:

- Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ. Ávarp.
- Alma Möller landlæknir. Ávarp.
- Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra. Ávarp.
- Lára Sigurðardóttir, læknir og doktor í lýðheilsuvísindum. Erindi um nikótín, áhrif þess á heilsu ungmenna og mikilvægi lýðheilsuaðgerða.
- Stefán Pálmason, tannlæknir og sérfræðingur í lyflækningum munnhols. Erindi um nikótínþúða og munnholið.
- Sýlvía Runólfssdóttir, læknir á sjúkrahúsinu Vogu. Erindi um nikótínfíkn og meðferð.
- Viðar Guðjohnsen, eftirlitsmaður hjá markaðs- eftirlitsdeild lyfjastofnunar. Erindi um nikótín, lyf eða neysluvara?
- Árni Einarsson, framkvæmdastjóri Fræðslu- og forvarna. Erindi um viðhorf almennings til sölu- og dreifingarfyrrkomulags nikótínvara.
- Kristín Ninja Guðmundsdóttir, lögfræðingur hjá heilbrigðisráðuneytinu. Erindi um nýju nikótínlögin.
- Andrea Ýr Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur hjá Heilsulausnum.

Málþinginu var streymt og það tekið upp. Hægt er að nálgast öll erindin á heimasíðu UMFÍ ásamt stuttum úrdrætti úr hverju erindi og hugmyndum að umræðum og/eða verkefnum fyrir ungmenni.

Málþingið var samstarfsverkefni UMFÍ, Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins og Fræðslu og forvarna. Lýðheilsusjóður og Heilbrigðisráðuneytið styrktu viðburðinn.



15 milljarðar kr.

Verðmæti af vinnu sjálfböðaliða fyrir íþróttahreyfinguna á hverju ári



32% íslendinga

18 ára og eldri sem ætla má að taki þátt í sjálfböðaliðastarfi á hverju ári. Langflestir eru innan íþróttahreyfingarinnar, eða 27.000 manns.

DAGUR SJÁLFBÖÐALIÐANS

Alþjóðlegur dagur sjálfböðaliða er 5. desember ár hvert. Sjálfböðaliðastörf hafa verið uppistaðan í öllu starfi UMFÍ í 116 ár, frá því að ungmennafélagshreyfingin var stofnuð árið 1907.

Í tilefni af degi sjálfböðaliðans stóð mennta- og barnamálaráðuneytið fyrir kynningarátakinu Alveg sjálfsagt! og ráðstefnu um sjálfböðaliða í íþrótt- og æskulýðsstarfi til vitundarvakningar um mikilvægi sjálfböðaliðans. Ráðstefnan var haldin á Hilton Reykjavík Nordica og var þar fjallað um störf sjálfböðaliða og áskoranir hjá þeim sam-tökum sem reiða sig á störf þeirra.

Erindi ráðstefnunnar voru fjölbreytt og fróðleg. Þar var meðal annars fjallað um rannsóknir á sjálfböðaliðastarfinu, gildi sjálfböðaliðastarfs fyrir einstaklinga og samfélagið, nýliðun sjálfböðaliða, sjálfböðaliða á viðburðum ÍBR, Síamótið í knatt-spyrnu og margt fleira.

Starf íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar byggist á stórum hluta á vinnu sjálfböðaliða. Fjöldi fólks leggur íþróttahreyfingunni lið með því að sitja í stjórnnum, nefndum, ráðum eða vinnuhópum. Sjálfböðaliðar taka þátt í foreldrastarfi eða hjálpa til við framkvæmd móta, kappleikja og/eða ann-arra viðburða.

Þegar þau Rósa Marinósdóttir og Davor Purusic eru beðin um að taka að sér verkefni sem sjálf- böðaliðar fyrir íþróttafélagið sitt þá segja þau: Alveg sjálfsagt!

UMFÍ tók þátt í vitundarvakningunni með fréttum og greinaskrifum á miðlum sínum.

UNGMENNAFÉLAGSHITTINGUR Í TILEFNI DAGSINS

Hópi af fyrrverandi stjórnarfólki og fleirum sem hafa lagt ómælt af mörkum til ungmennafélags- hreyfingarinnar var boðið í kaffi og spjall í íþrótt- miðstöðinni í Laugardal í tilefni af Alþjóðlegum degi sjálfböðaliðans. Þetta var fyrsta skiptið sem fyrrverandi stjórnarfólk hittist í kaffi hjá UMFÍ. Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, sagði viðburðinn hafa tekist vel og stefnt væri á að gera hann að árlegum viðburði.

VERKFERLAR OG UPPLÝSINGAGJÖF

UMFÍ er þjónustu- og samstarfsvettvangur fyrir sambandsaðila og aðildarfélög þeirra. UMFÍ leggur áherslu á fagleg vinnubrögð, jákvæð samskipti og samvinnu með sameinaða krafta að leiðarljósi.

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN

Samræmd viðbragðsáætlun íþrótta- og æskulýðsstarfs kom út í nóvember 2022. Markmið hennar er að færa aðilum innan íþrótta- og æskulýðsfélaga áætlun vegna atvika og áfalla sem upp geta komið í slíku starfi.

Tilgangur áætlunarinnar er í samræmi við lög um samskiptaráðgjafa nr. 45/2019, 5. grein, 3. lið: „Aðstoða samtök og félög sem falla undir lög þessi við að gera viðbragðsáætlanir vegna atvika og misgerða sem verða í starfi þeirra og stuðla að samræmingu á landsvísi, eftir atvikum í samráði við Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, æskulýðssamtök og önnur samtök.“

Best er að viðbrögð allra íþrótta- og æskulýðsfélaga séu eins. Í áætluninni er að finna verkferla sem skal fylgja þegar upp koma atvik eða áföll í íþrótta- og æskulýðsstarfi. Áætlunin er einföld og á við í öllum tilvikum, óháð því hvaða aðila og atvik um ræðir.

Áætlunin nær yfir alla starfsemi íþrótta- og æskulýðsfélaga á landinu, aðildarfélaga, þátttakendur, stjórnendur, yfirmenn, starfsfólk, sjálfboðaliða og aðra ábyrgðaraðila innan félaga. Allt fólk á að geta leitað réttar síns ef atvik koma upp, án þess að þurfa að óttast afleiðingar af því.

SIÐAREGLUR

Árið 2021 samþykkti stjórn UMFÍ að samræma siðareglur sambandsins við siðareglur Æskulýðsvettvangsins, samstarfsvettvangs UMFÍ, Bandalags íslenska skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Mikilvægt er fyrir öll sem starfa með börnum og ungmennum að vera meðvituð um skyldur sínar og ábyrgð. Siðareglurnar gilda fyrir allt starfsfólk og sjálfboðaliða Æskulýðsvettvangsins. Gerist aðili brotlegur við reglurnar er heimilt að vísa honum úr starfi, tímabundið eða að fullu.

SAKAVOTTORÐ

Samkvæmt Íþrótta- og Æskulýðslögum er óheimilt að ráða til starfa með börnum og ungmennum hjá íþrótta- og æskulýðshreyfingunni einstaklinga sem hlotið hafa refsidóm vegna ofbeldis og ávana- og fíkniefna, á síðastliðnum fimm árum.

Þetta gildir jafnt um þá einstaklinga sem starfa sem launþegar, starfsmenn og sjálfboðaliðar.

Sambandsaðilar UMFÍ og aðildarfélög þeirra eru hvött til þess að óska eftir samþykki starfsfólks um heimild til að leita eftir upplýsingum hjá Sakaskrá ríkisins. Heimild er fyrir því að sækja gögn um viðkomandi vegna ofbeldis-, ávana- og fíkniefnabrota 3–5 ár aftur í tímann. Engin tímamörk eru vegna kynferðisbrota. Sambandsaðilar og aðildarfélög þeirra geta nú sjálf sent inn út fyllt eyðublöð beint til Sakaskrá, ekki þarf að hafa milligöngu í gegnum þjónustumiðstöð UMFÍ.

FÉLAGSMÁLAFRÆÐSLA

Í mars 2023 voru uppfærðar hagnýtar upplýsingar um fundi, hlutverk og ábyrgð stjórnarfólks, framkomu og ræðumennsku.

Í efninu eru meðal annars leiðbeiningar um boðun aðalfundar, útskýringar um hlutverk stjórnar, hvernig á að byggja upp og móta ræðu, bera fram tillögur á fámennum þingum og fjölmennum og þar fram eftir götunum.





MIDÐLUN OG SAMSKIPTI

STARFSSKÝRSLUKERFI ÍPRÓTTA- OG UNGMENNAFÉLAGSHREYFINGARINNAR

Fyrstu skil í nýtt starfsskýrslukerfi sambandsaðila og aðildarfélaga UMFÍ og ÍSÍ fóru fram 15. júní 2023. Við gerð kerfisins var lagt upp með að notendaviðmótið sé sem einfaldast og flestar upplýsingar eru forskráðar til hagræðingar fyrir notendur. Tenging er við upplýsingar úr Sportabler, sem yfir 90% af íþróttahreyfingunni notar í sínu daglega starfi og einnig eru upplýsingar um félögin sóttar sjálfvirkt frá Skattinum.

Opnað var fyrir starfsskýrsluskilin 12. apríl. Upphaflega var skilafresturinn 31. maí en hann var framlengdur til 15. júní. Starfsskýrsluskil fela í sér upplýsingar um félagsmenn og iðkendur á síðasta starfsskýrslutímabili, þ.e. almanaksárið á undan skiladegi, innslegnar lykiltölur úr ársreikningum, lög félagsins, ársreikning fyrir síðasta starfsár og upplýsingar um stjórn og starfsfólk frá skilaárinu.

Frá fyrri skilum var unnið að nokkrum lagfæringum og/eða uppfærslum. Helstu breytingar sem notendur urðu varir við hjá aðildarfélögum eru:

- Upplýsingar um skil frá árinu áður eru sýnileg.
- Hægt er að bæta við fleiri en einu skjali við skil á ársreikningi.
- Samtölur fyrir iðkendur og iðkanir birtast sér.
- Íþróttahéruð geta skoðað skil hjá sínum aðildarfélögum.
- Hægt er að skoða á auðveldan máta síðustu skil undir valmöguleikanum, tímabil.

STJÓRN OG IÐKENDUR

Við fyrstu skil í kerfinu þurfti að skrá inn ýmsar upplýsingar um starfsfólk og stjórn en við næstu skil þarf eingöngu að uppfæra þær upplýsingar sem fyrir eru. Hjá þeim félögum sem nota Sportabler í sínu daglegu starfi munu upplýsingar um iðkendur

lesast sjálfkrafa yfir í starfsskýrslu en það er á ábyrgð félagsins að skoða samtölur iðkenda í starfsskýrslunni og staðfesta þær með skilum á skýrslunni. Þeir sem ekki nota Sportabler í starfi sínu þurftu að lesa inn í skilakerfið upplýsingar um iðkendur.

FÉLAGSMENN

Allir iðkendur eru sjálfkrafa félagsmenn og skapa þannig grunn að félagatali í kerfinu. Ef félög halda að auki sérstakt félagatal fyrir aðra félagsmenn en þá sem eru iðkendur þurfti að lesa þær upplýsingar inn við þessi fyrstu skil og uppfæra svo við hver skil.

Við starfsskýrsluskil gefst einstakt tækifæri til að uppfæra félagatal íþrótt- og ungmennafélaga svo þau endurspegli raunverulegan fjölda félagsmanna í hreyfingunni.

UMFÍ hvetur sambandsaðila og aðildarfélög til að endurskoða félagaskrár sínar og yfirfara vel svo upplýsingar í nýja kerfinu séu ávallt réttar. Með því verður einfaldara fyrir alla að halda vel utan um félagatalið og uppfæra það ár hvert. Það er alltaf á ábyrgð hvers félags að yfirfara félagatal sitt áður en það er lesið inn og staðfesta réttan fjölda við skil í kerfið.

UMFÍ leggur áherslu á nútímalegar aðferðir, nýta upplýsingakerfi og rafræna samskiptamáta innan hreyfingarinnar.

STÆRÐ SAMBANDSAÐILA

Tölur frá 2021 voru í síðasta sinn sóttar úr skilakerfi Felix. Tölur frá 2022 eru þær fyrstu sem sóttar eru í nýtt starfsskýrslukerfi íþróttahreyfingarinnar.

	IÐKENDUR ¹		IÐKANIR ²		FÉLAGAR ³	
	2022	2021	2022	2021	2022	2021
Héraðssamband Bolungavíkur	124	91	138	93	433	91
Héraðss. Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	1.327	1.217	1.630	1.565	2.093	3.718
Héraðssamband Strandamanna	170	118	204	137	574	714
Héraðssamband Vestfirðinga	1.623	1.441	2.259	2.093	3.628	3.695
Héraðssamband Þingeyinga	1.385	1.127	1.920	1.689	3.907	3.686
Héraðssambandið Hrafna-Flóki	174	176	261	236	664	798
Héraðssambandið Skarphéðinn	10.127	9.055	12.838	11.307	20.666	16.733
Íþróttabandalag Akraness	3.140	2.719	4.061	3.471	4.312	3.722
Íþróttabandalag Akureyrar	6.159	5.870	8.436	8.278	12.165	18.712
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar	11.144	5.373	14.731	6.497	25.232	17.410
Íþróttabandalag Reykjavíkur	34.768	32.465	44.304	40.700	83.881	100.174
Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands	2.825	2.691	3.970	3.708	4.319	5.785
Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar	255	219	380	255	601	290
Ungmennasamband Austur-Húnavetninga	641	541	988	797	1.473	1.430
Ungmennasamband Borgarfjarðar	565	505	857	670	1.747	1.489
Ungmennas. Dalamanna og N-Breiðfirðinga	1.214	1.297	1.480	1.681	3.359	2.024
Ungmennasamband Eyjafjarðar	866	833	1.245	1.165	2.487	2.382
Ungmennasamband Kjalarnesþings	29.442	27.481	39.076	35.409	47.703	104.350
Ungmennasamband Skagafjarðar	1.643	1.606	2.297	2.427	3.701	4.497
Ungmennasamband Vestur-Húnavetninga	308	314	395	389	698	674
Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu	369	288	551	382	882	689
Ungmennasambandið Úlfjótur	885	905	1.308	1.364	2.422	2.330
Keflavík íþrótt- og ungmennafélag	3.013	2.767	3.556	3.138	12.858	9.421
Ungmennafélag Grindavíkur	652	673	1.433	1.912	6.465	6.241
Ungmennafélag Njarðvíkur	1.243	1.632	1.045	1.040	652	1.626
Ungmennafélagið Vesturhlíð	150	172	178	232	150	963
Ungmennafélagið Þróttur	172	232	172	232	172	232
Samtals	114.212	101.576	149.541	130.635	247.072	313.644

1. Hver einstaklingur er aðeins talinn sem iðkandi einu sinni.

2. Fjöldi iðkana einstaklings í hverju félagi.

3. Meðlimur í félagi.

ÚTGÁFA OG KYNNINGARSTARF

UMFÍ sinnir öflugu útgáfu og kynningarstarfi. Markmið útgáfunnar er að miðla upplýsingum um starf Íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar með fjölbreyttum, nútímalegum og aðgengilegum hætti.

SKINFAXI

Þrjú tölublöð Skinfxa, tímarits UMFÍ, komu út árið 2022 og 2023. Blaðið hefur komið út frá árinu 1909. Áhersla er lögð á að miðla þekkingu og fróðleik um viðtækt starf UMFÍ til að bæta starf Íþrótt- og ungmennafélaga um allt land. Öll útgöfin blöð er að finna á heimasíðu UMFÍ.

GÖNGUBÓK

Göngubók UMFÍ kom út sumarið 2023. Bókin er lifandi verkefni sem endurskoðað er á hverju ári, stundum er gönguleiðum fylgjað en annars fækkað. Oftast eru gönguleiðir þó skýrðar, gerðar ítarlegri og færðar til betri vegar. Bókin sem kom út sumarið 2023 innihélt 277 gönguleiðir, ítarlegar lýsingar á tuttugu gönguleiðum og 32 lýsingar á léttum gönguleiðum fyrir alla fjölskylduna.

FRÉTTABRÉF



Fréttabréf og rafræn boðskipti til sambandsaðila UMFÍ eru töluverð. Leitast hefur verið eftir því að senda út fréttabréf til aðildarfélaga og hagsmunaaðila með reglulegum hætti. Í fréttabréfinu er fjallað um fréttir af UMFÍ. Frá október 2022 og til loka september 2023 voru send út 70 fréttabréf til sambandsaðila, almennra áskrifenda og þátttakenda á mótum og viðburðum UMFÍ.

SÉRBLÖÐ VEGNA MÓTA

Tvö sérblöð voru gefin út í sumar í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ. Sérblöðin eru hugsuð sem farvegur fyrir auglýsingar styrktaraðila hvers móts eða viðburðar UMFÍ. Í blöðunum er ávarp fulltrúa UMFÍ og mótshaldara eða sveitarstjóra þess sveitarfélags sem sér um framkvæmdina, dagskrá viðburðar og stutt lýsing á viðburðinum ásamt auglýsingum styrktaraðila.

ENDURBÆTT VEFSÍÐA

Sumarið 2023 var nýr og endurbættur vefur UMFÍ settur í loftið. Tilgangur hans er að veita sambandsaðilum og aðildarfélögum þeirra hagnýtar upplýsingar og fróðleik. Vefurinn var gerður aðgengilegri með fjölda flýtleiða og þægilegri fyrir notendur. Vefurinn er í vefumsjónarkerfinu Umbraco sem fyrirtækið Vettvangur þjónustar.





UMFÍ

6.32
FYRIR 11-16 ÁRA
TUN Á KVÖLDIN

ÁRSSKYRSLA 2022
SAMANANNAFFLUGUR UMFÍ | ÁRSRÉKINGUR 2021

MÓTSBLAÐ
LANDSMÓT
BORÐARNES
24.-26. JUNÍ
UMFÍ 50+

PRIS

UMFÍ

GÖNGUBÓK UMFÍ 2023
GÖNGUM UM ÍSLAND

20 WAPPID
gönguleiðir
32 léttar
fjallgönguleiðir
FYRIR FJÓLSKYLDUNA

277 stuttar
gönguleiðir
FYRIR ALLA

FRÍTT
RINTAK

UMFÍ

SKINFAXI
(TÍMAFI) OG MENNAFFLUGUR ÍSLANDS
3. APRÍL 1982 - 31. MÁJ 2021

Kjartan hjá Hnefaleikafélagi Kópavogs:
**Hefði viljað vita í
hvern ætti að hringja**
Virkidagar í erlóbum málum:
**Unnið að samræmdri
viðbragðsáætlun**

UNGGLING
LANDSMÓT
UMFÍ

SAUÐÁRKI
3.-6. ÁGÚST

MÁL SVARI HREYFINGARINNAR

UMSAGNIR TIL ALÞINGIS

UMFÍ sinnir lýðræðislegu hlutverki sínu og sendir Alþingi umsagnir um ýmis mál. Skrif umsagna eru hluti af stjórnarháttum og aðhaldi við umgjörð íþrótta- og æskulýðsmála. Fulltrúar UMFÍ hafa setið fyrir svörum hjá nefndum Alþingis og álit UMFÍ hafa haft áhrif á lög og reglugerðir.

Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023, mál 1 og frumvarp til laga um breytingar á ýmsum gjöldum, mál 2.

7. nóvember 2022 UMFÍ telur margt gott og jákvætt að sjá í frumvarpinu. En að mati okkar rímar fjárlagafrumvarpið ekki við þær væntingar sem settar voru fram í metnaðarfullri fjármála-áætlun fyrir tveimur árum sem nær til ársins 2025. Ríkisframlag hefur lítið sem ekkert breyst í gegnum tíðina en allur kostnaður hefur aukist. Ríkisframlagið er UMFÍ og öðrum íþrótta- og æskulýðssamtökum gríðarlega mikilvægt enda veitir það fólki innan félagasamtaka eins og UMFÍ aukin tækifæri til að taka þátt í fjölbættu félagsstarfi, óformlegu námi og iðkun fjölbreyttra íþrótta um allt land.

Allsherjar- og menntamálanefnd: Umsögn við frumvarp til laga um íþrótta- og æskulýðsstarf (Hlutverk samskiptaráðgjafa, öflun upplýsinga), mál 597.

9. mars 2023 UMFÍ tekur heilshugar undir allt það sem styrkir og bætir starf samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs og eykur öryggi iðkenda í starfinu um allt land. UMFÍ hefur lengi mælt fyrir mikilvægi þess að auka öryggi iðkenda í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi og lagt lóð sitt á vogarskálarnar til að bæta starfið. Þær breytingar sem lagðar eru til við lög um samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs eru til þess fallnar að flytja þekkingu á milli og auka þar með öryggi iðkenda í íþróttastarfi. Á þeim forsendum styður UMFÍ breytingarnar.

Mennta- og barnamálaráðherra: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu, snemmtækur stuðningur o.fl.).

10. mars 2023 UMFÍ tekur heilshugar undir allt það sem bætir farsæld og velferð barna og ungmenna og veitir þeim aukin tækifæri til þátttöku. Um leið og við hjá UMFÍ tókum undir þessi markmið og breytingar leggjum við áherslu á að samhliða þessum breytingum þurfa að fylgja tól og tæki til þess að ná að uppfylla markmið, kröfur og skyldur. UMFÍ leggur áherslu á að lausn sé fólgin í aðkomu íþróttahéraða til að bæta og jafna farsæld barna um allt land.

Mennta- og barnamálaráðherra: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna. 153. Löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 1452-922.

9. maí 2023 UMFÍ tekur nú sem fyrr heilshugar undir allt það sem bætir farsæld og velferð barna og ungmenna og veitir þeim aukin tækifæri til þátttöku. Í fyrri vinnu við frumvarpið vöktum við sérstaklega athygli á 40. og 41. greinum þess, þar sem annars vegar er fjallað um markmið íþróttastarfs með börnum og breytta nálgun og áherslu á samfellu og samþættingu í þjónustu með það að markmiði að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Og svo hins vegar viðbættu ákvæði þar sem áréttuð er sérstök skylda aðila sem starfa á grundvelli laganna til að fylgjast með og bregðast við þörfum barna.

RÆÐUR OG GREINASKRIF

UMFÍ vinnur markvisst að því að skapa vettvang og verkefni sem mæta þörfum landsmanna og hvetur fólk til þátttöku. Markmiðið er að allir þjóðfélagshópar hafi aðgengi að fjölbreyttri hreyfingu og geti tekið fullan þátt í samfélaginu.

Ungt fólk og lýðræði: Saman hægt að lyfta grettistaki

10. september 2022 „Þótt mannkynið hafi tekið risastökk í tækniframförum í COVID-faraldrinum sýndi hann okkur líka að við áorkum minna ein. Ekkert verður til af sjálfu sér og flest allt verður til með samstarfi og samvinnu. UMFÍ er meira en félag fyrir ungt fólk. UMFÍ býr til umgjörð. Við sköpum aðstæður fyrir sem flesta til að vera með og taka þátt í félagsstarfi á eigin forsendum. Þessi ráðstefna er hluti af þeirri umgjörð. Nú erum við hér saman komin að ræða um umgjörðina, regluverkið sem við ætlum að byggja á til framtíðar. Í gegnum samræður og samvinnu getum við gert gott samfélag enn betra!“

– Jóhann Steinar Ingimundarson,
formaður UMFÍ, við setningu
ráðstefnunnar Ungt fólk og lýðræði

Of margir með úttroðnar varir og tóbaksnef

11. október 2022 „Íþróttahreyfingin verður að taka að sér forystuhlutverk og vera til fyrirmyndar um heilbriggt lífverni. Því miður eru enn of margir innan vébanda hennar sem sjást á vettvangi hreyfingarinnar með úttroðnar varir og tóbaksnef. Finnum gleðina í heilbrigðum lífsstíl og verum öll saman til fyrirmyndar!“

– Jóhann Steinar Ingimundarson,
formaður UMFÍ, við setningu
málþings um nikótín og heilsu

Þurfum að vera hugrökk

15. október 2022 „Við þurfum að vera hugrökk og hafa kjark til að takast á við breytta tíma. Hreyfingin er ótrúlega kraftmikil og hokin af reynslu. Við stöndum öll frammi fyrir þessu verkefni og því er vandinn samfélagslegur. Við sláum

ekki af og bitum í skjaldarrendur. Eitt af stærstu verkefnum fram undan eru lýðheilsuáttir í stóra samhenginu þar sem við horfum bæði á líkamlega og andlega þáttinn.“

– Jóhann Steinar Ingimundarson,
formaður UMFÍ, við setningu 44.
Sambandsráðsfundar UMFÍ

Forvarnargildi íþróttar er ótvírætt

22. nóvember 2022 „Yfir 60% barna í efstu bekkjum grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu stunda íþróttir. Iðkendur líður almennt vel, ungir iðkendur eru ánægðir með félagið sitt. Ungir iðkendur telja þeir heilsu sína betri en jafningja sinna sem standa utan íþróttafélaga. Þetta eru meðal annars niðurstaða úr Ánægjuvöginni sem sýnir fram á að forvarnargildi skipulags íþróttastarfs sé ótvírætt.“

– Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður
UMFÍ, ávarp í tilefni 100 ára afmælis UMSK

Nýjar nálganir opna dyr fólks að íþróttaiðkun

25. febrúar 2023 „Íþróttahreyfingin þarf að ná betur til þeirra einstaklinga sem af einhverjum ástæðum standa utan við skipulagt íþróttastarf. Hugmyndaauðgi, þor til að prófa nýja hluti og öðruvísi nálgun á eldri íþróttagreinum getur hjálpað til og opnað dyr fólks að íþróttafélögum svo sem flestir geti tekið þátt í íþróttum eigin forsendum. Nú er vinna í gangi með endurskoðun á fyrirkomulagi íþróttahéraða. Í dag eru þau alls 25 og hafa varið óbreytt í áratugi. Á sama tíma hefur starfsemi þeirra þróast í ólíkar áttir. Það er kominn tími breytinga svo að íþróttahéruð, héraðssambönd og íþróttafélög geti almennt veitt betri og þjónustu en áður. Það er öllum til góða.“

– Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður
UMFÍ, við setningu á ársþingi KSÍ

Með ungmennafélagsandann að leiðarljósi

25. apríl 2023 „Áskorunin er hvort íþróttir eru fyrir alla. Svárið er já í sumum tilfellum en nei í öðrum. Einstaklinga með fatlanir í íþróttum vantar fyrirmyndir, finna þarf lausnir til að allir geti verið með og auka þarf fræðslu til að gera það auðveldara. Við þurfum að eiga samtalið, auka sýnileikann og fá stuðning til þess að fara af stað.“

– Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ á málþingi ÖBÍ, eru íþróttir fyrir alla?

Íþróttahreyfingin þarf að breytast í takt við tíðarandann

5. maí 2023 „Okkur er kennt í sögubókum að þau sem standa eftir með lokuð augu sjá ekki sólina rísa og verða að steinum eins og tröllin í Þjóðsögunum. Við megum ekki verða steinrunnin. Þvert á móti þurfum við að breytast í takt við tíðarandann. Það er óþarfi að hræðast tímamót. Þau eru áskorun, úrlausnarefni sem við í íþróttahreyfingunni erum vön að standa frammi fyrir, kunnum að vinna saman úr og finna bestu leiðirnar.“

– Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, við setningu 76. Íþróttapings ÍSÍ

Regluleg hreyfing bætir árum við lífið

24. júní 2023 „Heilsuefning þátttakenda á Landsmóti UMFÍ 50+ er til fyrirmyndar. Hún sýnir börnum og afkomendum hversu gott það er að hreyfa sig alla ævi. Þau fylgja okkur vonandi eftir og gera jafnvel betur en við þegar röðin kemur að þeim. Það skiptir engu máli hvaða gögn við skoðum. Allar kannanir sýna að regluleg hreyfing, heilbrigður lífsstíll, heilnæmt mataræði og góður svefn bæta verðmætum árum við lífið. Mótaöld UMFÍ snýst um heilbrigði, samveru og gleði. Með árunum verður aukin áskorun að halda lífslukkunni gangandi. Finnum gleðina í því að hreyfa okkur eitt og með öðrum.“

– Gunnar Þór Gestsson, varaformaður UMFÍ, við setningu Landsmót UMFÍ 50+

Velkomin á Unglingalandsmót

4. ágúst 2023: „Unglingalandsmót UMFÍ er í mínum huga á meðal bestu verkefna UMFÍ, enda hittist þar gríðarlegur fjöldi fólks, sem skemmtir sér saman í keppni og leik, nýtur góðrar tónlistar, útivistar og samveru. Í mínum huga endurspeglar Unglingalandsmót UMFÍ mjög vel hið gamla og klassíska kjörorð UMFÍ: „Ræktun lýðs og lands“. Það umfaðmar þátttakendur, fangar lýðheilsuna og heilbrigða samveru.“

– Ragnheiður Högnadóttir, formaður framkvæmdastjórnar UMFÍ, í mótaskrá Unglingalandsmóts

Lífið er ferðalag

5. ágúst 2023 „Við vitum öll hversu einfalt það er að setja undir sig haus, bölvu roki og rigningu, leggjast svo bara upp í sófa og smella á næsta þátt á Netflix eða hanga í tölvunni. En slen er ekkert til að stæra sig af. Það er mun mikilvægara að finna gleðina í hreyfingu og samveru. Lífið er ferðalag sem við tökum öll þátt í. Það skiptast á skin og skúrir í öllu sem við gerum. Aðalatriðið er að halda áfram sama á hverju bjátar. Markmið UMFÍ með Unglingalandsmótinu og öðrum viðburðum er að stuðla að því að fólk geti notið ferðalagsins og fundið gleðina í lífinu.“

– Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, við setningu Unglingalandsmóts

Kappið geti því miður borið fegurðina ofurliði

7. ágúst 2023 „Við þekkjum í keppni að kappið getur borið fegurðina ofurliði. Mikilvægast við slíkar aðstæður er að geta litið í eigin barm, lært af aðstæðum og haldið áfram með virðingu og vinsemd fyrir hverju öðru. Þátttaka í mótum og samfélagi setur þá kröfu á alla að taka þarf tillit til ólíkra sjónarmiða og fjölbreytni mannlífs. Við vonum að eftir mótið sitji í minningabankanum skemmtilegir tímar með gömlum og nýjum vinum.“

– Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, við slit Unglingalandsmóts

FUNDIR OG SAMSKIPTI

UMFÍ hvetur til faglegra vinnubragða, gagnsæis og rekjanlegrar ákvarðanatöku. UMFÍ stuðlar að virku samráði og lýðræðislegum vinnubrögðum svo sambandsaðilar hafi vettvang til að tjá sig.

44. SAMBANDS-RÁÐSFUNDUR

44. Sambandsráðfundur UMFÍ fór fram á Höfn í Hornafirði 15. október 2022. Þetta var í fyrsta sinn sem fundurinn var haldinn þar. Rúmlega fjörutíu fulltrúar íþrótt- og ungmennafélags-hreyfingarinnar af öllu landinu sem aðild eiga að UMFÍ mættu á fundinn. Jóhanna Íris Ingólfssdóttir (USÚ) var kosin fundarstjóri og Sigurður Óskar Jónsson (UMFÍ/USÚ) var kosinn fundarritari.

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, hvatti fulltrúa íþróttahreyfingarinnar til að vera hugrakka og hafa kjark til að takast á við breytta tíma. „Hreyfingin er ótrúlega kraftmikil og hokin af reynslu. Við vitum hvað þarf til og með ungmennafélagsandann að leiðarljósi verður þetta skemmtilegt viðfangsefni í góðra vina hópi og verður samfélaginu til góða,“ sagði hann og hélt áfram:

„Við höfum þurft að endurhugsa sviðsmyndir, sem hafa margar reynst jákvæð skref. Við höfum tekið upp ný vinnubrögð, eigum að vera óhrædd við að hugsa hlutina upp á nýtt, starfshættina, fjárhagsmálin og styrktarmálin,“ sagði hann og benti á að eitt af stóru sporum íþrótt- og ungmennafélags-hreyfingarinnar væri flutningur á þjónustumiðstöð UMFÍ í Íþróttamiðstöðina í Laugardal. Í sama húsi eru skrifstofur ÍSÍ, Íþróttabandalags Reykjavíkur og Ungmennasambands Kjalarnesþings auk sérsambanda.

„Þessar breytingar og flutningurinn eru ákaflega jákvætt skref, samgangur og samskipti íþróttahreyfingarinnar verða mun meiri en nokkru sinni og munum við verða miklu sterkari saman en í sundur,“ sagði Jóhann, sem jafnframt gerði grein fyrir skýrslu stjórnar. Í skýrslunni var farið yfir helstu verkefni hreyfingarinnar frá síðasta sambandsþingi. Skýrslan skiptist upp í fimm stefnuþætti, Starfsemi, leiðir, verklag, mannauð og fjármál. Hann fjallaði um Skólabúðirnar, viðburð

ársins og helstu samstarfsverkefni UMFÍ. Þá sagði hann frá því að UMFÍ úthlutaði tæpum 293 milljónum króna úr lottósjóði til sambandsaðila á árinu.

HVATNINGARVERÐLAUN

Þremur félögum voru veitt Hvatningarverðlaun UMFÍ. Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, og Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, afhentu verðlaunin.

Hvatningarverðlaun UMFÍ hlutu:

- Ungmennasamband Austur-Húnavetninga (USAH) fyrir að efla íþróttastarf í héraði, m.a. fyrir samstarf Fram og Hvatar til eflingar íþróttanna í héraði.
- Ungmennasamband Kjalarnesþings (UMSK) fyrir verkefnið Virkni og vellíðan, samstarfsverkefni aðildarfélaganna Breiðabliks, Gerplu og HK sem miðar að heilsuefningu 60 ára og eldri.
- Ungmennafélagið Þróttur (UMFÞ) fyrir verkefnið Fögnum ástinni, átaksverkefni sem miðar að fjölgun iðkenda.

KYNNING Á STÖRFUM NEFNDA

Formenn og starfsfólk nefnda kynntu störf þeirra og voru eftir það almennar umræður um kynningarnar. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi UMFÍ, kynnti vinnu Útgáfu- og kynningarnefndar stuttlega. Gunnar Gunnarsson, formaður nefndarinnar, hafði reyndar farið ítarlegar yfir hana áður en fundurinn sjálfur hófst. Ragnheiður Högnadóttir, formaður framkvæmdastjórnar og formaður Móta- og viðburðanefndar, kynnti vinnu nefndarinnar. Þau Gunnar Þór Gestsson og Jóhanna Íris Ingólfssdóttir kynntu vinnu vinnuhóps um íþróttahéruð og lottóreglur. Miklar umræður spunnust út frá þeim kynningum.



VORFUNDUR 2023


Vorfundur er óformlegur fundur sambandsaðila UMFÍ þar sem forsvarsfólk sambandsaðila, stjórn og starfsfólk UMFÍ koma saman. Engar kröfur eru gerðar til þess að fundurinn sé haldinn í lögum eða reglugerðum en hefð hefur skapast fyrir fundinum.

Fundurinn fór fram laugardaginn 13. maí 2023 í íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi. Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, bauð gesti velkomna og flutti stutt ávarp. Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, fór yfir starfsemi UMFÍ og kynnti nýtt stjórnskipulag þjónustumiðstöðvarinnar. Ragnheiður Sigurðardóttir, verkefnastjóri UMFÍ, fór yfir þá þjónustu sem sambandsaðilum UMFÍ og aðildarfélögum þeirra stendur til boða frá UMFÍ. Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri Landsmóta UMFÍ, fór yfir viðburði sumarsins 2023 og hvatti fundargesti til þátttöku á þeim.

Eftir kynningarnar héldu þau Hermann Sigurðsson og Ásthildur Elva Bernharðsdóttir frá Háskólanum á Bifröst erindi um áfallastjórnun og viðbrögð við þeim. Þau voru líka með ýmis ráð til íþróttahreyfingarinnar. Eftir hádegishlé var þátttakendum skipt upp í umræðuhópa þar sem umræða um nýjar starfsstöðvar íþróttahreyfingarinnar á landsvísu voru teknar fyrir. Gunnar Þór Gestsson, formaður nefndar um íþróttahéruð og varaformaður UMFÍ, opnaði umræðuna og kynnti tillögur nefndar um íþróttahéruð. Að lokum tók ungmennafélagsandinn við og þátttakendur áttu góða stund saman í þilukasti og óformlegu samtali.

Góð þátttaka var á fundinum en alls mættu um 40 þátttakendur. Send var rafræn könnun til þátttakenda eftir fundinn. Niðurstöður hennar gáfu til kynna að 33% þátttakenda voru að mæta í fyrsta skipti á vorfund. Almenn ánægja var með flestar kynningar og nefndu margir sérstaklega að umræðuhópar með krukum og umræðuefni hefðu verið mjög góð og að félagslega samveran stæði upp úr.



STJÓRNARFUNDIR

Alls voru haldnir 25 stjórnarfundir hjá stjórn UMFÍ á starfstímabilinu 2021–2023. Stjórnarfundir voru haldnir víða um land eins og í Reykjavík, Borgarnesi, á Selfossi, Húsavík og Reykjum í Hrútafirði. Alls voru haldnir 14 staðfundir og 11 fundir í gegnum fjarfundarbúnað.

FUNDIR FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

Alls voru haldnir 30 framkvæmdastjórnarfundir á starfstímabilinu 2021–2023. Flestir fundir framkvæmdastjórnar voru haldnir í gegnum fjarfundarbúnað, eða alls 21 fundur. Níu fundir voru staðfundir.

NEFNDARFUNDIR

Alls voru haldnir 86 fundir hjá nefndum UMFÍ á starfstímabilinu 2021–2023 sem í flestum tilvikum fóru fram í gegnum fjarfundarbúnað.

- Fjárhags- og fasteignanefnd | 13 fundir
- Vinnuhópur um íþróttahéruð og lottó | 6 fundir
- Laganefnd | 3 fundir
- Móta- og viðburðanefnd | 10 fundir
- Sjóða- og fræðslunefnd | 11 fundir
- Ungmennabúðanefnd | 16 fundir
- Ungmennaráð | 23 fundir
- Útgáfu- og kynninganefnd | 10 fundir
- Unglingalandsmótsnefnd 2023 | 6 fundir
- Landsmótsnefnd UMFÍ 50+ 2023 | 6 fundir

HEIMSÓKNIR TIL SAMBANDAÐILA

Fulltrúar stjórnar og starfsfólks hafa heimsótt sambandsaðila á starfstímabili stjórnar. Um er að ræða heimsóknir í tengslum við aðal- og ársfundi sambandsaðila. Einnig var farið í heimsóknir til sambandsaðila í tengslum við kynningu á tillögum fyrir þing 2023. Önnur tilefni til heimsókna voru stórafmæli, vígsla íþróttamannvirkja og ýmsir aðrir viðburðir sambandsaðila UMFÍ.



SAMSTARFSADILAR

UMFÍ lætur sig lýðheilsu varða og leggur sitt af mörkum til að búa komandi kynslóðum sem best uppvaxtarskilyrði. UMFÍ leggur áherslu á að vinna að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska fólks.

STARFSHÓPAR

ÍPRÓTTANEFND RÍKISINS

Hlutverk nefndarinnar er að veita ráðuneytinu ráðgjöf í íþróttamálum og gera tillögu til ráðuneytisins um fjárframlög til íþróttamála og úthlutun fjár úr íþróttasjóði.

Íþróttanefnd starfar skv. 4. gr. Íþróttalaga nr. 64/1998. Fulltrúi UMFÍ er Haukur Valtýsson og Ragnheiður Högnadóttir er varamaður.

ÆSKULÝÐSRÁÐ

Hlutverk Æskulýðsráðs er samkvæmt æskulýðslögum að vera stjórnvöldum til ráðgjafar í æskulýðsmálum og gera tillögur um áherslur og stefnumótum í málaflokknum.

Það á að veita umsagnir um mál er varða æskulýðsstarfsemi, leitast við að efla æskulýðsstarfsemi félaga, félagasamtaka, skóla og sveitarfélaga og stuðla að samvinnu þessara aðila um æskulýðsmál. Jafnframt efnir það til funda og ráðstefna um æskulýðsmál, tekur þátt í erlendu samstarfi um æskulýðsmál eftir nánari ákvörðun ráðherra, stuðlar að þjálfun og menntun forystufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða og sinnir öðrum verkefnum sem ráðherra felur því. Fulltrúi UMFÍ er Ragnheiður Sigurðardóttir, verkefnastjóri UMFÍ.

VINNUHÓPUR UM LÝÐHEILSU

Ráðherra barna- og menningarmála skipaði í júní 2022 verkefnahóp sem hefur það hlutverk að vinna að mótun aðgerðaráætlunar með lýðheilsustefnu sem ætlað er að hvetja fólk til að huga að eigin heilsu.

Í hópnum sitja fulltrúar frá Mennta- og barnamálaráðuneyti, Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, UMFÍ, Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands, Embætti landlæknis, Þróunarmiðstöð íslenskrar

heilsugæslu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Heilbrigðisráðuneytinu. Formaður hópsins er Gauti Grétarsson sjúkraþjálfari.

Fulltrúi UMFÍ er Valdimar Gunnarsson og er Ragnheiður Högnadóttir varamaður.

MANNRÉTTINDI BARNNA Á ÍSLANDI

UMFÍ er í hópi níu félagasamtaka sem um þriggja ára skeið hafa unnið saman að gerð skýrslu um stöðu mannréttinda barna á Íslandi fyrir Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna.

Auk UMFÍ í hópnum eru Barnaheill, Heimili og skóli, Landssamtökin Þroskahjálp, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rauði krossinn á Íslandi, Samfés, UNICEF á Íslandi og Öryrkjabandalagið. Fulltrúi UMFÍ er Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi UMFÍ.

STARFSHÓPUR UM STÖÐU OG RÉTTINDI AFREKSÍPRÓTTAFÓLKS

Mennta- og barnamálaráðuneytið og Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands skrifuðu í janúar 2023 undir samstarfssamning um stefnumörkun og uppbyggingu afreksíþróttastarfs á Íslandi.

Samkomulagið felur í sér að Vésteinn Hafsteinsson starfi með íslenskum stjórnvöldum að mótun aðgerða til að bæta stöðu og réttindi afreksíþróttafólks. Samhliða skipaði Ásmundur Einar Daðason sérstakan starfshóp til að halda utan um vinnuna og veitir Vésteinn hópnum forystu. Hlutverk hópsins er að yfirfara og leggja til breytingar á fyrirkomulagi, löggjöf og öðru sem þurfa þykir til að stuðningur við afreksíþróttafólk hér á landi verði í fremstu röð. Hópnum er einnig falið að skoða sérstaklega kostnaðarþátttöku í landsliðsstarfi.

UMFÍ leggur áherslu á gott samstarf við félagasamtök, stofnanir, stjórnvöld og skólasamfélagið sem samræmast stefnu og gildum UMFÍ.

Hópurinn er skipaður tveimur fulltrúum frá mennta- og barnamálaráðuneytinu. Fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Íþróttanefnd ríkisins, Heilbrigðisráðuneyti, Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og tveimur fulltrúum frá Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands. Guðmunda Ólafsdóttir er fulltrúi UMFÍ.

HÁSKÓLA- OG FRÆÐASAMFÉLAGIÐ

RANNSÓKNARMÍÐSTÖÐ ÍSLANDS

RANNÍS styrkir mörg málefni á sviði æskulýðsstarfs og íþróttá. Áætlun Evrópusambandsins á sviði menntunar, æskulýðsmála og íþróttá er nefnd Erasmus+.

UMFÍ hefur margoft nýtt sér þau fjölmörgu tækifæri sem styrkjarmöguleikarnir bjóða upp á og hlotið styrki fyrir ýmis verkefni. Þar á meðal eru ferðir sambandsaðila UMFÍ til Norðurlanda, fundir vegna stefnumótunarvinna UMFÍ og ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði.

Á vormánuðum 2023 sótti UMFÍ um á gæðavottun (quality label) European Solidarity Corps sem er Evrópuætlun fyrir ungt fólk sem vil sýna samstöðu á fjölbreyttum vettvangi. Í september fékk UMFÍ staðfestingu á að umsókn UMFÍ hefði verið samþykkt. Gæðavottunin veitir UMFÍ m.a. tækifæri til þess að taka á móti erlendum sjálfboðaliðum sem vilja taka þátt í starfi UMFÍ. Vottunin gildir til ársins 2027.

RANNSÓKNIR OG GREINING

Frá stofndegi hefur fyrirtækið Rannsóknir og greining haft umsjón með fjölmörgum rannsóknum um hagi og líðan barna og ungmenna bæði á Íslandi og erlendis. Rannsóknaröðin Ungt fólk er ein þeirra.

Undir eru öll ungmenni í grunn- og framhaldsskólum landsins og þau spurð ýmissa gagnlegra spurninga á nokkurra ára fresti. Niðurstöðurnar nýtast við stefnumótun í forvarnarstarfi.

Frá árinu 2012 hefur R&g unnið Ánægjuvögina fyrir UMFÍ og ÍSÍ.



SAMBANDSAÐILAR, FYRIRTÆKI OG FÉLAGASAMTÖK

ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS

Starfsfólk UMFÍ vinnur mikið og náið með starfsfólki Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ). Samstarfið er af ýmsum toga, allt frá samvinnu við sameiginleg verkefni, miðlun reynslu og þekkingar og samtals við stjórnvöld um sameiginlega hagsmuni íþróttahreyfingarinnar. Eftir flutning UMFÍ í Íþróttamiðstöðina í Laugardal hafa samlegðaráhrif og samskipti samtakanna aukist og styrkst til hins betra.

ÆSKULÝÐSVETTANGURINN

Æskulýðsvettvangurinn (ÆV) er samstarfsvettvangur UMFÍ, Bandalags íslenska skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

ÆV hefur starfað frá árinu 2007 en var formlega stofnað sumarið 2012. ÆV hefur frá fyrsta degi þjónustað þau félagasamtök sem saman mynda vettvanginn og aðildarfélög þeirra með fræðslu og forvörnum fyrir starfsfólk og sjálfbóðaliða, meðal annars um kynferðisbrot, einelti og aðra óæskilega hegðun sem getur komið upp í félagsstarfi.

Í október 2022 tók Valdís Helga Þorgeirsdóttir við af Semu Erlu Serdar sem ný verkefnastýra. Valdís er, eins og Sema áður, með aðstöðu í þjónustumiðstöð UMFÍ.

Æskulýðsvettvangurinn hefur m.a. unnið að þróun verkfæra, sem íþróttá- og æskulýðsfélög og aðrir sem starfa með börnum og ungmennum eru hvött til að nýta sér og stuðla að inngildandi félagi og starfsemi. Eitt verkefnanna er Barnavernd – netnámskeið, sem ætlað er að auka þekkingu starfsfólks og sjálfbóðaliða um land allt á einelti, ofbeldi og áreitni sem börn og ungmenni geta orðið fyrir og afleiðingar þess. Námskeiðið er gjaldfrjálst.

Ragnheiður Sigurðardóttir, verkefnastjóri UMFÍ, situr í ráðgjafahópi ÆV.

ALMANNAHEILL

UMFÍ var einn af stofnaðilum Almannaheilla, samtökum þriðja geirans, árið 2008. Markmið samtakanna er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum fyrir almannaheillasamtök og sjálfs-eignarstofnanir sem starfa í almannáþágu, vinna að sem hagfelldustu starfsumhverfi fyrir þessa aðila, styrkja ímynd þeirra, efla stöðu þeirra í samfélaginu og koma fram fyrir hönd þriðja geirans gagnvart opinberum aðilum og fjölmiðlum.

Fulltrúi UMFÍ í stjórn samtakanna er Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi UMFÍ.



ERLEND SAMSKIPTI

SYSTURSAMTÖK UMFÍ

Danmarks Gymnastik og Idrætsforeninger (DGI) eru systursamtök UMFÍ í Danmörku. Mikil samvinna er á milli samtakanna og koma margar fyrirmyndir að verkefnum UMFÍ frá DGI. Í gegnum tíðina hefur töluverður samgangur og samskipti verið á milli DGI og UMFÍ og hópar hafa farið landa á milli til að kynna sér starfsemi og rekstur í löndunum tveimur. Sem dæmi má nefna ferðir UMFÍ með starfsfólk ungmennafélags-hreyfingarinnar 2015, 2017, 2019 og 2022.

Þrjár fulltrúar frá samtökunum heimsóttu Unglingalandsmót UMFÍ 2023 á Sauðárkróki til að endurgjalda heimsókn fulltrúa UMFÍ á danska landsmótið sumarið 2022.

SAMTÖK UM ALMENNINGS-ÍPRÓTTIR OG MENNINGU

UMFÍ er aðili að International Sport and Culture Association (ISCA), sem eru samtök um almenningsíþróttir og menningu fjölmargra landa. UMFÍ hefur tekið þátt í fjölmörgum verkefnum með ISCA í gegnum árið.

Nýjasta samstarfsverkefnið er samnorðað og heitir Integration and Learning Through Sport and Play for Ukrainian Children in the Nordics. UMFÍ var samstarfsaðili í svipuðu verkefni með ISCA árin 2019–2020. Yfirheiti verkefnisins á ensku er Integration of Refugees Through Sport (skammstafað IRTS). Markmið verkefnisins er að aðstoða flóttabörn frá Úkraínu til þess að aðlagast nýju samfélagi í gegnum þátttöku í íþróttum. Að auki er markmiðið að efla tengsl og deila þekkingu ólíkra félagasamtaka á Norðurlöndunum. Hjá UMFÍ heitir verkefnið Vertu með og er markmið þess að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Aðrir samstarfsaðilar að verkefni eru Monaliiku frá Finnlandi, Íþróttahéraðið Viken í Noregi og Dansk Skoleidrætt í Danmörku. Tímalína verkefnisins er 1. nóvember 2022–30. apríl 2024.

Ragnheiður Sigurðardóttir, verkefnastjóri UMFÍ, og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi UMFÍ, sóttu vinnufund í tengslum við verkefnið í Danmörku 5.–8. febrúar 2023.

Í byrjun október 2022 kom boð frá ISCA um þátttöku á ráðstefnu sambandsins í Brussel, dagana 21.–24. nóvember 2022. Einar Þorvaldur Eyjólfsson, fjármála- og rekstrarstjóri UMFÍ, og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi UMFÍ, sóttu ráðstefnuna fyrir hönd UMFÍ.

Ráðstefnunni var skipt upp í tvennt, annars vegar HealthyLifestyle4All og hins vegar Integration of Refugees Through Sport. Ráðstefnan einkenndist af fjölmörgum fyrirlestrum og vinnustofum þar sem að unnið var í smáum hópum og í lok hverrar lotu þá kynnti hver hópur afrakstur hópastarfsins. Milli viðburða var lögð áhersla á að óformleg samskipti þátttakenda. Forsvarsmenn ISCA lýstu yfir ánægju sinni með þátttöku fulltrúa UMFÍ á ráðstefnunni og vonuðust til þess að nýir samstarfsfletir myndu skapast í framtíðinni.

SAMTÖK UNGMENNAFÉLAGA Á NORÐURLÖNDUM

Nordisk Ungdomsorganisation, (NordUng, var áður stýtt sem NSU) eru samtök æskulýðsfélaga á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum. Á meðal verkefna samtakanna eru ungmennaskipti, ungmennavíkur, markmiðsráðstefnur og ungbændaráðstefnur.

Í mars 2023 héldu samtökin aðalfund sinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Stjórn NordUng fundaði með stjórn UMFÍ og snæddu meðlimir beggja stjórna kvöldverð. Halla Margrét Jónsdóttir, varaformaður ungmennaráðs UMFÍ, er fulltrúi UMFÍ í stjórn samtakanna.

Þær Embla Líf Hallsdóttir, Halla Margrét Jónsdóttir, Hrefna Dís Pálsdóttir og Sara Jóhanna Geirsdóttir Waage, sem eru allar í ungmennaráði UMFÍ, tóku þátt í leiðtogavíku í Danmörku dagana 17.–21. maí 2023. Markmiðið með þátttökunni var að kynnast ungmennum frá hinum Norðurlöndunum, læra á ný verkfæri og verða enn betri leiðtogar í eigin lífi. Mikil ánægja var með daginn. Þær eru sammála um að þær hafi komið heim með fullan bakpoka af nýjum verkfærum sem muni nýtast þeim í verkefnum hjá UMFÍ.

Embla Líf Hallsdóttir, formaður ungmennaráðs UMFÍ, tók jafnframt þátt í Ungmennaviku NordUng sem fram fór í Nuuk á Grænlandi dagana 22.–30. júlí. Þar var fjallað um minni- og meiri-hlutahópa frá mismunandi sjónarhornum. Rætt var um tækifærin sem fólk fær og hvaða hópar fá þau síður, hvaða hópar eru valdameiri og þar fram eftir götunum. Embla var mjög ánægð með vikuna og kom heim reynslunni ríkari. Draumur Emblu er að sem flestir fái tækifæri til þátttöku í íþrótta- og æskulýðsstarfi.

Stúlkurnar þakka UMFÍ fyrir veittan stuðning og styrk til þátttökunnar. Þær hvetja UMFÍ til þess að halda áfram að veita ungu fólki tækifæri og styrki til þess að geta tekið þátt í svipuðum verkefnum.

LÝÐHÁSKÓLAR

UMFÍ og Højskolernes Hus (HH) í Kaupmannahöfn eru með samstarfssamning um verkefni tengt námsdövl íslenskra ungmenna í dönskum lýðháskólum. HH heldur utan um alla lýðháskóla í Danmörku og er námsframboðið fjölbreytt.

HEIMSÓKNIR Í ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

Í gegnum tíðina hefur þjónustumiðstöð UMFÍ tekið á móti fjölda gesta, bæði innlendum og erlendum aðilum. Hér eru nokkur dæmi um heimsóknir á tímabilinu.

1. desember 2022 heimsóttu nemendur við íþróttafræði- og lýðheilsuþraut við Fjölbautaskóla Suðurnesja (FS) Íþróttamiðstöðina í Reykjavík og kynntu sér starfsemi UMFÍ og ÍSÍ, íþróttalífið og ýmislegt fleira um lýðheilsu. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi UMFÍ, og Þórarinn Alvar Þórarinnsson, sérfræðingur á sviði fræðslu- og almenningsíþrótta hjá ÍSÍ, fræddu nemendurna um allt sem þau vildu vita um íþróttaheyringuna og ýmis samstarfsverkefni UMFÍ og ÍSÍ.

2. mars 2023 færði Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ, Jóhanni Steinari Ingimundarsyni, formanni UMFÍ, glaðning fyrir hönd stjórnar og starfsfólks ÍSÍ. Tilfnið var fyrsti fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ í nýjum og endurbættum ráðstefnusölum í Íþróttamiðstöðinni við Engjaveg.

30. mars 2023 heimsótti stjórn Félags áhuga-fólks um íþróttir aldraðra (FÁÍA) þjónustumiðstöð UMFÍ. Í félaginu er afar virkir fyrrverandi kennarar og áhugafólk um heilsuefingu eldri borgara og hafa þau haldið námskeið og staðið fyrir keppnum víða um land fyrir eldri borgara í ýmsum greinum. Hópurinn lét vel af heimsókninni, ræddu við starfsfólk UMFÍ, fræddust um Landsmót UMFÍ 50+ og að lokum horfðu þau á myndefni sem Marteinn Sigurgeirsson kvikmyndagerðarmaður tók saman um Landsmóts UMFÍ frá 1909–2013.

30. mars 2023 heimsóttu nemendur á Afreksíþróttasviði Borgarholtsskóla íþróttamiðstöð UMFÍ. Nemendurnir fengu þar kynningu á starfsemi og helstu viðburðum UMFÍ. Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, tók á móti hópnum og kennurum þeirra og svaraði ýmsum spurningum sem kviknuðu hjá nemendum.

12. apríl 2023 heimsóttu sérfræðingar hjá barna- og menntamálaráðuneytinu þjónustumiðstöð UMFÍ. Unnið er að uppfærslu á íþróttalögum ríkisins. Heimsóknin var liður í aðdraganda þeirrar vinnu að funda með helstu hagsmunaaðilum og ræða um hvaða breytingar þarf að gera á lögunum svo þau svari kalli samtímans. Fulltrúar ráðuneytisins voru Óskar Þór Ármannsson, sérfræðingur á skrifstofu stefnumótunar og innleiðingar hjá mennta- og barnamálaráðuneytinu, Hildur Ýr Þórðardóttir, lögfræðingur ráðuneytisins, og Örvar Ólafsson, sérfræðingur á sviði íþróttamála. Fundinn sátu fyrir hönd UMFÍ þau Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, Guðmundur G. Sigurbergsson, gjaldkeri stjórnar UMFÍ, Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, Einar Þorvaldur Eyjólfsson, fjármála- og rekstrarstjóri UMFÍ, Guðmunda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri ÍA og fulltrúi í varastjórn UMFÍ og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi UMFÍ.

25. maí 2023 kom Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, í heimsókn í nýja þjónustumiðstöð UMFÍ ásamt fleirum úr ráðuneytinu. Þar ræddi hann við Jóhann Steinar Ingimundarson, formann UMFÍ, og fleiri um UMFÍ, stöðu íþróttamála, ýmislegt tengt íþrótt- og æskulýðsstarfi, mót UMFÍ, starf skólabúðanna og margt fleira. Aðrir gestir með ráðherra voru Örvar Ólafsson, sérfræðingur íþróttamála, Victor Berg Guðmundsson, sérfræðingur í ráðuneytinu, og Teitur Erlingsson, aðstoðarmaður ráðherra. Fulltrúar UMFÍ voru Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, Guðmundur G. Sigurbergsson, gjaldkeri stjórnar UMFÍ, og Guðmunda Ólafsdóttir, fulltrúi stjórnar UMFÍ.



16. júní 2023 komu þeir Björn B. Jónsson og Haukur Valtýsson, fyrrverandi formenn UMFÍ, þjónustumiðstöð UMFÍ. Saman skoðuðu þeir sig um og ræddu um starfið við þau Jóhann Steinar Ingimundarson, formann UMFÍ og Auði Ingu Þorsteinsdóttur, framkvæmdastjóra UMFÍ. Björn sat í stjórn UMFÍ í tólf ár, þar af sex sem varaformaður og jafn mörg sem formaður. Hann hætti á sambandsþingi UMFÍ árið 2007. Haukur sat í stjórn UMFÍ í áratug, þar af sem formaður í sex ár eða þar til hann ákvað að gefa ekki kost á sér á sambandsþingi árið 2021.



4. júlí 2023 heimsótti Mogens Kirkeby, forseti grasrótarsamtakanna ISCA og stjórnarmaður hjá Danmarks Gymnastik og Idrætsforeningen (DGI) sem eru systursamtök UMFÍ í Danmörku, þjónustumiðstöð UMFÍ. ISCA heita fullu nafni International Sport and Culture Association og eru samtök um almenningsíþróttir og menningu fjölmargra landa. UMFÍ hefur lengi tekið þátt í fjölmörgum verkefnum ISCA og í samstarfi við ISCA og önnur aðildarfélag. Mogens ræddi við Auði Ingu Þorsteinsdóttur, framkvæmdastjóra UMFÍ um starfsemi og verkefni UMFÍ, ISCA og DGI.



BÆJARMÓT Í LITHÁEN

Fulltrúar UMFÍ fóru til Litháen dagana 28. júní–5. júlí til að fræðast um og kynnst skipulagningu íþróttahátíðar í bænum Dusetos í sveitarfélaginu Zarasai, rúmlega 130 km norður af Vínúis, höfuðborg Litháen.

Á haustdögum 2022 sendi Mindaugas Levickis, formaður og framkvæmdastjóri íþróttasambandsins Lietuvos Kaimo Sporto IR Kultūros Asociacija „Nemunas“ (eftirleiðis nefnt Nemunas), í Litháen erindi til UMFÍ og leitaði eftir samvinnu. Það fól í sér að Nemunas myndi sækja um tvo styrki til Uppbyggingarsjóðs EES (FMO) í Brussel. Annar styrkurinn ætti að fjármagna heimsókn fulltrúa Nemunas til Íslands til að kynna sér mótahald UMFÍ eða mótahald sambandsaðila. Hinn fól í sér að bjóða fulltrúum UMFÍ á viðburð á vegum Nemunas.

UMFÍ vann styrkbeiðnir með Nemunas. Þegar upp var staðið fékk Nemunas aðeins styrk til að bjóða fulltrúum UMFÍ til sín.

Til Litháen fóru tveir stjórnarmenn UMFÍ og einn starfsmaður: Ragnheiður Högnadóttir, formaður framkvæmdastjórnar UMFÍ og formaður móta- og viðburðanefndar UMFÍ, Málfríður Sigurhansdóttir meðstjórnandi og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi UMFÍ.

Tilgangur ferðarinnar var að sjá framkvæmd móts Nemunas og tengingu við bæjarhátíð. Markmiðið var að sjá hvernig mótshaldarar bera sig við í skipulagningu viðburða og fleiri þætti, svo sem fjáröflun og samstarf við styrktaraðila. Jafnframt var fræðst um stöðu lýðheilsamála í Litháen.

Íþróttahátíðin stóð yfir helgina 1.–2. júlí. Í tengslum við hátíðina fengu fulltrúar UMFÍ kynningu á uppbyggingu íþróttamála í Litháen, stuðning hins opinbera við íþróttastarf í Litháen, aðstæður íþróttafélaga, styrkjamál, fjármögnun móta og samstarf við styrktaraðila og sveitarstjórn. Jafnframt var skoðunarferð um íþróttaskóla í borginni Zarasai.

Á heildina litið var ferðin afar gagnleg. Þar sáu fulltrúar UMFÍ ýmislegt nýtt og forvitnilegt, nýjar nálganir. Á sama tíma fræddust fulltrúar UMFÍ um starf íþróttafélaga við krefjandi aðstæður. Öðru fremur myndaðist brú á milli Íslands og Litháen sem hægt er að nýta betur, svo sem í samskiptum við þann mikla fjölda Litháa sem búsettir eru hér á landi.

SPECIAL OLYMPICS 2023

Special Olympics var haldið í Berlín í Þýskalandi dagana 17.- 25. júní 2023. Jóhanni Steinari Ingimundarsyni, formanni UMFÍ, og Auði Ingu Þorsteinsdóttur, framkvæmdastjóra UMFÍ, var boðið af hálfu Íþróttasambands fatlaðra (ÍF) að taka þátt. Ákveðið var að þiggja boðið í ljósi aukins samstarfs og samvinnu, meðal annars vegna samstarfsverkefnis ÍF, ÍSÍ og UMFÍ um þátttöku fatlaðra barna í íþróttastarfi.

Samtökin Special Olympics International (SOI) voru formlega stofnuð af Kennedy-fjölskyldunni þegar fyrstu sumarleikarnir fóru fram í Chicago í Bandaríkjunum árið 1968. Keppendur voru þá eingöngu frá Norður-Ameríku. Leikarnir voru haldnir á fjögurra ára fresti allt til ársins 2003, þegar fyrstu leikarnir utan Bandaríkjanna voru haldnir í Dublin á Írlandi. Stofnandi samtakanna var Eunice Kennedy Shriver. Timothy Kennedy Shriver, sonur hennar, er forseti SOI í dag. Áhrif Kennedy-fjölskyldunnar koma fram í öllu starfi samtakanna og hafa gert þeim kleift að ná gífurlegri útbreiðslu. Starfsemin byggist upp á því að búa til vettvang fyrir einstaklinga með þroskahömlun svo að þeir fái tækifæri til þátttöku í íþróttastarfi þar sem virðing og jafnræði ríkir og allir eru sigurvegarar. Allir geta verið með, jafnt byrjendur sem lengra komnir.

Fulltrúar UMFÍ sóttu eftir bestu getu alla þá viðburði þar sem Íslendingar voru á meðal keppenda ásamt því að taka þátt í samverustundum með sendinefnd ÍF. Reynt var að heimsækja mismunandi greinar og staði. Einnig var fundað með ÍF, Ásmundi Einari Daðasyni, mennta- og barnamálaráðherra, styrktaraðilum og embætti Forseta Íslands.







REKSTUR

50 MILLJARÐAR FRÁ UPPHAFI

Eigendur Íslenskrar getspár eru stærstu og öflugustu fjöldahreyfingar íslensks samfélags, Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands, Öryrkjabandalag Íslands og Ungmennafélag Íslands. Frá stofnun Getspár 1986 hafa eigendur fengið um 50 milljarða króna, uppreiknað miðað við vísitölu, í arðgreiðslur frá Getspá. Þetta eru fjármunir sem hafa mikla þýðingu fyrir rekstur og uppbyggingu innviða og almenna starfsemi eigenda Getspár.

Árið 2022 var besta rekstrarár Íslenskrar getspár frá upphafi. Tekjuafgangur ársins nam rúmum 2,7 milljörðum króna. Starfsemi og verkefni ársins voru fjölbreytt og víðamikil. Gerðar voru breytingar á leikjaformúlu Lottó úr 5/40 í 5/42 og breytingar voru gerðar á EuroJackpotleiknum þannig að byrjað var að draga tvisvar í viku, á þriðjudögum og föstudögum, auk þess sem stjórnutölum var fjölgað um tvær og er því formúla leiksins 5/50 plús 2/12. Stjórnin er ánægð með þá ákvörðun sem tekin var 2013 um auknar fjárfestingar í tækninýjungum. Þær fjárfestingar hafa svo sannarlega skilað sér en áfram skal haldið í þróun stafrænnar tækni. Með nýjustu tækni og sterku markaðsstarfi fer tæplega 70% af sölu fram með netleiðum ýmiss konar. Hér er átt við internetið, Appið og áskrift í gegnum netið. Árið 2022 var einnig afar gott rekstrarár fyrir Íslenskar getraunir, sem greiddu tæplega 500 milljónir til íþróttamála.

Áfram störfum við í erfiðu rekstrarumhverfi vegna ólögleggrar starfsemi erlendra spilafyrirtækja hér á landi. Ekki náðist samstaða um næstu skref á íslenskum happdrættismarkaði í starfshópi sem skipaður var af þáverandi dómismálaráðherra 2021

og koma átti með tillögur að réttarbótum í mála-flokknum. Fram komu þrjú álit frá starfshópnum, eitt frá formanni starfshópsins, eitt frá Samtökum áhugafólks um spilafíkn og svo loks fjölmennasta álitnið frá fulltrúum allra happdrættisfyrirtækja á íslenskum happdrættismarkaði.

Stjórnir og starfsfólk Getspár – Getrauna hafa staðið þétt saman í rekstri og áherslum félagana undanfarin ár og svo verður áfram. Stjórnirnar fundar í hverjum mánuði og stjórnarmenn gera sér far um að fylgjast vel með rekstri og stjórnun fyrir-tækisins. Áhersla er á öflugt upplýsingastreymi til stjórnarmanna til að tryggja góða stjórnar-hætti. Fulltrúi UMFÍ í stjórn Íslenskrar getspár er Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMFÍ. Fulltrúi UMFÍ í stjórn Getrauna er Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ.

Framkvæmdastjóri Getspár er Stefán Konráðsson.

Stöndum saman um að verja hagsmuni öryrkja, stöndum saman um áframhaldandi þróun og nýjungar og gleymum aldrei þeim góða málstað sem við viljum verja í þágu íþróttta, öryrkja og ungmenna.

AUKAGREIÐSLA TIL SAMBANDSAÐILA

Afkoma Íslenskrar getspár af lottóspilun var afar góð árið 2022. Eigendur fyrirtækisins fengu því greiddar 250 milljónir króna í aukagreiðslu vegna þess. UMFÍ fékk um 33 milljónir króna í aukaarðgreiðslu. Stjórn UMFÍ ákvað á fundi sínum 16. desember 2022 að greiða upphæðina út fyrir jólin samkvæmt reglugerð til sambandsaðila. Greiðslan var viðbót við reglulegan stuðning UMFÍ við sambandsaðila allt árið um kring. UMFÍ hefur nokkrum sinnum á síðustu árum fengið aukagreiðslu sem þessa frá Íslenskri getspár þegar afkoman er góð. Sambandsaðilar UMFÍ nutu að sjálfsgöðu góðs af því þá eins og nú.

2,7 milljarðar

Arðgreiðsla Getspár til eignaraðila 2022



278 milljónir

Greiddar til sambandsaðila UMFÍ auk 25 milljóna króna úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ 2022



250 milljónir

Aukaúthlutun frá Íslenskri getspá til eignaraðila 2022



33 milljónir

Hlutdeild UMFÍ í aukaúthlutun frá Íslenskri getspá til eignaraðila 2022

13,33%

Eignarhlutur UMFÍ í Íslenskri getspá
46,67% Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands
40,00% Öryrkjabandalag Íslands



LOTTÓREGLUR OG ÚTHLUTUN TIL SAMBANDSAÐILA

I. Skipting lottótekna UMFÍ

- 79% til sambandsaðila.
- 14% til UMFÍ.
- 7% til Fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

II. Skipting lottótekna sambandsaðila UMFÍ

- 20% er skipt jafnt samkvæmt sérstakri reglu.
- 40% er skipt eftir íbúafjölda samkvæmt sérstakri reglu.
- 40% er skipt eftir félagsmannafjölda samkvæmt sérstakri reglu.

III. Regla vegna jafnrar skiptingar milli sambandsaðila

Skilyrði fyrir úthlutun hvers ár úr jafna hlutanum er að fulltrúi sambandsaðila hafi mætt á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Hlutur þeirra sem mæta ekki deilist á þá sambandsaðila sem mættu á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Að þeim skilyrðum uppfylltum er skipting sambandsaðila sem hér segir:

- Einn hlutur: Héraðssambönd.
- 30% af hlut: Keflavík íþrótt- og ungmennafélag, UMFN, UMFG, UMFE, UMFÞ og UFA.
- 10% af hlut: UMFÓ, USK, UMFK, Umf. Vesturhlíð og Umf. Víkverji.

IV. Regla vegna íbúafjölda

Félög með beina aðild að UMFÍ fá úthlutað miðað við íbúafjölda þannig að félagsmannafjöldi félags með beina aðild er margfaldaður með 1,7. Niðurstaðan er tala sem

myndar íbúafjölda þeirra. Þessi reiknaði íbúafjöldi verður þó aldrei hærri en raunverulegur íbúafjöldi á félagssvæði viðkomandi félags skilgreint samkvæmt lögum þess eða skilgreindu starfssvæði þess sem sveitarfélagið setur því. Samanlagður íbúafjöldi tveggja eða fleiri félaga sem starfa innan sama sveitarfélags getur þó aldrei orðið hærri en íbúafjöldi viðkomandi sveitarfélags.

V. Regla vegna félagsmannafjölda

Félagsmannafjöldi til grundvallar lottóúthlutun er reiknaður út einu sinni á ári og skal miðast við félagsskrá sambandsaðila 31. desember ár hvert.

VI. Aðrar forsendur fyrir úthlutun sambandsaðila

Starfi sambandsaðili ekki samkvæmt lögum UMFÍ kemur hann ekki til greina við úthlutun. Stjórn UMFÍ skal setja vinnureglur þar að lútandi sem taki m.a. tillit til hvort haldinn hafi verið aðalfundur/ársþing og hvort starfsskýrslu og ársskýrslu hafi verið skilað til UMFÍ.

Starfsskýrslu og ársskýrslu skal skilað eigi síðar en 15. nóvember ár hvert. Uppfylli sambandsaðili ekki þessi skilyrði skal UMFÍ frysta greiðslur til viðkomandi. Greiðsla sem hefur verið fryst í tvö ár rennur í Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ og er óafturkræf. Forsendur í lottóúthlutun skal miða við 31. desember ár hvert, þ.e. íbúatölu eins og hún er staðfest af Hagstofu Íslands og félagatal eins og það liggur fyrir á sama tíma. Ekkert héraðssamband eða

félag með beina aðild getur fengið hærri hlutfall en 30% af lottóúthlutuninni.

VII. Nýir sambandsaðilar

Reglur þessar eiga eingöngu við um þau héraðssambönd, ungmennasambönd og ungmennafélög með beina aðild sem voru aðilar að UMFÍ hinn 31. desember 2018. Aðrir sambandsaðilar að UMFÍ fá ekki úthlutað lottófé frá UMFÍ. Þegar náðst hefur samkomulag um samræmdar reglur um skiptingu lottóágóða sem gildi bæði fyrir sambandsaðila UMFÍ og ÍSÍ, skal breyta reglum þessum til samræmis við það samkomulag en til þess þarf aukinn meirihluta á Sambandsþingi UMFÍ, í samræmi við 16. grein laga UMFÍ.

VIII. Um úthlutun

Fyrir 15. hvers mánaðar skal úthluta öllum ágóða sem borist hefur fyrir næsta mánuð á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilgrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

Bráðabirgðaákvæði

UMFÍ skal hafa tveggja ára aðlögunartíma til að breyta greiðslutíma sem ákveðinn er í VIII. lið reglugerðarinnar.

Samþykkt á 51. Sambandsþingi UMFÍ á Laugarbakka árið 2019.

LOTTÓÚTHLUTUN TIL SAMBANDSAÐILA UMFÍ

	2022	2021	2020
Héraðssamband Bolungavíkur	4.674	4.508	3.759
Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	8.067	8.283	6.798
Héraðssamband Strandamanna	4.590	4.449	3.714
Héraðssamband Vestfirðinga	8.457	8.605	7.254
Héraðssamband Þingeyinga	8.818	8.927	7.646
Héraðssambandið Hrafna-Flóki	5.007	4.830	4.096
Héraðssambandið Skarphéðinn	28.570	30.441	24.370
Keflavík íþrótta- og ungmennafélag	15.050	17.240	13.085
Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands	13.631	14.284	11.857
Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar	6.064	6.322	5.041
Ungmennafélag Akureyrar	2.309	2.605	2.104
Ungmennafélag Grindavíkur	4.006	3.922	3.161
Ungmennafélag Kjálnessinga	974	1.054	991
Ungmennafélag Njarðvíkur	7.789	7.552	6.549
Ungmennafélagið Fjölnir	22.283	25.758	19.089
Ungmennafélagið Skipaskagi	501	673	545
Ungmennafélagið Vesturhlíð	501	468	379
Ungmennafélagið Þróttur	2.420	2.459	1.965
Ungmennasamband Austur-Húnvetninga	5.758	5.795	4.688
Ungmennasamband Borgarfjarðar	7.873	8.430	6.965
Ungmennasamband Dalamanna og N-Breiðfirðinga	4.757	4.769	3.948
Ungmennasamband Eyjafjarðar	7.706	7.961	6.484
Ungmennasamband Kjálarnesþings	83.456	87.813	71.031
Ungmennasamband Skagafjarðar	8.373	9.308	7.473
Ungmennasamband Vestur-Húnvetninga	5.091	4.976	4.137
Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu	5.202	4.947	4.164
Ungmennasambandið Úlfjótur	6.259	6.322	5.265
Samtals	278.185	292.701	236.558

278
millj. kr.
2022


293
millj. kr.
2021

237
millj. kr.
2020

182
millj. kr.
2019

171
millj. kr.
2018

Fjárhæðir eru í þúsundum króna





STUÐNINGUR STJÓRNVALDA

STUÐNINGUR VIÐ UPPBYGGINGU LANDSMÓTSSTAÐA

UMFÍ hlaut styrk frá stjórnvöldum til uppbyggingar landsmótsstaða árið 2023 upp á 12 milljónir króna. Fjórar milljónir króna runnu til Héraðssambands Snæfellsness- og Hnappadalssýslu (HSH) vegna Landsmóts UMFÍ 50+ í Stykkishólmi og átta milljónir til Ungmennasambands Skagafjarðar (UMSS) vegna Unglingalandsmóts UMFÍ á Sauðárkróki. Þetta er í fyrsta skipti sem styrkur sem þessi rennur til UMFÍ. Áður var til sjóður hjá barna- og menntamálaráðuneytinu sem sveitarfélög og félagasamtök sóttu í. Sá sjóður hefur verið lagður niður.

RÍKISFRAMLAG TIL UMFÍ


Ríkisframlag til UMFÍ hefur lítið breyst á síðastliðnum fimm árum. Á sama tíma hefur ýmis rekstrarkostnaður hækkað mikið. Ríkisframlag til UMFÍ hafði frá árinu 2018 verið 129.600.000 kr. Þegar framlagið er borið saman við þróun verðlags frá árinu 2018 má sjá að framlagið hefur ekki fylgt þróun verðlags. Þvert á móti hefur verðlag hækkað töluvert meira en framlag ríkisins til UMFÍ.

Þegar ríkisframlag til UMFÍ frá árinu 2008 er borið saman við þróun verðlags á tímabilinu 2008-2022 má sjá að ríkisframlagið er 123.400.000 kr. árið 2008 en hefði verið komið í tæpar 230.000.000 kr. ef það hefði fylgt þróun verðlags.



UMFÍ er ábyrgt í nýtingu fjármuna,
mannauðs, aðstöðu og búnaðar.

RÍKISFRAMLAG TIL UMFÍ Í SAMANBURÐI VIÐ ÞRÓUN VERÐLAGS



50 milljónir kr.

0

FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐUR

Fræðslusjóður var stofnaður árið 1943 til minningar um Aðalstein Sigmundsson, sem var formaður UMFÍ árin 1930 til 1938. Verkefnasjóðurinn var stofnaður árið 1987.

Samþykkt var á 47. sambandsþingi UMFÍ á Akureyri árið 2011 að sameina sjóðina og bera heiti þeirra beggja. Tilgangur sjóðsins er að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélags-hreyfingarinnar, m.a. með því að auka menntun og þekkingu félaga á íþróttagreinum, þjálfun í félagsmálum og félagsstarfi.

Tekjustofn sjóðsins er 7% af lottótekjum UMFÍ.

Umsóknarfrestir í sjóðinn eru tveir á ári hverju, til 1. maí og 1. nóvember. Fyrir hvern umsóknarfrest berast um eða yfir hundrað umsóknir sem sjóðsstjórn fer yfir.

Í sjóðsstjórn sitja Sigurður Óskar Jónsson formaður, Lárus B. Lárusson, sem situr í varastjórn UMFÍ, og Hallbera Eiríksdóttir, sem situr í varastjórn UMFÍ.

ÚTHLUTANIR ÚR FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐI

	Verkefni	Upphæð
2023*	81	6.608.590
2022	163	25.000.000
2021	217	19.590.825
2020	272	20.238.788
2019	206	16.832.000

* Fyrri úthlutun

ÁHERSLUR Í ÚTHLUTUNUM

Í samræmi við reglugerð sjóðsins leggur sjóðsstjórn áherslu á að veita styrki til verkefna sem:

- eru til þess fallin að auka þekkingu og fagmennsku innan félags með fræðslu, fyrirlestrum og/eða námskeiðum
- stuðla að aukinni útbreiðslu og/eða stofnun félags eða deilda
- stuðla að aukinni þekkingu og varðveislu á menningu og sögu félags
- eru til þess fallin að auka menntun þjálfara og dómara
- eru í samræmi við auglýst áhersluatriði sjóðsins hverju sinni

Fyrir árið 2023 var lögð áhersla á útbreiðslu- og fræðsluverkefni. Sérstaklega var horft til verkefna sem stuðla að hreyfingu fyrir alla. Til rannsóknarverkefna á ýmsum þáttum íþróttastarfseminnar. Til verkefna sem eru unnin fyrir börn og ungmenni og/eða með virkri þátttöku þeirra, þjálfun forystufólks, leiðbeinenda og sjálfbóðaliða, nýjungar og þróunarverkefni. Að auki var horft til þess að styrkja átaksverkefni til aukinnar þátttöku á Unglingalandsmótum UMFÍ.

Á árinu 2022 gaf sjóðsstjórn út uppfærðar vinnureglur og nýjan matskvarða. Umsókn þarf að hljóta að lágmarki 50 stig til þess að vera metin styrkhæf. Sambandsaðilar eru hvattir til þess að kynna sér þessar nýju reglur á heimasíðu UMFÍ.

163

verkefni styrkt

UMHVERFISSJÓÐUR

Sjóðurinn var stofnaður árið 2002 til minningar um Pálma Gíslason, formann UMFÍ 1979–1993. Stofnfé sjóðsins er framlag fjölskyldu Pálma og UMFÍ. Úthlutað var úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 2008.

Pálmi Gíslason var fæddur 2. júlí árið 1938 og var hann í forystusveit UMFÍ um áratugaskeið, var formaður íþróttanefndar Ungmennasambands Austur-Húnavetninga (USAH), sat í stjórn frjáls-íþróttadeildar Breiðabliks í mörg ár, í stjórn UMSK og í mörgum landsmótsnefndum. Pálmi lést af slysförum árið 2001.

Umsóknarfrestur er til 15. maí ár hvert. Skilyrði fyrir styrkúthlutun er að styrkþegi sé félagi/félag í UMFÍ og að um umhverfisverkefni sé að ræða sem sótt er um.

ÚTHLUTANIR ÚR UMHVERFISSJÓÐI

	Verkefni	Upphæð
2023	5	1.850.000
2022	2	675.000
2021	10	730.000
2020	8	1.050.000
2019	8	1.050.000

ÁHERSLUR Í ÚTHLUTUN

Tilgangur sjóðsins er að styrkja umhverfisverkefni félaga innan ungmennafélagshreyfingarinnar.



LÝÐHÁSKÓLASTYRKIR

UMFÍ hefur undanfarin ár styrkt ungt fólk sem hyggur á nám við lýðháskóla í Danmörku. Markmiðið með styrkveitingunni er að gefa ungu fólki tækifæri til þess að víkka sjóndeildarhring sinn, kynnast nýju tungumáli og menningu og auka færni sína og þekkingu á völdu sviði með óformlegu námi.

Heimsfaraldur kórónuveiruveirunnar hafði töluverð áhrif á skólaárið 2021–2022. Færri umsóknir bárust til UMFÍ en oft áður. Alls veitti UMFÍ um tvær milljónir króna í styrki til um þrjátíu ungmenna.

UMFÍ hefur undanfarin ár styrkt ungt fólk sem hyggur á nám við lýðháskóla í Danmörku. Markmiðið með styrkveitingunni er að gefa ungu fólki tækifæri til þess að víkka sjóndeildarhring sinn, kynnast nýju tungumáli og menningu og auka færni sína og þekkingu á völdu sviði með óformlegu námi. Fyrir skólaárið 2022–2023 voru alls 38 umsóknir styrktar að heildarupphæð 3.180.000 kr. Upphæðin er um einni milljón króna hærri en síðustu ár.

HVAÐ ER LÝÐHÁSKÓLI?

Lýðháskóli er heimavistarskóli fyrir ungt fólk þar sem tækifæri gefst á því að einbeita sér að sínum áhugamálum og kynnast fólki með svipuð áhugamál. Í skólanum gefst nemendum tækifæri að prófa mismunandi íþróttir, ferðast, kynnast nýju fólki og stíga út fyrir þægindarammann.

„Ég er virkilega ánægður með að hafa valið að fara í lýðháskóla. Reynslan var mér mjög dýrmæt og lærdómsrík. Ég lærði margt sem ég get nú beitt í daglegu lífi mínu heima á Íslandi.“

Ólafur Werner Ólafsson
Nordjyllands Idrættshøjskole

OPNAR KYNNINGAR

Í mars 2023 héldu þær Christine Patterson og Rikke Holmgaard Davidsen frá Íþróttalýðháskólanum í Sønderborg í Danmörku opinn kynningarfund í þjónustumiðstöð UMFÍ. Þær stöllur kynntu og fóru yfir hvaða möguleikar felast í því að sækja skólann. Skólinn leggur áherslu á samveru, félagsskap og þátttöku. Námsframboðið samanstendur af mismunandi íþróttgreinum fyrir ungmenni 18 ára og eldri. Þær Christine og Rikke héldu annan kynningarfund 5. október í íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Þórunn Sigurjónsdóttir, markaðsfulltrúi frá Íþróttalýðháskólanum á Nordjylland (Nordjyllands Idrættshøjskole), hélt einnig opinn kynningarfund um skólann í mars 2023 í þjónustumiðstöð UMFÍ. Skólinn leggur áherslu á hreyfingu, liðsheild og vinskap. Skólinn býr yfir góðri aðstöðu sem bæði er notuð til kennslu og í frítíma. Skólinn hentar vel fyrir íþróttafólk sem langar að bæta sig í sinni íþrótt. Námsframboð samanstendur af fjölbreyttum útivistar- og íþróttafögum. Þórunn hélt einnig kynningarfund í október 2023 í íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

ÁVÍSUN Á GOTT SAMSTARF

Sambandsaðilar UMFÍ fengu sendan glaðning fyrir jólin 2022 í formi ávísunar á gott samstarf. Gjöfin hljóðaði upp á 250.000 kr. sem nokkrir sambandsaðilar deildu saman. Tilgangur ávísunarinnar var að hvetja sambandsaðila til aukins samstarfs.

„Eftir á að hyggja var það mikilvægasta við lýðháskólann ekki að finna út úr því hvað ég vil gera í framtíðinni, en eiginleikar eins og sköpunargleði, samvinnufýsi og umburðarlyndi er eitthvað sem ég mun taka með mér út í lífið.“

Svava Þóra Árnadóttir
Uldum Højskole

ÞRASTASKÓGUR

Tryggvi Gunnarsson, þingmaður og bankastjóri, gaf Ungmennafélagi Íslands landið á 77 ára afmælisdegi sínum 18. október árið 1911. Skógurinn sameinaði ungmennafélaga víða að og hófu þeir strax gróðursetningu á landinu.



Langt er um liðið síðan fólk tók að reisa sér sumarbústaði í Þrastaskógi og er svæðið nú eitt vinsælasta og þéttsetnasta útivistarsvæði landsins. UMFÍ á hluta af jörðinni, veiðiréttindi og tjaldsvæðið en hefur selt veitingastaðinn Þrastalund.

Þann 11. mars 2014 gerðu UMFÍ, sem landeigandi og Tréfab ehf. sem rekstraraðili, rekstrarsamning um tjaldsvæði á landspildu í eigu UMFÍ í Þrastarlundi. Árið 2016 samþykkti UMFÍ framsal rekstrarsamningsins frá Tréfab ehf. til V63 ehf. sem þá tók við öllum réttindum og skyldum samningsins.



Í byrjun september 2023 barst UMFÍ erindi frá tækni- sviði Umhverfis- og tækni- og tækni- sviði Uppsveita þar sem krafist var að landeigandi myndi gera viðeigandi ráðstafanir vegna óleyfisframkvæmda á tjaldsvæðinu. Í óleyfisframkvæmdunum fólust að rekstraraðili tjaldsvæðisins hafði reist þrjú tjaldhýsi án tilskilinna leyfa, tilkynninga og samþykkis landeiganda. Var landeiganda gefinn tíma- bundinn frestur til þess að gera viðeigandi ráðstafanir eða fjarlægja umræddar byggingar ella myndi byggingafull- trúi beita aðgerðum sem m.a. eru tilgreindar í gr. 2.9.2 í byggingarreglugerð 11/2012, þ.e. dagsektum sem geta numið allt að 500.000 kr.

Í kjölfarið sendi UMFÍ erindi til V63 ehf. þar sem krafist var að ofangreindar framkvæmdir yrðu fjar- lægðar og lóðinni komið í fyrra horf fyrir 1. nóvember 2023.



TÍMAMÓT Í SÖGU ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR

Í febrúar 2022 skrifuðu þau Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, og Þuríður Harpa Sigurðardóttir, þá formaður ÖBÍ, undir samkomulag um kaup þess síðarnefnda á hlut UMFÍ í fasteigninni við Sigtún 42 sem hýsti þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík.

Þjónustumiðstöðin hafði verið í Sigtúninu frá árinu 2010. Samið var um við ÖBÍ að UMFÍ yrði áfram í húsinu þar til annar staður yrði fundinn undir starfsemi UMFÍ. Leit hófst samstundis. Sömuleiðis var leitað í kistu hugmyndaþrjú ungmennafélaga og fólki gefinn kostur á að senda inn hugmyndir að staðsetningu, þjónustu og mörgu öðru.

Í ágúst sama ár varð niðurstaðan sú að flytja þjónustumiðstöðina í Reykjavík á 3. hæð íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal. Þeir Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ, og Jóhann Steinar innsigliðu ákvörðunina með undirritun leigusamnings. Þetta var stórt skref í sögu íþróttahreyfingarinnar enda höfðu ÍSÍ og UMFÍ aldrei fyrr deilt sama húsi.

Ljóst var að ráðast þurfti í miklar framkvæmdir á tveimur stöðum; fara í umfangsmiklar breytingar á hæðinni í íþróttamiðstöðinni með tilheyrandi raski fyrir alla í húsinu og pakka niður þjónustumiðstöð UMFÍ í Sigtúni.

Á þriðju hæðinni í íþróttamiðstöðinni höfðu verið fundarsalir ÍSÍ um árabíl. Þar voru líka smærri herbergi, geymslur og salernisaðstaða. Öllu var skóflað út af hæðinni fyrir utan eitt herbergi, sem var látið standa óhreyft um sinn. Gert var ráð fyrir að þjónustumiðstöð UMFÍ yrði á helmingi hæðarinnar en nýir fundarsalir á hinum helmingnum. Veggir voru teknir niður á milli herbergja og salernisaðstaða mótuð upp á nýtt.

Í september 2022 flutti þjónustumiðstöð UMFÍ úr Sigtúni 42 í skrifstofuhúsnæði í Hafnartorgi í Reykjavík. Þar var starfsemin í einu herbergi um nokkurra vikna skeið. Þegar nær dró áramótum var ákveðið að flytja starfsemina í íþróttamiðstöðina á skrifstofu Ungmennasambands Kjalarnesþings (UMSK), sem þá var mannlaus. Það var svo ekki fyrr en eftir áramótin 2023 að þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík flutti loksins á þriðju hæðina.

Á meðan þessum flutningum stóð var unnið að því að koma gríðarlega umfangsmiklu gagna- og heimildasafni UMFÍ úr geymslu í kjöllum Sigtúns 42 og flytja það á viðeigandi staði. Einstakar heimildir, sem höfðu verið nýttar við heimildavinnu, var fluttur á Þjóðskjalasafnið. Stór hluti af öðrum heimildum og munum var fluttur til geymslu í húsnæði Skólabúðanna á Reykjum.

Samskipti UMFÍ við Þjóðskjalasafnið hófust strax í ágúst 2022 og var í samráði við starfsfólk safnsins unnið að flokkun skjala og hvað bæri að flytja. Í janúar 2023 hófust flutningar úr geymslum UMFÍ í Sigtúni og voru þá öll gögn sem áttu að fara á Þjóðskjalasafnið færð á bretti. Þetta reyndust um 200 kassar af gögnum í mannhæðarháum stöflum, sem fóru á fimm vörubrettum á safn til frekari flokkunar og geymslu.

Í mars fundaði framkvæmdastjórn ÍSÍ í fyrsta sinn í nýjum fundar- og ráðstefnusal á þriðju hæð íþróttamiðstöðvarinnar. Stjórnin nýtti tækifærið, skoðaði aðstöðuna í þjónustumiðstöð UMFÍ og færði Jóhanni Steinari Ingimundarsyni, formanni UMFÍ, glaðning í tilefni af flutningunum. Í maí kom svo Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, í sína fyrstu heimsókn í nýja þjónustumiðstöð UMFÍ ásamt fleiri gestum úr ráðuneytinu.

Flutningur þjónustumiðstöðvar UMFÍ í íþróttamiðstöðina hefur reynst happaskref. Samskipti við forsvarsfólk íþróttahreyfingarinnar hefur aukist mikið. Leifur Welding hannaði rými þjónustumiðstöðvarinnar og vekur hún athygli þeirra sem þangað koma í heimsókn. Margir hafa jafnframt nýtt aðstöðuna þar til funda.





MANNAUÐUR



STARFSFÓLK

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ UMFÍ

Í þjónustumiðstöð UMFÍ er haldið utan um starf UMFÍ og sambandsaðilum og félagsmönnum veitt ýmis þjónusta. Þjónustumiðstöð UMFÍ var frá árinu 2010 í Sigtúni 42. Í febrúar 2022 var gengið frá kaupum Öryrkjabandalags Íslands á húsnæði þjónustumiðstöðvar UMFÍ við Sigtún. UMFÍ flutti starfsemina í september 2022.

Í þjónustumiðstöð í Reykjavík starfa:

- Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri
- Einar Þorvaldur Eyjólfsson, fjármála- og rekstrarstjóri
- Iðunn Bragasóttir, fjármál og bókhald
- Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi og ritstjóri Skinfaxa
- Guðbirna K. Þórðardóttir, ritari
- Ragnheiður Sigurðardóttir, verkefnastjóri

UMFÍ hefur útvistað upplýsingatækni og grafískri hönnun til eftirfarandi aðila: Björgvin Jónsson, Certus tölvuþjónustu og Jónas Þorbergsson, grafískur hönnuður.

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ Á SAUÐÁRKRÓKI

UMFÍ rekur jafnframt þjónustumiðstöð að Víðigrund 5 á Sauðárkróki. Þar starfar Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi og framkvæmdastjóri móta UMFÍ.

SKÓLABÚÐIR Á REYKJUM

Í Skólabúðum UMFÍ að Reykjum starfa:

- Sigurður Guðmundsson forstöðumaður
- Hulda Signý Jóhannesdóttir, frístundaleiðbeinandi
- Ingimar Oddsson, frístundaleiðbeinandi
- Luis Augusto Aquino, frístundaleiðbeinandi
- Rannveig Aðalbjörg Hjartardóttir, frístundaleiðbeinandi
- Gísli Kristján Kjartansson, eldhús
- Oddný Bergsveina Ásmundsdóttir, eldhús
- Elmar Davíð Hauksson, ræsting og þrif
- Róbert Júlíusson, húsvörður



STJÓRN OG NEFNDIR 2021-2023

STJÓRN

- Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður
- Ragnheiður Högnadóttir, formaður framkvæmdastjórnar
- Gunnar Þór Gestsson varaformaður
- Guðmundur G. Sigurbergsson gjaldkeri
- Sigurður Óskar Jónsson ritari
- Gunnar Gunnarsson meðstjórnandi
- Málfríður Sigurhansdóttir meðstjórnandi
- Hallbera Eiríksdóttir, varastjórn
- Lárus B. Lárusson, varastjórn
- Gissur Jónsson, varastjórn
- Guðmunda Ólafsdóttir, varastjórn

FRAMKVÆMDASTJÓRN

- Ragnheiður Högnadóttir, formaður
- Jóhann Steinar Ingimundarson
- Guðmundur Sigurbergsson
- Gunnar Gunnarsson, varamaður



NEFNDIR

FJÁRHAGS- OG FASTEIGNANEFND

- Guðmundur Sigurbergsson, formaður
- Lárus B. Lárusson
- Guðmunda Ólafsdóttir
- Guðríður Aadnegard
- Einar Haraldsson
- Auður Inga Þorsteinsdóttir, starfsmaður nefndar

LAGANEFND

- Kristján B. Thorlacius, formaður
- Þórir Haraldsson
- Ragnheiður Högnadóttir
- Einar Þorvaldur Eyjólfsson, starfsmaður nefndar

LANDSMÓTSNEFND UMFÍ 50+ 2023

- Hjörleifur K. Hjörleifsson, formaður
- Garðar Svansson, gjaldkeri
- Magnús Ingi Bæringsson, keppnisstjóri
- Gunnhildur Gunnarsdóttir, keppnisstjórni
- Kristfríður Stefánsdóttir, ritari
- Hjördís Pálsdóttir, veitinga- og afþreyingarstjóri
- Guðmunda Ólafsdóttir, fulltrúi stjórnar UMFÍ
- Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri mótsins

MÓTA- OG VIÐBURÐANEFND

- Ragnheiður Högnadóttir, formaður
- Málfríður Sigurhansdóttir
- Gissur Jónsson
- Ómar Bragi Stefánsson, starfsmaður nefndar

UNGMENNABÚÐANEFND

- Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður
- Gissur Jónsson
- Hallbera Eiríksdóttir
- Sigurður Guðmundsson, starfsmaður nefndar

UNGMENNARÁÐ

- Embla Líf Hallsdóttir, formaður
- Halla Margrét Jónsdóttir, varaformaður
- Daði Þór Jóhannsson
- Eiður Andri Guðlaugsson
- Ernir Daði Arnbergz Sigurðsson
- Hrefna Dís Pálsdóttir
- Kolbeinn Þorsteinsson
- Sara Jóhanna Geirsdóttir Waage
- Sara Rut Mellado
- Ragnheiður Sigurðardóttir, starfsmaður nefndar
- Málfríður Sigurhansdóttir, tengiliður við stjórn

ÚTGÁFU- OG KYNNINGARNEFND

- Gunnar Gunnarsson, formaður
- Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir
- Embla Líf Hallsóttir
- Jóhanna Íris Ingólfssdóttir
- Kristján Guðmundsson
- Sigurður Óskar Jónsson
- Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, starfsmaður nefndar

UNGLINGALANDSMÓTSNEFND

- Aldís Hilmarsdóttir, formaður
- Reimar Marteinsson, gjaldkeri
- Þorvaldur Gröndal, ritari
- Freyja Rut Emilsdóttir, keppnisstjórni
- Sigurður Hauksson, keppnisstjórni
- Jóhann Sigmarsson, keppnisstjórni
- Heba Guðmundsdóttir, afþreyingarstjórni
- Magnea Rúnarsdóttir, afþreyingarstjórni
- Markús Máni Gröndal, afþreyingarstjórni
- Sigurður Bjarni Rafnsson, öryggisstjórni
- Friðrik Hreinsson, öryggisstjórni
- Gunnar Þór Gestsson, tjaldbúða- og svæðisstjórni
- Guðlaugur Skúlason, tjaldbúða- og svæðisstjórni
- Sólborg S. Borgarsdóttir, tjaldbúða- og svæðisstjórni
- Ingvar Páll Ingvarsson, tjaldbúða- og svæðisstjórni
- Jón Daníel Jónsson, veitingastjórni
- Málfríður Sigurhansdóttir, fulltrúi stjórnar UMFÍ
- Daði Þór Jóhannsson, fulltrúi Ungmennaráðs UMFÍ
- Pálína Ósk Hraundal, verkefnastjórni
- Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri mótsins

SJÓÐA- OG FRÆÐSLUNEFND

- Sigurður Óskar Jónsson, formaður
- Hallbera Eiríksdóttir
- Lárus Brynjar Lárusson
- Ragnheiður Högnadóttir, varamaður
- Ragnheiður Sigurðardóttir, starfsmaður nefndar
- Guðbirna Kristín Þórðardóttir, starfsmaður sjóða
- Iðunn Bragadóttir, starfsmaður sjóða

VINNUHÓPUR UM ÍPRÓTTAHÉRUÐ OG LOTTÓREGLUR

- Gunnar Þór Gestsson, formaður
- Guðmundur Sigurbergsson
- Guðmunda Ólafsdóttir
- Jóhanna Íris Ingólfssdóttir
- Dagný Finnbjörnsdóttir
- Frímarr Ari Ferdinandsson
- Ómar Bragi Stefánsson, starfsmaður nefndar

VIÐURKENNINGAR

HEIÐURSFÉLAGAR

Heiðursfélagar eru að öllu jöfnu kjörnir á sambandsþingum UMFÍ. Hljóta þeir við hátíðlega athöfn heiðursfélagakross UMFÍ, sem er æðsta heiðursmerki sambandsins.

Heiðursviðurkenningar eru að jafnaði afhentar þeim sem áður hafa hlotið gullmerki UMFÍ. Þessa sæmd er einnig sýnd merkum brautryðjendum íþróttá- og ungmennafélagshreyfingarinnar.

2021	Anna Ragnheiður Möller
2021	Kristján Elvar Yngvason
2019	Helga Guðrún Guðjónsdóttir
2011	Björn B. Jónsson
2005	Þórir Jónsson
1997	Pálmi S. Gíslason
1993	Sigurður Geirdal
1987	Guðjón Ingimundarson
1987	Hafsteinn Þorvaldsson
1982	Þorsteinn Einarsson
1971	Skúli Þorsteinsson
1969	Eiríkur J. Eiríksson
1969	Sigurður Greipsson
1957	Anders Skásheim
1957	Bernharð Stefánsson
1957	Guðbrandur Magnússon
1957	Helgi Valtýsson
1957	Jóhannes Jósefsson
1957	Jón Helgason
1946	Björn Jakobsson
1943	Björn Guðmundsson
1940	Vigfús Guðmundsson
1933	Guðmundur Jónsson frá Mosdal
1927	Helgi Valtýsson
1927	Jóhannes Jósefsson
1927	Þórhallur Björnsson

GULLMERKI UMFÍ

Gullmerki UMFÍ er næstæðsta sæmdarviðurkenning UMFÍ. Gullmerki er veitt þeim sem hafa um árabíl unnið öflugt starf fyrir ungmennafélags-hreyfinguna, verið í forystu hennar í héraði eða á vettvangi UMFÍ eða í áratugi unnið ótullega að eða tekið þátt í verkefnum UMFÍ. Gullmerki er að jafnaði afhent þeim sem áður hafa hlotið starfsmerki UMFÍ.

2023	Guðmundur G. Sigurbergsson	UMSK
2023	Árni Stefánsson	UMSS
2023	Hrafnhildur Pétursdóttir	UMSS
2023	Jóhann Guðmundsson	USAH
2023	Ingibergur Guðmundsson	USAH
2023	Guðrún Sigurjónsdóttir	USAH
2023	Auðunn Steinn Sigurðsson	USAH
2023	Kristín Gunnarsdóttir	UMSB
2022	Valdimar Smári Gunnarsson	UMSK
2022	Stefán Konráðsson	UMSK
2022	Kristján Sveinbjörnsson	UMSK
2022	Elsa Jónsdóttir	UMSK
2022	Þorvaldur Jóhannsson	UÍA
2022	Karl Gunnlaugsson	HSK
2022	Sigmar Helgason	USVS
2022	Gunnar Sigurðsson	UMSS
2022	Björn Hanssen	UMSS
2022	Gunnar Sigurðsson	UMSS
2022	Sigmar Helgason	USVS
2022	Karl Gunnlaugsson	HSK
2022	Þorvaldur Jóhannsson	UÍA

UMFÍ leggur áherslu á verðmæti sjálfbærliðastarfsins enda hefur það verið grundvöllur starfseminnar alla tíð og mikilvægasti þátturinn í starfi hreyfingarinnar.

STARFSMERKI UMFÍ

Starfsmerki UMFÍ er veitt fyrir frábært forystustarf í félagi, deild félags eða á vettvangi sambands, fyrir eftirtektarverð áttaksverkefni eða nýjungar í starfi, góða virkni eða árangur í skipulags- og félagsstörfum s.s. með setu í stjórnnum eða nefndum og fyrir mikið framlag til ungmenna- og íþróttastarfs.

2023	Benedikta Benediktsdóttir	Keflavík
2023	Björgvin Magnússon	Keflavík
2023	Guðrún Jóna Árnadóttir	Keflavík
2023	Ragnar Franz Pálsson	Keflavík
2023	Birgir Mikaelsson	HSP
2023	Þorvaldur Jónsson	UMSB
2023	Guðmundur Finnsson	UMSB
2023	Sigrún Líndal Prastardóttir	USAH
2023	Steinunn Hulda Magnúsdóttir	USAH
2023	Rúnar Aðalbjörn Pétursson	USAH
2023	Jóhanna Guðrún Jónasdóttir	USAH
2023	Ari Hermann Einarsson	USAH
2023	Þröstur Guðnason	HSK
2023	Bjarni Jóhannsson	HSK
2023	Jóhanna Íris Ingólfssdóttir	USÚ
2023	Sigurjón Viðar Leifsson	UMSS
2023	Ragnar Ingi Ragnarsson	UMSS
2023	Árný Lilja Árnadóttir	UMSS
2023	Bjarni Torfi Álfþórsson	UMSK
2023	Geirarður Long	UMSK
2023	Halla Garðarsdóttir	UMSK
2023	Sesselja Hannela	UMSK
2023	Erla Þórey Ólafsdóttir	USVS
2023	Ragnar Þorsteinnsson	USVS
2023	Sæunn Káradóttir	USVS
2023	Marion Worthmann	HHF
2022	Eyrún Harpa Hlynsdóttir	HSV
2022	Sigurgeir R. Jóhannsson	Keflavík
2022	Sigurður Markús Grétarsson	Keflavík
2022	Kristín Blöndal	Keflavík
2022	Elísabet Lovísa Björnsdóttir	Keflavík
2022	Marteinn Valdimarsson	UMSB
2022	Ingibjörg Klara Helgadóttir	UMSS
2022	Helga Eyjólfssdóttir	UMSS
2022	Jóhannes Þórðarson	UMSS
2022	Jónas Egilsson	HSP
2022	Fanney Ólöf Lárusdóttir	USVS
2022	Eva Dögg Þorsteinsdóttir	USVS
2022	Kristín Lárusdóttir	USVS
2022	Gissur Jónsson	HSK
2022	Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir	HSK

VERÐLAUN

HVATNINGARVERÐLAUN UMFÍ

Hvatningarverðlaun UMFÍ eru veitt bæði á Sambandsþingi og Sambandsráðsfundi UMFÍ. Verðlaunin eru veitt fyrir eftirtektarverð og framsækin verkefni sem skara fram úr eða fyrir óeigingjarnt starf í þágu samfélagsins.

15. október 2022, 44. Sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Nýheimum í Höfn í Hornafirði

UMFP | veitt verðlaun fyrir Ástarverkefni.

UMSK | veitt verðlaun fyrir verkefnið Virkni og vellíðan í Kópavogi.

USAH | veitt verðlaun fyrir samstarf aðildarfélaganna Fram og Hvatar.

15. október 2021, 52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel Húsavík

UMFF | veitt verðlaun fyrir verkefnið Áfram lestur!

Keflavík og UMFN | veitt verðlaun fyrir samstarfsverkefni fyrir börn með mismunandi stuðningsþarfir.

29. október 2020, 43. sambandsráðsfundur haldinn með fjarfundarformi

UÍA | Íþróttafélagið Höttur vegna nýs íþróttahúss fyrir fimleika og frjálssar íþróttir.

11. október 2019, 51. sambandsþing UMFÍ, haldið á Laugarbakka í Miðfirði

UMSK | veitt verðlaun fyrir reiðskóla Hestamannafélagsins Harðar fyrir fatlaða og fólk með þroskahömlun.

USAH | veitt verðlaun fyrir frumkvöðlastarf og verkefni fyrir eldri borgara.

HSH | veitt verðlaun fyrir að stuðla að auknu samstarfi meðal aðildarféлага og fyrir að ná vel til barna af erlendum uppruna.

20. október 2018, 42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði

UMSK | veitt verðlaun fyrir nýsköpun og nýjungar í starfi, m.a. fyrir innleiðingu og kynningu á nýrri íþróttagrein á Íslandi; biathlon, útbreiðslu pannavalla meðal aðildarféлага, skólamót í blaki og samvinnuverkefni innan UMSK varðandi hreyfingu eldri borgara. Þá hefur sambandið stuðlað að auknu samstarfi innan sambandsins, m.a. með kynningar- og fræðsluferð til Englands.

15. október 2017, 50. sambandsþing UMFÍ, haldið á Hallormsstað

HSV | veitt verðlaun fyrir körfuboltaþúðir Vestra. Búðirnar eru einstakar á landsvísu þar sem hvergi eru í boði búðir sem bjóða jafnmikla þjálfun ásamt bæði mótuneyti og gistingu fyrir þátttakendur. Slíkar búðir eru hins vegar starfræktar víða erlendis og þykja Vestrabúðirnar standast samanburð við þær bestu.

15. október 2016, 40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal

Frjálsíþróttaráð HSK | starfsemi ráðsins hefur verið öflug undanfarin ár og þar ber fyrst að nefna að ráðið heldur árlega átta héraðsmót innan- og utanhúss og hefur þátttaka verið góð.

17. október 2015, 49. sambandsþing UMFÍ, haldið í Vík í Mýrdal

HSH, HSS, HHF, USK, UMFK, UMSB og UDN | veitt verðlaun fyrir öflugt og metnaðarfullt íþrótt- og ungmennafélagsstarf í tengslum við samstarfsverkefnið SamVest.

13. október 2013, 48. sambandsþing UMFÍ, haldið í Stykkishólmi

HSP | veitt verðlaun fyrir kröftugt og metnaðarfullt starf á sviði íþrótt- og æskulýðsmála á sambands-svæðinu í kjölfarið á sameiningu HSP og UNP.

16. október 2011, 47. sambandsþing UMFÍ, haldið á Akureyri

HSV | veitt verðlaun fyrir nýjungar í starfi og öflugt samstarf við sveitarfélagið.

16. október 2010, 37. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Egilsstöðum

UMSE | veitt verðlaun fyrir framúrskarandi uppbyggingarstarf.

11. október 2009, 46. sambandsþing
UMFÍ, haldið í Reykjanesbæ

UÍA | veitt verðlaun fyrir framúrskarandi
uppbyggingarstarf.

11. október 2008, 36. sambandsráðsfundur
UMFÍ, haldinn í Stykkishólmi

HSP | veitt verðlaun fyrir að koma
á fót aksturssjóði HSP.

21. október 2007, 45. sambandsþing
UMFÍ, haldið á Þingvöllum

Héraðssambandið Skarphéðinn | veitt
verðlaun fyrir framúrskarandi starf að
kynningarmálum.

27. október 2006, 35.
sambandsráðsfundur UMFÍ,
haldinn á Flúðum

Umf. Skipaskagi | veitt verðlaun fyrir
framúrskarandi uppbyggingarstarf á
sviði íþróttá- og ungmennafélagsmála.

Keflavík íþróttá- og ungmennafélag
| veitt verðlaun fyrir fyrir öflugt
og metnaðarfullt íþróttá- og
ungmennafélagstarf á breiðum
grunni.

23. október 2005, 44.
sambandsþing UMFÍ,
haldið á Egilsstöðum

HSV | veitt verðlaun fyrir vel
heppnað átak í auknu félagsstarfi
tengdu getraunastarfi. Framganga
HSV er til fyrirmyndar og ætti
að vera öðrum sambandsaðilum
hvatning til að nýta þá möguleika
sem í getraunastarfi felast.



FYRIRMYNDARBIKARINN

Hefð er fyrir því að formaður UMFÍ afhendi Fyrirmyndarbikar UMFÍ þeim sambandsaðila UMFÍ sem hefur sýnt fyrirmyndarframkomu jafnt innan vallar sem utan á Unglingalandsmóti UMFÍ.

Við tilnefningu handhafa bikarsins er m.a. horft til þess hvernig fulltrúar sambandsaðilans eru við inngöngu á setningarhátíð Unglingalandsmóts hverju sinni, framkomu stuðningsfólks sambandsaðila og félagsmanna og annars í þeim dúr, sem skilar því að aðrir líti upp til ungmenna-félaganna. Bikarinn var ekki afhentur árin 2020 og 2021 þar sem mótið féll niður.

2023	USVS	2013	UÍA	2005	HSK
2022	USVS	2012	Keflavík	2004	HSK
2019	HSP	2011	UMSE	2003	HSP
2018	UMSB	2010	HSP	2002	USVS
2017	UMSS	2009	HSK	2000	UMSS
2016	UFA	2008	HSH	1998	UNP
2015	HSK	2007	HSH	1995	HSH
2014	HSK	2006	HSH	1992	HHF

SIGURÐARBIKARINN

Sigurðarbikarinn er gefinn í minningu um Sigurð Geirdal, fyrrverandi framkvæmdastjóra UMFÍ.

Bikarinn er afhentur að loknu Unglingalandsmóti UMFÍ ár hvert til framkvæmdaaðila mótsins hverju sinni. Sambandsaðili varðveitir bikarinn í eitt ár eða fram að næsta móti.

Sigurðarbikarinn ber að líta á sem ótvíræðan virðingavott af hálfu stjórnar UMFÍ fyrir fjölþætta og frábæra framkvæmd sem skilur eftir sig stórbætta uppbyggingu í mannvirkjagerð til íþrótt- og félagsmálastarfs í héraði og félagslegt átak af margvíslegum toga.

2023	UMSS	2016	UMSB	2011	UÍA
2022	HSK	2015	UFA	2010	UMSB
2019	USÚ	2014	UMSS	2009	UMSS
2018	HSK	2013	USÚ	2008	HSK
2017	UÍA	2012	HSK		

UMHVERFISVERÐLAUN UMFÍ

2016	Guðni Guðmundsson á Þverlæk
2005	Blái herinn
2002	Ferðamálasamtök Vestfjarða
2001	Hvanneyrarstaður
2000	Laugarnesskóli
1999	Austur-Hérað
1998	Sorpa
1996	Hótel Geysir

MATMAÐUR UMFÍ

Hefð er fyrir því síðan árið 1979 á þingum UMFÍ að velja matmann UMFÍ.

Farandgripurinn, askur, er afhentur í lok síðustu máltíðar þings UMFÍ þeim þingfulltrúa eða stjórnarmanni UMFÍ sem að mati dómnefndar er þess verðugastur að geyma gripinn til næsta þings. Við valið er m.a. horft til framgöngu í matar og kaffitímum þingsins, beitingu hnífapara, stíls, borðsiða o.fl. Dómnefnd er skipuð forseta þingsins og fyrrverandi matmanni.

2021	Ingyar Sverrisson	ÍBR
2019	Guðmundur L. Gunnarsson	UMFF
2017	Vigdís Diljá Óskarsdóttir	UÍA
2015	Kristín Gunnarsdóttir	UMSB
2013	Valdimar Leó Friðriksson	UMSK
2011	Stefán Bogi Sveinsson	UÍA
2009	Valdemar Einarsson	USÚ
2007	Garðar Svansson	HSH
2005	Haraldur Þ. Jóhannsson	UMSS
2003	Sigurbjörn Gunnarsson	Keflavík
2001	Einar K. Jónsson	V
1999	Kári Gunnlaugsson	Keflavík
1997	Ingibjörg B. Jóhannsdóttir	UMSK
1995	Sigurlaug Þ. Hermannsdóttir	USAH
1993	Kjartan Lárusson	HSK
1991	Jón Ólafsson	HSS
1989	Einar Ole Pedersen	UMSB
1987	Valgerður Auðunsdóttir	HSK
1985	Skúli Oddsson	USVS
1983	Jón Guðjónsson	UMSB
1981	Sigurður Geirdal	UMSK
1979	Ófeigur Gestsson	UMSB





ÁRSREIKNINGUR 2022

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og aðildarfélaga í Ungmennafélagi Íslands

ÁLIT

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ungmennafélags Íslands fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

GRUNDVÖLLUR FYRIR ÁLITI

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Ungmennafélagi Ísland í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

AÐRAR UPPLÝSINGAR

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öllum upplýsingum sem félagið birtir eins og ársreikningi og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki yfir aðrar upplýsingar en þær sem birtast í ársreikningi og nær ekki því ekki til skýrslu stjórnar ef frá er talin sú staðfesting sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar og kanna hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þeirrar þekkingar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti rangar. Ef við teljum að það séu verulegar rangfærslur til staðar í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ekkert hefur komið í ljós við endurskoðun okkar sem við teljum að skýra þurfi sérstaklega frá.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

ÁBYRGÐ STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA Á ÁRSREIKNINGNUM

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Ungmennafélags Íslands. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

ÁBYRGÐ ENDURSKOÐANDA Á ENDURSKOÐUN ÁRSREIKNINGSINS

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 2. júní 2023.
BDO ehf.



Sigrún Guðmundsdóttir,
löggitur endurskoðandi

SKÝRSLA STJÓRNAR

Ársreikningur Ungmennafélags Íslands fyrir árið 2022 er gerður með hliðsjón af lögum um ársreikninga.

Rekstrarniðurstaða ársins fyrir aðra heildarafkomu nam 137 milljónum króna, en væri ekki tekið tillit til söluhagnaðs af seldum fastafármunum væri rekstrarniðurstaðan tap að fjárhæð 24 milljónir. Afkoma Íslenskrar getspar, sem er jákvæð, færir afkomuna síðan í hagnað að fjárhæð 146,5 milljónir króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 679 milljónir króna og bókfært eigið fé í árslok er 559 milljónir. Eiginfjárhlutfall félagsins var 82% samanborið við 71% árið 2021.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Ungmennafélags Íslands að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Í upphafi árs 2022 höfðu áhrif COVID-19 heimsfaraldursins enn neikvæð áhrif á rekstur Ungmennabúða UMFÍ vegna samkomu- og sóttvarnartakmarkana.

Um mitt ár 2022 seldi UMFÍ Öryrkjabandalagi Íslands húsnæði þjónustumiðstöðvar að Sigtúni 42. Salan var í samræmi við umboð frá sambandsþingi 2021. Leigusamningur á milli ÍSÍ og UMFÍ um leigu á hluta þriðju hæðar í Íþróttamiðstöðinni við Engjaveg 6 var gerður um mitt sumar 2022 og flutti UMFÍ í nýjar skrifstofur í byrjun árs 2023.

Í ágúst 2022 var undirritaður samningur á milli sveitarstjórnar Húnaþings vestra og UMFÍ um rekstur Skólalabúða á Reykjum fyrir nemendur í 7. bekk grunnskóla. Við fjárhagsáætlanagerð fyrir síðasta sambandsþing var rekstur Skólalabúða á Reykjum ekki í sjónmáli og því ekki inni í þeim áætlunum sem voru lagðar fram þar. Því voru sérstakar áætlanir gerðar vegna verkefnisins og hefur heildaráætlun UMFÍ verið uppfærð með tilliti til þessa.


Stjórn UMFÍ vekur sérstaka athygli á einstæðum atburðum sem áttu sér stað eftir að reikningsárinu lauk.

Um miðjan febrúar 2023 var starfsemi Ungmennabúða UMFÍ á Laugarvatni lokað tímabundið vegna myglu og rakaskemmda í húsnæði búðanna. Í kjölfarið röskuðust allar þær áætlanir sem gerðar höfðu verið í tengslum við rekstur búðanna. Í mars 2023 ákvað stjórn UMFÍ svo að hætta starfsemi Ungmennabúða á Laugarvatni þar sem ljóst var að eigandi húsnæðisins, Bláskógabyggð, hygðist ekki fara í þær framkvæmdir á húsnæði búðanna sem nauðsynlegar voru til að unn væri að halda starfseminni gangandi. Stjórn UMFÍ kannaði möguleikann á því að kaupa húsnæðið en áætlaður kostnaður við kaup og nauðsynlegar framkvæmdir voru taldar af þeirri stærðargráðu að ekki þótti skynsamlegt fyrir UMFÍ að takast eitt á hendur slíkar skuldbindingar miðað við fyrirliggjandi upplýsingar, mögulegar rekstrarforsendur auk óvissu um endanlegan kostnað og umfang viðhaldsframkvæmda.


Stjórn og framkvæmdastjóri Ungmennafélags Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 2. júní 2023.


Í stjórn




Jóhann Steinar Ingimundarson
formaður




Ragnheiður Högnadóttir




Guðmundur G. Sigurbergsson




Málfríður Sigurhansdóttir




Gunnar Gunnarsson




Gunnar Þór Gestsson




Sigurður Óskar Jónsson




Gissur Jónsson



Lárus B. Lárusson




Hallbera Eiríksdóttir



Guðmunda Ólafsdóttir

Framkvæmdastjóri



Auður Inga Þorsteinsdóttir

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2022

	Skýr.	2022	2021
REKSTRARTEKJUR			
Ríkisframlag	3	132.200.000	129.600.000
Lottó og Getraunir	4,11	358.133.349	376.507.487
Aðrar tekjur	5	229.775.458	147.208.198
Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna		161.036.140	0
		881.144.947	653.315.685
REKSTRARGJÖLD			
Laun og launatengd gjöld	6	166.313.720	117.384.643
Lottó til sambandsaðila		278.185.346	292.700.914
Annar rekstrarkostnaður	7	281.785.417	172.383.241
Veittir styrkir	8	27.774.210	21.530.825
Afskriftir	10	1.620.500	4.696.000
		755.679.193	608.695.623
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- og fjármagnsliða		125.465.754	44.620.062
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD			
Fjármagnstekjur	9	12.413.463	1.013.660
Fjármagnsgjöld	9	(899.870)	(3.262.971)
		11.513.593	(2.249.311)
Rekstrarniðurstaða ársins		136.979.347	42.370.751
ÖNNUR HEILDARAFKOMA			
Liðir sem verða færðir yfir rekstrarreikning:			
Hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspár sf.	11	9.588.712	(48.491.734)
Heildarafkoma ársins		146.568.059	(6.120.983)

YFIRLIT UM REKSTUR 2022

	Aðalsjóður	Ungmenna- og skólabúðir	Útgáfa og kynningarmál	Fræðsla og viðburðir	Mótahald	Fræðslu- og verkefnasjóður	Umhverfis- sjóður	Millideilda- viðskipti	Samtals
REKSTRARTEKJUR									
Ríkisframlag	105.760.000	19.830.000			6.610.000				132.200.000
Lottó og getraunir	333.484.015					24.649.334			358.133.349
Aðrar tekjur	163.862.993	149.485.476	12.340.768	17.767.586	34.544.002	12.110.773	1.900.000	(1.200.000)	390.811.598
	603.107.008	169.315.476	12.340.768	17.767.586	41.154.002	36.760.107	1.900.000	(1.200.000)	881.144.947
REKSTRARGJÖLD									
Laun og launatengd gjöld	52.369.441	83.637.292	12.509.727	13.188.144	4.609.116				166.313.720
Lottó til sambandsaðila ..	278.185.346								278.185.346
Annar rekstrarkostnaður	99.835.574	100.075.338	16.966.128	12.050.883	52.857.494				281.785.417
Veittir styrkir	1.350.000			1.940.000		25.009.210	675.000	(1.200.000)	27.774.210
Afskriftir	1.620.500								1.620.500
	433.360.861	183.712.630	29.475.855	27.179.027	57.466.610	25.009.210	675.000	(1.200.000)	755.679.193
Rekstramiðurstaða án fjármuna- og fjármagnsliða	169.746.147	(14.397.154)	(17.135.087)	(9.411.441)	(16.312.608)	11.750.897	1.225.000		125.465.754
Fjármunatekjur	9.572.030					2.307.660	533.773		12.413.463
Fjármagnsgjöld	(899.870)								(899.870)
	8.672.160					2.307.660	533.773		11.513.593
Rekstramiðurstaða ársins	178.418.307	(14.397.154)	(17.135.087)	(9.411.441)	(16.312.608)	14.058.557	1.758.773		136.979.347

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2022

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
EIGNIR			
FASTAFJÁRMUNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	10		
Fasteignir		0	102.600.000
Bifreiðar		7.346.500	6.321.500
		7.346.500	108.921.500
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutur í Íslenskri getspá	11	245.405.118	235.816.406
		245.405.118	235.816.406
VELTUFJÁRMUNIR			
Óinnheimtar kröfur	12	24.326.298	18.389.196
Ógreiddar lottótekjur		26.851.229	69.472.752
Aðrar skammtímakröfur	13	3.947.816	47.860
Handbært fé	13	371.353.744	145.181.437
		426.479.087	233.091.245
Eignir		679.230.705	577.829.151

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
EIGIÐ FÉ OG SKULDIR			
EIGIÐ FÉ			
Óráðstafað eigið fé	14	559.436.306	412.868.247
		559.436.306	412.868.247
LANGTÍMASKULDIR			
Skuldir við lánastofnanir	15	0	17.009.851
		0	17.009.851
SKAMMTÍMASKULDIR OG SKULDBINDINGAR			
Óskipt lottófé		21.212.503	55.064.049
Viðskiptaskuldir	16	26.529.272	11.458.063
Næsta árs afborganir langtímaskulda	15	0	2.650.886
Skuldbinding vegna rekstrarverkefna	17	15.000.000	19.740.501
Skuldbinding vegna sérverkefna	18	0	5.467.816
Aðrar skammtímaskuldir	16	57.052.624	53.569.738
		119.794.399	147.951.053
	Skuldir	119.794.399	164.960.904
Eigið fé og skuldir		679.230.705	577.829.151

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2022

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
REKSTRARHREYFINGAR			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Rekstrarniðurstaða ársins án annarrar heildarafkomu		136.979.347	42.370.751
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	10	1.620.500	4.696.000
Skuldbinding vegna rekstrarverkefna	17	15.000.000	19.740.501
Skuldbinding vegna sérverkefna	18	0	2.467.816
Söluhagnaður fastafjármuna	13	(161.036.140)	0
Verðbætur langtímalána	9	147.427	395.682
		<u>(7.288.866)</u>	<u>69.670.750</u>
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		32.784.465	(49.875.159)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		(40.505.768)	33.061.073
Handbært fé frá rekstri		<u>(15.010.169)</u>	<u>52.856.664</u>
FJÁRFESTINGAHREYFINGAR			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	10	(3.950.000)	0
Seldir aðrir varanlegir rekstrarfjármunir	10	264.940.640	0
		<u>260.990.640</u>	<u>0</u>
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR			
Afborganir langtímaskulda - lán gert upp á árinu 2022		(19.808.164)	(9.938.464)
		<u>(19.808.164)</u>	<u>(9.938.464)</u>
Breyting handbærs fjár		226.172.307	42.918.200
Handbært fé í upphafi árs	13	145.181.437	102.263.237
Handbært fé í lok árs	13	<u>371.353.744</u>	<u>145.181.437</u>

SKÝRINGAR

1. STARFSEMI

Ungmennafélag Íslands er landssamband ungmennafélaga skammstafað UMFÍ. Markmið hreyfingarinnar er „Ræktun lýðs og lands“ og kjörorðið er „Íslandi allt“. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar UMFÍ eru 27 talsins sem skiptast í 22 íþróttahérað og 5 félög með beina aðild. Alls eru um 480 félög innan UMFÍ með rúmlega 290 þúsund félagsmenn.

Hlutverk UMFÍ er að samræma starfsemi ungmennafélaga á Íslandi og veita þjónustu við aðildarfélög og félagsmenn. Einnig kemur UMFÍ fram út á við fyrir hönd ungmennafélaganna, til dæmis gagnvart stjórnvöldum og í erlendum samskiptum. UMFÍ stendur ennfremur fyrir verkefnum og mótahaldi í samstarfi við aðildarfélög sín.

2. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

GRUNDVÖLLUR REIKNINGSSKILANNA

Ársreikningur Ungmennafélags Íslands fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Þar sem við á hefur samanburðar- fjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytta framsetningu ársreiknings þessa árs. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

MAT OG ÁKVARÐANIR

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

ÁHÆTTUSTJÓRNUN

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

SKRÁNING TEKNA

Tekjur af þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Tekjur eru sýndar í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar á viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu nema ef verulegur vafi ríkir um innheimtu þeirra.

VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söluþegi.

EIGNARHLUTUR Í ÍSLENSKRI GETSPÁ

Eignarhlutdeild félagsins í samrekstri Íslenskrar getspár sf. hefur verið skilgreind sem fjáreign til sölu til samræmis við markmið stjórnar tengt eigninni. Bókfært verð eignarhlutarins er metið samkvæmt hlutdeildaraðferð og er eignarhlutdeildin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstrarafkomu Íslenskrar getspár. Mótteknar arðstekjur (lottótekjur) frá Íslenskri getspá eru tilgreindar meðal rekstrartekna en hluteild í afkomu umfram arðgreiðslur eru nú færðar meðal eigin fjár og tilgreindar í annarri heildarafkomu.

VIÐSKIPTAKRÖFUR

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

LANGTÍMASKULDIR

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

VIÐSKIPTASKULDIR

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

3. RÍKISFRAMLAG

	2022	2021
Ríkisframlag - UMFÍ	105.760.000	103.800.000
Ríkisframlag - ULM	6.610.000	8.004.000
Ríkisframlag - Ungmennabúðir	19.830.000	17.796.000
	132.200.000	129.600.000

4. LOTTÓ OG GETRAUNIR

	2022	2021
Lottótekjur - UMFÍ	327.484.015	344.571.962
Lottótekjur - Fræðslu- og verkefnasjóður	24.649.334	25.935.525
Íslenskar getraunir	6.000.000	6.000.000
	358.133.349	376.507.487

5. AÐRAR TEKJUR

	2022	2021
Framlög til verkefna og viðburða	57.417.211	32.135.563
Sölutekjur útgáfu	22.859.548	23.769.966
Leigutekjur	2.826.853	8.851.760
Þáttökugjöld móta og ungmennabúða	124.420.923	78.662.909
Þáttökugjöld móta	9.440.150	0
Ýmsar tekjur	12.810.773	3.788.000
	229.775.458	147.208.198

6. LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD

	2022	2021
Laun	125.240.586	98.989.543
Vinnumálastofnun	0	(11.797.052)
Áunnið orlof, breyting	5.069.359	3.484.974
Tryggingagjald	9.194.194	7.083.973
Lífeyrissjóðsframlag	15.767.235	12.223.200
Sjóðagjöld - mótframlag	2.345.597	2.052.185
Annar starfsmannakostnaður	8.696.749	5.347.820
	166.313.720	117.384.643
Stöðugildi að meðaltali	16,2	14,0

7. ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR

	2022	2021
Húsnæðiskostnaður	110.241.918	46.993.895
Rekstur áhalda og tækja	2.888.881	16.913.656
Fæðiskostnaður ungmennabúða	26.483.261	12.402.486
Ferðakostnaður og rekstur bifreiða	10.600.023	12.915.602
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	4.105.223	3.709.224
Þing- og samráðsfundir	2.833.335	8.619.779
Endurskoðun og bókhaldsþjónusta	15.931.738	9.208.872
Önnur aðkeypt þjónusta	2.241.768	6.458.215
Rekstur tölvukerfa	12.825.632	16.507.918
Fræðsluverkefni	11.505.283	3.498.234
Útgáfa og kynningarkostnaður	35.204.795	33.531.936
Mótahald annað en útgáfa og kynning	49.095.284	0
Niðurfærsla krafna - breyting á milli ára	(2.171.724)	1.623.424
	281.785.417	172.383.241

8. VEITTIR STYRKIR

	2022	2021
Veittir styrkir - Fræðslu- og verkefnasjóður	25.009.210	19.590.825
Veittir styrkir - Umhverfissjóður	675.000	730.000
Veittir styrkir - Lýðháskólar	1.940.000	1.210.000
Veittir styrkir - Aðalsjóður	1.350.000	600.000
Millideilda færslur	(1.200.000)	(600.000)
	27.774.210	21.530.825

9. FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

	2022	2021
Fjármunatekjur greinast þannig:		
Vaxtatekjur	11.755.393	1.013.660
Gengishagnaður	658.070	0
	12.413.463	1.013.660
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Greiddir vextir og verðbætur	899.870	2.867.289
Áfallnar verðbætur	0	395.682
	899.870	3.262.971

10. VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR OG AFSKRIFTIR

	Fasteignir og lóðir	Bifreiðar	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða í ársbyrjun	135.000.000	9.980.000	144.980.000
Selt og aflagt á árinu	(135.000.000)	(3.990.000)	(138.990.000)
Keypt á árinu	0	3.950.000	3.950.000
Staða í árslok	0	9.940.000	9.940.000
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun	32.400.000	3.658.500	36.058.500
Selt og aflagt á árinu	(32.625.000)	(2.460.500)	(35.085.500)
Afskrift ársins	225.000	1.395.500	1.620.500
Staða í árslok	0	2.593.500	2.593.500
Bókfært verð			
Bókfært verð í ársbyrjun	102.600.000	6.321.500	108.921.500
Bókfært verð í árslok	0	7.346.500	7.346.500
Afskriftarhlutföll	2%	20%	

Vátryggingaverðmæti lausafármuna nam í árslok 56 milljónum króna.

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Vátryggingamat
Fasteignir og lóðir - Þrastaskógi	3.485.000	3.021.000
Aðrar lausafjártryggingar		55.907.000
	3.485.000	58.928.000

11. EIGNARHLUTUR Í ÍSLENSKRI GETSPÁ

Félagið hefur eftirfarandi hagsmuni í sameiginlegu verkefni:

Félagið á 13,33% hlutdeild í Íslenskri getspá sf. sem er sameignarfélag en meðeigendur félagsins eru Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands sem á 46,67% hlut og Öryrkjabandalag Íslands sem á 40% hlut.

	Hlutdeild	Stofnfé
Íslensk getspá sf.	13,33%	440.864
	31.12.2022	31.12.2021
Staða í ársbyrjun	235.816.406	284.308.140
Hlutdeild í afkomu	361.722.061	322.015.753
Lottótekjur	(318.808.349)	(303.857.487)
Viðbótarúthlutun Íslenskrar getspár sf.	(33.325.000)	(66.650.000)
	Staða í árslok	235.816.406
Hækkun (lækkun) á milli ára	9.588.712	(48.491.734)

12. ÓINNHEIMTAR KRÖFUR

Viðskiptakröfur félagsins um áramótin eru útistandandi gjöld fyrir Ungmenna- og skólabúðir, lóðarleiga og veiðileyfi vegna Þrastarlundar auk tekna af útgáfu Skinfxa.

	31.12.2022	31.12.2021
Viðskiptakröfur	24.326.298	20.560.920
Niðurfærsla krafna	0	(2.171.724)
	24.326.298	18.389.196

Félagið telur ekki þörf á að færa niðurfærslu krafna um áramótin. Kröfur uppgerðar á árinu 2023.

	31.12.2022	31.12.2021
Niðurfærslureikningur krafna í upphafi árs	2.171.724	548.300
Framlag á niðurfærslureikning viðskiptakrafna	(2.171.724)	1.623.424
	0	2.171.724

13. AÐRAR SKAMMTÍMAKRÖFUR OG PENINGALEGAR EIGNIR

	31.12.2022	31.12.2021
Aðrar skammtímakröfur		
Endurgreiddur fjármagnstekjuskattur	2.553.368	0
Fyrirfram greidd laun	989.555	0
Aðrar kröfur - inneign á virðisaukaskatti	404.893	47.860
	3.947.816	47.860
Handbært fé		
Bankainnistæður - Aðalsjóður	270.292.746	63.772.966
Bankainnistæður - Fræðslu- og verkefnasjóður	84.684.126	65.893.968
Bankainnistæður - Umhverfissjóður	16.376.872	15.514.503
	371.353.744	145.181.437

14. YFIRLIT YFIR EIGIÐ FÉ

	Eignarhluti í Ísl. getspá	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé í upphafi árs 2021	284.308.140	134.681.089	418.989.230
Rekstrarniðurstaða ársins		42.370.751	42.370.751
Hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspár sf.	(48.491.734)		(48.491.734)
Eigið fé í lok árs 2021	235.816.406	177.051.840	412.868.247
Rekstrarniðurstaða ársins		136.979.347	136.979.347
Hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspár sf.	9.588.712		9.588.712
Eigið fé í lok árs 2022	245.405.118	314.031.187	559.436.306

15. LANGTÍMASKULDIR

	31.12.2022	31.12.2021
Skuldir í ISK - verðtryggðar	0	19.660.737
Næsta árs afborganir langtímaskulda	0	(2.650.886)
Langtímaskuldir í árslok	0	17.009.851

Langtímalán við Brú lífeyrissjóð var gert upp við sölu á Sigtúni 42.

16. AÐRAR PENINGALEGAR SKULDIR

	31.12.2022	31.12.2021
Viðskiptaskuldir		
Viðskiptaskuldir	26.529.272	11.458.063
	26.529.272	11.458.063
Aðrar skammtímaskuldir		
Ógreidd laun og launatengd gjöld	24.725.125	15.430.540
Ógreiddir áfallnir vextir	0	53.248
Ógreiddir styrkir	28.259.210	28.610.873
Fyrirfram innheimtar tekjur	3.573.523	8.876.249
Aðrar skuldir	494.766	598.828
	57.052.624	53.569.738

Ógreidd laun og launatengd gjöld hækka töluvert m. ára vegna hækkunar á orlofsskuldbindingu.

Fyrirfram innheimtar tekjur - frekari greining:

Udannelse lýðháskólastyrkir	3.086.968	1.704.527
Rannís / Erasmus styrkur - Ungt fólk og lýðræði	486.555	4.619.942
Aðrir ónotaðir styrkir	0	2.551.780
	3.573.523	8.876.249

17. SKULDBINDING VEGNA REKSTRARVERKEFNA

Stjórn UMFÍ samþykkti að gjaldfæra á árinu 2022 kostnaðaráætlun vegna rekstrartengdra verkefna:

Tölvukostnaður	3.000.000
Þrastalundur	3.000.000
Þjóðskjalasafn, markaðssetning móta, önnur verkefni	9.000.000
	15.000.000

18. UPPLÝSINGAR UM LEIGUSAMNINGA

Félagið leigir Íþróttamiðstöðina að Laugarvatni að Hverafold 6-8, 840 Laugarvatni. Húsaleigusamningurinn gildir í 10 ár frá 1.6.2019 með möguleika á endurnýjun í lok leigutímans. Leigufjárhæðin er verðtryggð mv. vísitölu neysluverðs og breytist árlega miðað við vísitölu í janúar ár hvert. Félagið leigir einnig Reyki í Hrutafirði. Húsaleigusamningurinn gildir í 10 ár frá 22.8.2022 með möguleika á endurnýjun í lok leigutímans. Leigufjárhæðin er verðtryggð mv. vísitölu neysluverðs og breytist tvisvar sinnum á ári 1. janúar og 1. júlí ár hvert. Þjónustumiðstöð Umfí er í leiguhúsnæði að Engjavegi 6, 104 Reykjavík sem leigt er af Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands. Samningurinn gildir í 10 ár frá 1.9.2022 og er verðtryggður með byggingarvísitölu til breytinga á 6 mánaða fresti.

	31.12.2022	31.12.2021
Áhrif ofangreindra leigugreiðslna í rekstrarreikningi er:		
Annar rekstrarkostnaður	33.256.609	20.234.616
		Leigugreiðslur
Áætlaðar ónúvirtar leigugreiðslur félagsins greinast þannig á næstu árum:		
Leigugreiðslur 2023		63.543.564
Leigugreiðslur 2024		63.543.564
Leigugreiðslur 2025		63.543.564
Leigugreiðslur 2026		63.543.564
Leigugreiðslur 2027		63.543.564
Leigugreiðslur síðar		220.116.327
		<u>537.834.147</u>

Um miðjan febrúar 2023 var starfsemi Ungmennabúða UMFÍ á Laugarvatni lokað vegna myglu og rakaskemmda. Í kjölfarið upplýsti Bláskógabyggð, sem eigandi húsnæðisins, að sveitarfélagið hygðist ekki fara í þær framkvæmdir á húsnæði búðanna sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að halda starfseminni gangandi. Þess í stað opnaði sveitarfélagið fyrir þann möguleika að UMFÍ myndi kaupa húsnæði ungmennabúðanna af sveitarfélaginu og halda starfseminni áfram. Það var mat stjórnenda og stjórnar UMFÍ að áætlaður kostnaður við kaup og nauðsynlegar framkvæmdir á húsnæði Ungmennabúðanna væri af þeirri stærðargráðu að ekki væri skynsamlegt fyrir UMFÍ að takast eitt á hendur slíkar skuldbindingar miðað við fyrirliggjandi upplýsingar og mögulegar rekstrarforsendur. Þar af leiðandi var tekin sú ákvörðun að ljúka starfsemi Ungmennabúðanna á Laugarvatni. Leigusamningi var sagt upp í kjölfar lokunar.

19. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Ungmennafélag Íslands er skráður eigandi að 45 hektara landspildu í Prastaskógi við Sog. Félagið fékk landið að gjöf á árinu 1911, með þeirri kvöð að ekki er heimilt að selja eða veðsetja umrædda landspildu. Í ljósi takmarkaðs ráðstöfunar- og nýtingaréttar er þessi eign ekki skráð í efnahagsreikning með öðrum eignum félagsins.

20. FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐUR

REKSTRARREIKNINGUR

	Skýr.	2022	2021
Tekjur			
Lottótekjur	4	24.649.334	25.935.525
Ósóttir bakfærðir styrkir		12.110.773	3.413.000
		<u>36.760.107</u>	<u>29.348.525</u>
Gjöld			
Veittir styrkir	8	25.009.210	19.590.825
		<u>25.009.210</u>	<u>19.590.825</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða		<u>11.750.897</u>	<u>9.757.700</u>
Fjármagnstekjur og (gjöld)			
Vaxtatekjur		2.307.660	272.005
		<u>2.307.660</u>	<u>272.005</u>
Rekstrarniðurstaða		<u>14.058.557</u>	<u>10.029.705</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

		31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Krafa á eigin sjóði		2.382.402	7.185.666
Handbært fé	13	84.684.126	65.893.968
		<u>87.066.528</u>	<u>73.079.634</u>

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

		31.12.2022	31.12.2021
Eigið fé			
Eigið fé 01.01		45.248.761	35.219.056
Afkoma ársins		14.058.557	10.029.705
		<u>59.307.318</u>	<u>45.248.761</u>
Skuldir			
Ógreiddir styrkir		27.759.210	27.830.873
		<u>27.759.210</u>	<u>27.830.873</u>
		<u>87.066.528</u>	<u>73.079.634</u>

21. UMHVERFISSJÓÐUR

REKSTRARREIKNINGUR

	Skýr.	2022	2021
Tekjur			
Önnur framlög		1.200.000	600.000
Ósóttir bakfærðir styrkir		700.000	375.000
		<u>1.900.000</u>	<u>975.000</u>
Gjöld			
Veittir styrkir	8	675.000	730.000
		<u>675.000</u>	<u>730.000</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða		<u>1.225.000</u>	<u>245.000</u>
Fjármagnstekjur og (gjöld)			
Vaxtatekjur		533.773	81.577
		<u>533.773</u>	<u>81.577</u>
Rekstrarniðurstaða		<u>1.758.773</u>	<u>326.577</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

		31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Krafa á eigin sjóði		116.404	0
Handbært fé	13	16.376.872	15.514.503
		<u>16.493.276</u>	<u>15.514.503</u>

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

		31.12.2022	31.12.2021
Eigið fé			
Eigið fé 01.01		14.234.503	13.907.926
Afkoma ársins		1.758.773	326.577
		<u>15.993.276</u>	<u>14.234.503</u>
Skuldir			
Ógreiddir styrkir		500.000	1.280.000
		<u>500.000</u>	<u>1.280.000</u>
		<u>16.493.276</u>	<u>15.514.503</u>

LÖGUMFÍ

I. KAFLI: NAFN, FÁNI OG KJÖRORÐ

1. grein

Landssamband ungmennafélaga á Íslandi heitir Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Fáni UMFÍ er Hvítbláinn. Kjörorð UMFÍ er: Íslandi allt. Hvítbláinn skal vera í merki UMFÍ, að öðru leyti ákveður sambandsþing UMFÍ gerð þess. Merki UMFÍ er eign UMFÍ og verndað vörumerki.

II. KAFLI: HLUTVERK UMFÍ

3. grein

Hlutverk UMFÍ er ræktun lýðs og lands. Hlutverki sínu hyggst UMFÍ ná með því að: Vinna eftir samþykktri stefnu UMFÍ eins og hún er hverju sinni, með áherslu á arfleifð UMFÍ sem grundvallast í eftirfarandi setningum:

- Gefa sem flestum kost á að taka þátt í heilbrigðu félagsstarfi.
- Standa fyrir iðkun íþróttta og stuðla að heilbrigðum lífsháttum og hollri hreyfingu.
- Starfa í anda friðar og jafnréttis.
- Vinna að aukinni fræðslu og forvörnum gegn neyslu á skaðlegum efnum.
- Vinna að landgræðslu, skógrækt og umhverfisvernd.
- Stuðla að jafnvægi í byggð landsins og auka fræðslu almennings til að auðvelda hverjum og einum að taka afstöðu til þjóðnytjamála og vinna að framgangi þeirra.
- Glæða með þjóðinni tryggð og rækt við heimili sín, áttthaga og ættjörð.

III. KAFLI: RÉTTINDI OG SKYLDUR

4. grein

UMFÍ skiptist í íþróttahéruð. Einnig geta ungmenna- og íþróttafélög innan íþróttahéraða sem ekki eru aðilar að UMFÍ gerst aðilar.

5. grein

Inntökubeiðni í UMFÍ skal fylgja eintak af lögum umsækjanda sem skulu vera í fullu samræmi við sambandslög þessi. Sambandsþing úrskurðar um inntöku. Sambandsþing hefur rétt til að víkja félögum og samböndum úr UMFÍ.

6. grein

Vilji sambandsaðili ganga úr UMFÍ telst úrsögn því aðeins lögmæt, að samþykkt hafi verið á löglegu héraðsþingi eða aðalfundi. Skal segja til þess á sambandsþingi UMFÍ. Aðili sem gengið hefur úr UMFÍ getur ekki krafist endurgreiðslu á fé sem hann hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum UMFÍ.

7. grein

Hvert aðildarfélag innan UMFÍ greiðir árgjald í sambandssjóð af hverjum skattskyldum félagi eftir ákvörðun Sambandsþings og skilar því fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Sambandsfélögin semja skýrslu um störf sín og hag við hver áramót og senda rafrænt í þar til gert félagaskýrslukerfi UMFÍ fyrir 15. apríl ár hvert.

8. grein

Sérhver félagi aðildarfélags innan UMFÍ hefur málfrelsi og tillögurétt hvar sem er á fundum innan hreyfingarinnar.

IV. KAFLI: STJÓRNUN UMFÍ

9. grein

Sambandsþing UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ. Stjórn skal boða skriflega til Sambandsþings með a.m.k. 6 vikna fyrirvara og skal það haldið fyrir 15. nóvember annað hvert ár.

Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá, ársreikningi og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir Sambandsþing skal senda sambandsaðilum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara. Sambandsaðilar skulu skila inn kjörbréfum fyrir upphaf þings.

Sambandsaðilar kjósa fulltrúa til Sambandsþings miðað við fjölda skattskyldra féлага skv. félagatali í skráningarkerfi UMFÍ sem skal skila í síðasta lagi 15. apríl það ár sem þing er haldið sem hér segir:

- 1 fulltrúa fyrir 1 - 200 skattskylda féлага.
- 2 fulltrúa fyrir 201 - 1999 skattskylda féлага.
- 3 fulltrúar fyrir 2000 - 2999 skattskylda féлага.
- 4 fulltrúar fyrir 3000 - 3999 skattskylda féлага.
- 5 fulltrúar fyrir 4000 - 4999 skattskylda féлага.
- 6 fulltrúar fyrir 5000 - 5999 skattskylda féлага.
- 7 fulltrúar fyrir 6000 - 6999 skattskylda féлага.
- 8 fulltrúar fyrir 7000 - 7999 skattskylda féлага.
- 9 fulltrúar fyrir 8000 - 8999 skattskylda féлага.
- 10 fulltrúar fyrir 9000 og fleiri skattskylda féлага.

Þingfulltrúar félaga með beina aðild geta að hámarki verið 7 en 10 fulltrúar frá öðrum sambandsaðilum. Til viðbótar því sem að framan greinir skulu formenn íþróttahéraða eða staðgenglar vera sjálfkjörnir.

Sambandsþing er lögmaett ef löglega er til þess boðað og maettur er fullur helmingur réttkjörinna fulltrúa.

Verkefni Sambandsþings skulu m.a. vera:

- Ræða skýrslur liðins kjörtímabils.
- Afgreiða reikninga næstliðins reikningsárs, (almanaksárið), sem skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda.
- Marka stefnu UMFÍ á komandi árum.
- Kjósa formann UMFÍ, 6 einstaklinga í stjórn og 4 í varastjórn.
- Kjósa 5 einstaklinga og 2 til vara í kjörnefnd,
- Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs.
- Velja endurskoðunarfélag fyrir UMFÍ.

Aukaping er hægt að boða ef 2/3 sambandsaðila óska þess og skal það þá boðað eftir lögum um boðun Sambandsþings.

10. grein

Sambandsráð UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ á milli Sambandsþinga. Sambandsráð er skipað formönnum sambandsaðila UMFÍ eða varamönnum þeirra, ásamt stjórn UMFÍ eða varamönnum hennar.

Stjórn skal boða skriflega til sambandsráðsfundar með a.m.k. 4 vikna fyrirvara og skal hann haldinn fyrir 15. nóvember það ár sem sambandsþing UMFÍ er ekki haldið.

Verkefni sambandsráðsfundar skulu vera:

- Ræða skýrslur næstliðins árs.
- Afgreiða reikninga liðins árs, sem skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda.

Greiði einhver fulltrúi á sambandsráðsfundi atkvæði gegn því að reikningar séu samþykktir, þá skulu þeir lagðir fyrir næsta Sambandsþing til afgreiðslu.

- Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs.
- Ræða viðfangsefni UMFÍ milli þinga.

Aukasambandsráðsfund er hægt að boða ef 2/3 sambandsaðila óska þess. Einnig getur stjórn kallað til auka sambandsráðsfundar og skal fundurinn boðaður eftir lögum um boðun sambandsráðsfundar og skal fundarefni getið í fundarboði.

11. grein

Stjórn UMFÍ skal skipuð sjö einstaklingum: Formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og þremur meðstjórnendum. Kosning stjórnar skal vera skrifleg. Formaður skal kosinn sérstaklega, en aðrir í stjórn í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til stjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa sex einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til stjórnarkjörs.

Varastjórn skipa fjórir einstaklingar og skal hún kosin í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til varastjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa fjóra einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til varastjórnarkjörs. Atkvæðafjöldi ræður röð varamanna og skal á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar dregið um röð þeirra séu atkvæði jöfn.

Sambandsþing UMFÍ skal kjósa fimm einstaklinga í kjörnefnd og tvo til vara, sem starfar til loka næsta Sambandsþings.

Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10 dögum fyrir þing. Einstaklingur sem býður sig fram til formanns getur jafnframt boðið sig fram til stjórnar og/eða varastjórnar á þinginu kjósi hann svo. Sama á við um einstakling sem býður sig fram til stjórnar og getur hann þá á þinginu boðið sig fram til varastjórnar.

Við stjórnarkjör skal leitast við að í kjöri séu fulltrúar frá hverju kjördæmi. Ef þessu markmiði hefur ekki verið náð, eftir að framboðsfrestur rennur út, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn um allt að 5 daga og skal sú ákvörðun tilkynnt sambandsaðilum. Heimilt er að bera fram tillögu um fleiri en einn úr hverju kjördæmi.

Kjörgengir til stjórnar og varastjórnar eru allir skattskyldir ungmennafélagar.

Stjórn kys úr sínum hópi til eins árs í senn þrjá einstaklinga og einn til vara er skipa framkvæmdastjórn. Hlutverk framkvæmdastjórnar eru að fylgja eftir samþykktum stjórnar og afgreiða mál á milli stjórnarfunda.

Stjórn UMFÍ skal á hverju kjörtímabili halda a.m.k. einn stjórnarfund í hverjum landsfjórðungi.

Verkefni stjórnar skulu vera:

- Stýra málefnum UMFÍ milli þinga.
- Úrskurða ágreiningsmál þau sem skotið er til hennar.
- Varðveita sjóði UMFÍ og leggja fram endurskoðaða reikninga til þings og sambandsráðsfundar.
- Birta árlega skýrslu um gerðir, hag og horfur UMFÍ.

12. grein

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á sambandsþingi, sambandsráðsfundi og stjórnarfundum, nema um lagabreytingu sé að ræða eða breytingu á reglugerð um skiptingu lottótekna.

V. KAFLI: LANDSMÓT OG UNGLINGALANDSMÓT

13. grein

Stjórn UMFÍ skal ákveða hvenær Landsmót, Unglingalandsmót, Landsmót 50+ eða önnur landsmót skulu haldin og samþykkja reglugerðir fyrir mótin.

Stjórn UMFÍ skal með hæfilegum fyrirvara auglýsa innan hreyfingarinnar eftir sambandsaðilum sem áhuga hafa á að taka að sér að halda Landsmót UMFÍ, Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ. Stjórn UMFÍ skal ákveða hvaða aðili úr hópi umsækjanda skal halda mótið. Stjórn UMFÍ skal eiga rétt á að tilnefna fulltrúa sinn í undirbúningsnefndir mótanna.

Meðal annars skal gæta eftirtalinna atriða við allan undirbúning og framkvæmd mótanna:

- Þau endurspegli eftir föngum umfang og fjölbreytileika í starfsemi ungmennafélagshreyfingarinnar.
- Aðstaða til keppnisþrótta sé eins góð og kostur er.

- Almenningsi sé gefinn kostur á þátttöku.
- Þau séu vímulaus.
- Þau séu ætluð fjölskyldufólki og fólki á öllum aldri.
- Að vegalengdir milli keppnisstaða séu innan hæfilegra marka.

VI. KAFLI: HEIÐURS- VIÐURKENNINGAR

14. grein

Sambandsþing getur kjörið heiðursfélaga UMFÍ þá einstaklinga er unnið hafa ungmennafélagshreyfingunni óvenju mikið gagn eða þingið vill veita sérstaka sæmd fyrir ágæt störf í anda UMFÍ. Heiðursfélagar hafa öll réttindi ungmennafélaga en eru sjálfráðir um skyldur. Heiðursviðurkenningar má og veita samkvæmt sérstakri reglugerð.

VII. KAFLI: SLIT UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

15. grein

Til þess að slíta Ungmennafélagi Íslands eða sameina það öðrum samtökum þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á lögmætu sambandsþingi. Slík tillaga þarf einnig að hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á sérstöku aukþingi sem stjórn UMFÍ skal boða til innan 6 mánaða.

Á aukþinginu skulu sambandsaðilar eiga rétt á sama fjölda þingfulltrúa eins og á sambandsþinginu en að öðru leyti skulu ákvæði laga þessa um sambandsþing gilda um aukþingið. Ef samþykkt verður skv. 1. mgr. að slíta UMFÍ skal aukþingið ákveða hvert fjárhagslegar og ófjárhagslegar eignir og réttindi UMFÍ skulu renna.

VIII. KAFLI: LAGABREYTINGAR OG GILDISTAKA

16. grein

Lögum þessum og reglugerð um skiptingu lottótekna má aðeins breyta á lögmætu sambandsþingi og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða. Hjáseta telst ekki greitt atkvæði. Tillögur til lagabreytinga/reglugerðabreytinga skal senda stjórn UMFÍ minnst 4 vikum fyrir sambandsþing og skal stjórn UMFÍ senda tillögurnar sambandsaðilum til kynningar minnst 2 vikum fyrir þing. Til að taka til afgreiðslu tillögur sem ekki hafa hlotið kynningu skv. 2. mgr. þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða, nema um sé að ræða tillögu til breytinga á áður kynntri tillögu til breytinga á lögum eða reglugerð.

17. grein

Sambandslög þessi öðlast þegar gildi. Eru þar með eldri lög úr gildi numin.

Samþykkt á 52. Sambandsþingi UMFÍ 2021 á Húsavík.



Ársskýrsla Ungmennafélags Íslands 2023

Ungmennafélag Íslands
Engjavegur 6, 104 Reykjavík
568 2929 / umfi@umfi.is

Ritstjórar: Jón Aðalsteinn Bergsveinsson og Ragnheiður Sigurðardóttir

Aðstoð við ritstjórn: Magnús Teitsson, Skriftir ehf.

Ljósmyndir: Davíð Már Sigurðsson, Valgarður Gíslason, Davíð Þór Friðjónsson, Sumarliði Ásgeirsson, Bríet Guðmundsdóttir, Hafsteinn Snær Þorsteinsson, Hulda Margrét Óladóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Tjörvi Týr Gíslason og fleiri.

Hönnun og umbrot: Jónas Þorbergsson

Prentun: Pixel, umhverfisvæn prentsmiðja

Október 2023

umfi.is

UNGG
MEN
NAGE
LAAGS
AND
NN

UMFÍ